

B

Nr. VI Lagt fram í Sakadómi

Reykjavíkur 28/4 1977

G.Br.

**XV**

**GEIRFINNSMÁL**

**MAPPÁ : 2**

**FRUMRIT : Bls. 503 - 1000**

**II**

**B**

**Nr. VI Lagt fram í Sakadómi  
Reykjavíkur 28/4 1977**

**G.Br.**

## **GEIRFINNSMÁL**

**MAPPA : 2**

**FRUMRIT : Bls. 503 - 1000**

**II**

kom þarna eitt sinn og þá undir einhverjum áhrifum. Hann var þá með einhvern æsing og ég hótaði honum lögreglunni. Frændi Kristján Sigurður Óttar Hreinsson var þarna hjá mér í smá tíma við þrif á bílum.

Mér hefur hér verið greint frá því, að Sævar hafi sagt, að hann hafi fengið hjá mér bíla án samnings og getur það vel passað, en þó alls ekki á árinu 1974, svo ég muni, en gæti hafa verið eftir mitt ár 1975. Þetta hefur þó verið í sambandi við Erlu, enda hafði Sævar ekki ökuréttindi.

Eins hefur mér verið birtur framburður Erlu um það, að ég hafi lánað henni bifreið, gegn því, að hún tæki til í íbúð minni og getur þetta vel verið rétt, en ég þori ekki að fullyrða um neinn tíma í því sambandi.

Pá man ég ekki eftir því, að þau Erla og Sævar ækju á eftir mér er ég á að hafa farið með leigubifreið að Hótel Loftleiðum, en slíkt kom eðlilega oft fyrir og þá var venjan sú, að fá einhvern til að sækja sig.


Mér er ómögulegt, að fullyrða með neinni vissu, á hvaða bíl Erla kynni, að hafa verið í nóvember 1974, en lítið mun hafa verið að gera á bílaleigu á þessum tíma.

I september þetta haust var 25 bílum lagt og þeir þá teknir af skrá og einnig voru nokkrir bílar seldir.


Mig minnir, að 18 bílar hafi verið í gangi þetta haust og pennan vetur.

Það, sem ég hér hefi sagt, er sannleikur og eftir bestu vitund minni. "Yfirlauk kl. 15, 15.


Vottur:

  
Sigurbj. Víðir Eggertsson  
lögreglum.

Upplesið staðfest,

  
Guðmundur Magnússon.

Ivar Hannesson  
lögreglum.



12. 11. 1974.

I dag talaði ég undirritaður við Hólmfríði Sigurðardóttur húsmóður til heimilis að Fögrukinn 25 í Hafnarfirði, f. 31. 8. 1942, sími 52113, nnr. 4282-9528.

Samtalið fór fram á heimili Hólmfríðar.

Tilefnið var það, að Guðjón Skarphéðinsson keypti Citroen-fólksbifreið vorið 1975. Nánar til tekið fóru keupin fram 26. 3. 1975 samkvæmt dagsetningu á kaupsamningi, og umskráning þann 4. 4. 1975 samkvæmt upplýsingum Bifreiðaeftirlits Ríkisins.

Skrásetningarnúmer bifreiðarinnar var G-3077.

Hólmfríður tjáði mér, að hún hefði verið skráður eigandi þessarar bifreiðar, þótt þau hjónin ættu hana í sameiningu. Ekki sagðist Hólmfríður nokkuð hafa þekkt Guðjón áður en viðskiptin fóru fram. Raunar hefði hún heldur ekki kynnst honum síðar og taldi sig ekki myndi þekkja hann í sjón nú. Ekki sagði Hólmfríður, að maður hennar hefði heldur ~~þe~~ þekkt Guðjón fyrir viðskiptin.

Bifreiðin ~~h~~fði verið til sölu á bifreiðasölu, sem verið hefði á hrni Strandgötu og Fjarðargötu í Hafnarfirði, en nú mun sú bifreiðasala vera hætt.

Hólmfríður taldi það alveg öruggt, að Guðjón hefði aðeins einu sinni ekið í bifreiðinni áður en viðskiptin fóru fram. Það hafði verið skömmu áður, en maður Hólmfríðar, Magnús Ríkarðsson, hefði þá farið með. Þetta kom heim við það, sem Magnús hafði áður skýrt mér frá.

Það skal tekið fram, að Hólmfríður sýndi engin þau viðbrögð, er ég ræddi við, sem bent gætu til þess, að hún skýrði ekki rétt og satt frá öllu.

  
E. N. Bjarnason  
lögreglum.

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

12. 11. 1976.


I dag hringdi til míni undirritaðs Jón Oddsson hrl., réttargæslumaður Sævars Ciesielski. Jón rekur málaflutningsskrifstofu að Garðastræti 2 hér í borg, símar 13040 og 13153.

Jón tjáði mér, að hann hefði fengið þær upplýsingar frá móður Sævars, að kvöldið, sem Geirfinnur hvarf, hefði ókunnur maður komið í hús í Keflavík og beðið um afnot af síma. Maðurinn hafði og fengið lánaða símaskrá og leitað í henni.

Móðir Sævars mun hafa þessar upplýsingar frá Finni Árnasyni, en Finnur aftur frá Lilju Sigurðardóttur, Suðurgötu 1 í Keflavík, sími 92-2161.

Jón sagði, að nefndur Finnur væri ömmubróðir Sævars og móðurbróðir Lilju.

Það fylgdi sögunni hjá Jóni, að maður þessi hefði verið að hringja til Geirfinns.



E. N. Bjarnason  
löggreglum.

Samkvæmt upplýsingum frá Sævari M. Cielski vann Guðjón Skarphéðinsson á árunum 1974 til '75 hjá Menningarsjóði. Þar sagði Sævar að hann hefði orðið uppvís af misferli og verið látin hætta.

Föstudaginn 12. nóv. 1974 talaði undirritaður við framkvæmdarstjóra Menningarsjóðs. Jón Sigurðsson og óskaði eftir upplýsingum hjá honum um þetta mál.

Jón sagði m.a. eftirfarandi. "Ég tók við framkv.stjórastöðuinni vorið 1975. Þá vann Guðjón hér sem bókari og hefði gert það síðan um mánaðarm. sept-okt. 1974!"

Ég hafði þá þekkt Guðjón í mörg ár. Strax og ég kom hingað sá ég að hann stundaði mjög illa vinnu sína. Hann mætti þegar honum sýndist og kom ekki heilu dagana án þess að gera nokkra grein fyrir hvað hann var að gera. Suma dagana mætti hann rétt á kaffitínum en sást ekki í annan tíma. Að vísu var hluti af starfi hans að fara í békabúðir vegna sölu á bókum en fjarvistir hans voru langt þar framm yfir.

Hann var mjög mikið með Sævari ðielski þetta sumar. Sævar kom oft og talaði lengi við hann.

Alt sem hann gerði hér varðandi bákhald hjá stofnunni var illa gert og greinilegt að hann kunni ekki neitt til verka.

Sævar var oft frekur við Guðjón, en það virtist ekki hafa nein áhrif á hann. Hann ~~beixti~~ mér stundum á Sævar ef hann var staddur hjá okkur og sagði að ~~'~~Ég ætla að vara þig við þessum manni hann er bjófur, falsari, smyglari, eiturlýfjasali og manndrápari. Sævar svaraði þessu engu og ég tók þetta sem grín.

Astund hans sumarið 1975 fannst mér oft líkast því að hann væri geð-veikur. Hann talaði stundum um að flytja inn mikið magn af eiturlýfjum til að ~~gríða~~ á því, svo í annan tíma talaði hann um að fara af landi burt í fjölda ára, hér væri engin framtíð fyrir sig. Enga frekari skýringu gaf hann á þessu.

Dagana áður en hann fór til Noregs sumarið 1974 var hann ásamt Sævari að vinna eitthvað við bíl sinn (Citroen) Þá var með þeir "hippi" sem ég tel að hafi verið enskur. Þetta var frekar ungur maður með mjög mikið yfirskegg.

Eg sá meðal annars að þeir tóku bæði hliðarbretti af bílnum, en ekki visski ég frakar hvað þeir voru að gera.

Ekki varð ég var við neitt peningalegt misferli hjá Guðjóni meðan hann vann hér, enda var starf hans þannig að hann hafði ekki mikla möguleika á því.


Ég sagði honum endanlega upp starfi 20. ágúst. Þá var hann alveg hættur að mæta til vinnu!

Undiritaður talaði einnig við Ebeneser Guðjónsson sem er starfsmaður Henningarsjóðs og starfaði með Guðjóni Skarphéðinssyni.

Ebeneser sagði eftirfarandi: "Guðjón mætti mjög illa ~~at~~ til vinnu og izztundum vantaði hann heilu dagana. Meira get ég ekki um hann sagt!"

Leitað var sérstaklega eftir hvort ~~Guðjón~~ Guðjón hefði mætt illa einhvern sérstakan tíma en umræddir starfsmenn gátu ekki munað það.

Jónas Bjarnason



Laugardaginn 13. 11. 1976 kl. 11:55 var Guðjón Skarphéðinsson, gæslufangi, til heimilis að Rauðarárstíg 32, Rvík., fæddur 19. 6. 1943, færður til yfirheyrslu í Fangelsinu í Síðumúla.

Yfirheyrluna annaðist K. Schütz að viðstöddum P. Eggerz og undirrituðum.

Guðjón minnist þess ekki að Sævar hafi verið viðstaddir er hann tók aurbretti af bifreið sinni í Reykjavík sumarið 1975.

Kveðst lítið hafa umgengist Sævar árið 1974 utan mai og júní það ár, er hann umgekkst hann nokkuð.

Frá okt. 1974 til mars 1975 kom Sævar ekki á vinnustað Guðjóns og á þessum tíma kveðst hann aðeins einu sinni hafa hitt Sævar það er í nóv. 1974.

Heyrði Sævar aldrei tala um Geirfinnsmál eða Guðmundarmál utan einu sinni hefði hann í hópi manna sagt að hann vissi allt um Geirfinnsmálið. Ef hann hefði vitað að hann væri viðriðinn þau mál hefði hann ekki umgengist hann.

Segir að hann hafi ekki komið á Vatnsstíg ásamt Erlu og Sævari er hann ók með þeim í nóv. 1974. Hugsanlegt sé að einhver hafi séð þau í þeirri ferð.

Segist hafa farið til Grindavíkur á sunnudegi í nóv. 1974 ásamt Ingu Birnu Jónsdóttur á bókamarkað sem þar var haldinn.

Segist telja líklegast að Sævar tengist Geirfinnsmálínus í sambandi við eiturlyfjasmygl milli Keflavíkur og Keflavíkurflugvallar.

Þekkir ekki þrekvaðna manninn eftir lýsingu, sem honum er gefinn. Yfirheyrslu lauk kl. 12:50.

*Grétar Sæmundsson*  
Grétar Sæmundsson  
lögreglum.

760

761

762

76

ga

022+

intlx<sup>b</sup>

2224 isdom is

ga

270653+

ga

022+

intlx<sup>b</sup>

2224 isdom is

ga

270653+

inpol 270653f

319 2024 <sup>b</sup>

2224 isdom is

764

interpol paris sg

reykjavik, 14. november 1976.

the criminal police in reykjavik need a hasty reply to this following message:

on november 12th 1976 an icelandic person by the name of

gudjon skarphedinsson, born 19.6.1943 in iceland,

was arrested on a murder charge.

he is in custody for 20 days.

an accomplice in the same murder case, bearing the name

saevar marino ciesielski, born 6.7.1955,

has been in custody for a long period.

both are international traffickers in narcotics.

can you please submit all relevant information you possess  
on those two persons?

when skarphedinsson was arrested he had in his possession a  
notebook with a list of names. can you also tell us if you  
have information on these persons, and if there may possibly  
be a link somewhere?

we look forward to receive an answer as soon as possible.

the list from the notebook is as follows:

p.gudjonsson  
liberia transnteian  
san juan 1133  
ciudad de mendoza  
mendieee mendoza  
argentina.

helen walther  
3635 second avenue 255  
san diego, california 92103.

mr. ragnar boasson  
1195 west boulevard  
los angeles 19, california.

north stairlight export corp.  
149-29-128th street  
south oxone park  
n.y. 11420 usa.

silojstar fonzalo garicia huidobro  
54 fellows rodeer road  
london nw 3.

patricia ascui  
3 a collinette road  
flat 6, london sw 15.

sigurdur jakobsson  
calle buenavista 31  
la floresta (pearson)  
barcelona, spain.

jill friedrick  
yellowstone art center  
401, north 27th  
billings, montana 59101  
usa.

john okaine  
pegairatles de lescalette  
lodeye monpeeeneemontpellier  
34 france.

kim rhedin  
haga oestergata 12  
41301 goteborg  
tel. 031-113936  
suede.

5 ancher road  
sheffield  
58 ojr  
yorkshire  
england.

e.b.stenseth  
p.o.box 497 clear  
alaska  
(zipcode 99704)

geirlaugur magnusson  
toco degur  
route de berre  
aix en provence.

monsieur ambard claude  
49 allée des geranimus  
83 570 carces  
tel:(16) (94) 695113.

peter bendrey  
c/o mrs. e. bendrey  
10 donnington place  
church farm  
rustington  
sussex  
england.

mr. ambard joseph  
20 rocmnu  
rognette  
fox amphoux.

Louise motolanez  
c/o peter b.  
150 spring s.t.  
nyc, n.y.

hermann degner  
exploitant ole la vigle ohn  
gros bessillon  
f 83350 cotignac  
france.

luis almenar marco  
sta. barbara 106  
algenesi(valencia)  
spain.

mr. geotte armand  
' la campanette'  
83126 fox-amphoux  
france.

rafn gudmundsson  
rinkebyvangen 87/304  
16374 spanga  
suede.

heller monai  
place emile zola 8

33670 parjots

france.

toni schwager

foxamphoux 33126

frnce.

thank you . end.

interpol, reykjavik, iceland.

2224 isdom ism

inpol 270653f

þóruðar

göllorma. 1974

úr greiða þér

íg neitasi

simanúmer hana

skrifsað hjá

jón seðgi mið

nýðust seðgi

Mur en 18g

í fólkfnesdóm

þau jón hrings

var þá komi

við myglis

Forið 1974 var

sótti ég hana

sjóði, ég kom

úr konu hana

og ég kom frá

ólfjón á Vinum

hans um sumar

voit ekki hvæ

stundum ab hjá

var sinu síðai

bílinum annað

lyrit fílmisi

Mánudaginn 15. nóv. 1976 kl. 11,00 var tekin til yfirheyrsku í fangelsinu við Síðumúla, gæzlufanginn Sevar Marinó Cielski f: 6. júlí 1955.

Mætti er sérstaklega spurður um samskipti sín við Guðjón Skarphéðinss. og hvað þeim hafi farið á milli 12. des. 1975, en þann dag var Mætti handtekinn á heimili sínu í Kópavogi.

Mætta er kunnug 1. málsg. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Hann skýrir svo frá áminntur um sannsögli: "Er lögreglan kom heim til míni umræddan dag var ég eftir því sem ég best man að borða. Ég hafði þá fyrr um daginn talað við Guðjón Skarphéðinsson og spurt hann um Citroen bifreið hans. Hann sagði mér að hún hefði komið til landsins þá um daginn. Í henni var hass sem við áttum og Ásgeir Ebeneserson átti að fá eitt ~~L~~ <sup>kg.</sup> ~~1/2~~ af því og greiða fyrir með 8000/- dollorum. Við ræddum þá um þá hlið málsins og Ásgeir var tilbúin að greiða þetta um leið og varan væri afhent.

Ég neitaði að opna fyrir lögreglunni og hræingdi strax í Guðjón, símanúmer hans var að mig minnir 30234, en ég var einnig með það skrifað hjá mér, og sagði honum að það ætti að handtaka mig. Guðjón sagði mér að þegja um það sem ég vissi og ég er alveg viss um að síðust sagði hann "Gefðu ekki neitt upp sem þú veist um Geirfinnsmálið".

Aður en lögreglan komst inn reyndi ég að hringja í Ásgeir Friðjónsson fíkniefnadómara og síðan í Pál S. Pálsson lögfræðing, en án árangurs.

Guðjón hringdi í mig rétt í þessu. Ég er ekki viss um hvort lögreglan var þá komin inn í íbúðina. Þá sagði hann "Ég ætla að halda mig utan við smyglið þú verður að redda þessu".

Þorið 1974 var Guðjón að vinna í skála við Sundahöfn. Pangad heimsótti ég hann ekki en um sumarið fór hann að vinna hjá Menningarsjóði. Ég kom ekki oft þangað í fyrstu en kom mjög oft heim til hans og konu hans Guðrúnar, bæði á Rauðalækinn og eins á Ásvallagötuna.

Ég kom frá Danmörku síðala vetrar 1975 fór ég að heimaskja Guðjón á Vinnustað sem var Menningarsjóður og kom oft þangað til hans um sumarið. Þá var mikið með Guðjóni breskur strákur sem ég veit ekki hvað heitir, en hann kom óxft heim til hans. Hann var stundum að hjálpa honum að gera við Citroen bílinn. Ég man að ég var einu sinni hjá þeim fyrir utan Menningarsjóð er þeir tóku af bílnum annað afturbrettið. Ekki var neitt verið að leita að felustað fyrir fíkmefni. Þessi breski strákur var eitthvað í fíkniefnum

Er Guðjón var erlendis haustið 1975 hringdi hann til míni tvísvart eða þrisvar. Þá var hann að biðja mig að koma út og ferðst með sér, en Erla var þá nýbúin að eiga barn og vildi ekki að ég færi.

Þegar ég talaði við Guðjón 12. des. 1975 var hann heima hjá sér á Ásvallagötunni. Ekki veit ég hvort Erla fylgdist með samtalinnu eða vissi hvað okkur fór á milli.

Ég vil láta þess getið að Guðjón skrifaði mér frá Frakklandi haustið 1975. Það var ekki neitt í ~~því~~<sup>þrefinu</sup> sérstakt. Hann var að spyrja mig hvort ég ætlaði ekki að fara að koma út. Þá hringdi ég til hans. Hann var þá hjá einhverjum íslendingi í suður Frakklandi. Þá sagði ég honum að ég væri peningalítill og gæti ekki komið ~~út~~ út. Ég borgaði þetta símtal.

Ekki veit ég hvað varð um bréfið frá Guðjóni. Það getur hafa verið innan um önnur blöð þar sem ég átti heima í Þverbrekku 4 í Kópavogi. Þó getur verið að ég hafi hent því"

Seint um haustið fór ég að hitta Guðjón í Luxemburg. Við fórum síðan saman til Amsterdam þar sem við ástam Ásgeiri Ebenesersyni komum hassinu fyrir í Citron bifreiðinni. Það mun hafa verið snemma í desember að við Guðjón urðum samþerða í flugvél til Íslands. Þá komum við frá Kaupmannahöfn"

Yfirheyrslu lauk kl. 12,lo.

Vottur.

Gunnar Marinósson.

Gunnar Marinósson

Jónas Bjarnason  
Jónas. Jónas.  
Ranns. lögreglugum.

Upplesið staðfest.

Sævar M. Cielski

Sævar M. Cielski

15. nóv. 1976.

Kl. 13:30 er mætt í skrifstofu rannsóknarlággreglunnar sem vitni í máli þessu Guðrún Unnur Egisdóttir húsmóðir til heimilis að Freyjugötu 10 hér í borg sími 14230, fædd 11. 3. 1944 í Rvk., nnr. 3321-8052.

Eftir að mættu hefur verið gerð ljós vitnaskyldan skýrir hún frá eftirfarandi: Æg og Guðjón Skarphéðinsson höfðum verið gift í um 9 ár, eða þar til lögskilnaður fór fram í ágúst-mánuði s. l. Þótt við séum skilin að lögum og búum ekki saman, þá höfum við samt sem áður umgengist mikið hovrt annað..

A árunum 1968-1972 kenndum við hjónin bæði við Reykjanesskóla við Ísafjarðardjúp. Þar var þá um tíma nemandi Sævar Ciesielski. Ekki man ég fyrir víst hvaða vetur hann var parna, þó held ég það hafi verið næstsíðasta eða síðasta veturinn, sem við Guðjón kenndum við skólann. Ekki var Sævar í skólanum allan veturinn, mig minnir, að hann hafi farið þaðan nálægt áramótum. Hver tildróg voru að því, að hann fór úr skólanum, bað veit ég ekki. Æg kynntist Sævari aldrei við skólan öðru vísni en hverjum öðrum nemanda og ég kenni honum aldrei, aftur á móti kenndi Guðjón honum,

Við Guðjón fluttum hingað til borgarinnar frá Reykjanesi á árinu 1972 og festum kaup á íbúð að Rauðalæk 67. Ekki fluttum við í hana, heldur leiguðum hana út í eitt ár, að frá-toldu einu forstofuherbergi, sem við geymdum dót í. Veturinn 1972-1973 var Guðjón svo við ám í Háskóla Íslands, en ég gerðist kennari við skólann að Klébergi á Kjalarnesi og vann þannig fyrir okkur. Guðjón var þá mikið um daga, þegar hann var ekki í skólanum, heima þjá föður mínum að Hraunbæ 136. Einnig kom fyrir að hann gysti þar, annars kom hann stundum uppeftir til míni að Klébergi, eða svaf í forstofuherberginu í íbúð okkar við Rauðalæk.

Veturinn 1973-1974 bjuggum við svo í íbúðinni við Rauðalæk og var Guðjón þá öðru hvoru í Háskólanum, en ég hafði mjög stopula vinnu. Eitthvað minnir mig, að Guðjón hafi unnið þennan vetur og hafi það verið eitthvað af næturþöktum í vörugeymslu Eimskipafélags Íslands við Sundahöfn. Sumarið 1973 og 1974,

þá starfaði Guðjón hjá fyrirtækinu Brún, fyrst við hitaveituframkvæmdir í Mosfellssveit og svo við byggingar í Kópavogi.

I júní-mánuði 1974 festum við Guðjón kaup á íjbúð að Ásvallagötu 46 og seldum jafnframt íbúðina við Rauðalæk. Ekki tókum við við íbúðinni við Ásvallagötu fyrr en 1. okt. og fluttum inn í hana þann 8. nóv., eftir því sem ég best man, eða þann 9. Við vildum breyta og lagfæra heilmikið í íbúðinni og vann Guðjón að því, eftir að við fluttum inn, og hjálpaði Gunnar Skarphéðinsson, bróðir Guðjóns, hnum við það. Gunnar er nú kennari við skólann í Varmahlíð í Skagafirði.

Við bjuggum í íbúðinni við Ásvallagötu veturinn 1974-1975 og fram á sumar 1975, að við seldum íbúðina og keyptum íbúð að Grettisgötu 31 A. Skömmu síðar skildum við Guðjón að borði og sang og var íbúðin við Grettisgötu höfð á mínu nafni. Raunar var þessi skilnaður meira í orði en verki. I ágúst-mánuði þá fórum við Guðjón í ferðalag til útlanda. Við höfðum keypt um vorið Citroen-bifreið og fórum við með hana með okkur. Guðjón sá um kaupin á þessari bifreið og viðsi ég aldrei, eða man ekki, hvað hann greiddi fyrir hana. Mig minnir, að það hafi verið kr. 200 þús. eða kr. 400 þús. Guðjón sagði mér, að hann hefði með einhverjum hætti fengið námslán og notjað þá peninga til kaupa á bifreiðinni. Við fórum með skipinu Smyrli til Bergen í Noregi, en ókum ~~vo~~ þaðan til Gautaborgar í Svíþjóð. Þar í borg dvöldum við nokkra daga, en héldum svo til Kaupmannahafnar, þar sem við dvöldum um vikutíma. Frá Kaupmannahöfn héldum við áfram akandi til Pýskalands, um Belgíu og til Hollands. I Amsterdam dvöldum við í ca. 1 viku, en héldum svo til Parísar. Eftir um vikudvöl í París, hélt ég með jarndrautarlest til ~~lux~~ Luxemborgar og þaðan með flugvél hingað heim. Með okkur í ferðina tókum við 8 ára dóttur okkar. I Gautaborg dvöldum við hjá kunningjafólki okkar, en annarsstaðar á tjaldstæðum eða ~~an~~ í Farfuglaheimilum, elduðum ofan í okkur sjálf og eyddum því litlu fé.

Peningum til fararinnar öfluðum við á þann hátt, að ég saumaði fatnað og ~~sæ~~di í verslunina Kúnigúnd og aflaði þannig fjár fyrir fargjaldi mínu og dóttur okkar, ~~en~~ svo og gjaldeyri fyrir okkur báðar, en Guðjón greiddi farið fyrir sig, bifreiðina, hinn venjulega gjaldeyri og svo keypti hann að auki gjaldeyri fyrir um kr. 100 þús. af einhverjum sendiráðsstarfsmanni. Þegar við seldum íbúðina við Ásvallagötu, þá fengum við útborgaðar kr. 2.600.000,00. Af því fekk Guðjón kr. 600.000,00, en 2.000,000,

fóru sem útborgun í íbúðinni við Grettisgötu.

Þegar ég fór frá París, þá varð Guðjón þar eftir, enda hafði svo ráð verið fyrir gerð fyrirfram. Hann ætlaði að dvelja um tíma í Frakklandi. Hann fór svo til Suður Frakklands og vann þar á bónabæ í héraðinu Aix-En-Provence. Hingað til lands kom svo síðari hluta nóvember-mánaðar. Æg vil geta þess, að í Amsterdamm var stolið frá okkur síðasta ferðatékkunum, sem við áttum. Að vísunni var það ekki há fjárhæð. Þegar Guðjón kom svo til Suður-Frakklands, þá mun hafa verið stolið frá honum tölverðri fjárupphæð og þess vegna fór hann að vinna á bónabænum. Annars var það hugmyndin, að Guðjón ætlaði í skóla parna í Frakklandi. Í Aix-En-Provence hitti Guðjón íslending, sem mig minnir, að hiti Geirlaugur Magnússon, og það var úr bifreiðinni fyrir utan íbúð Geirlaugs, sem peningunum var stolið, að því er Guðjón sagði mér. Skömmu eftir að Guðjón kom heim, þá fór ég á Fæðingardeild Landsspítalans og átti barn. Þar dvaldi ég í 7 daga og rétt eftir að ég kom þaðan heim, þá kom bifreiðin hingað til lands. Guðjón hafði skilið hana eftir úti og kom hún nú með skipi. Í henni fannst svo nokkuð af "hassi", en frá því hefur verið skýrt annarsstaðar.

Daginn, sem bifreiðin kom hingað til landsins, þá var Guðjón heima. Skömmu fyrir kl. 16:00 fór ég út og til tannlæknis og kom aftur í kl. 17:00. Þá fór Guðjón út og ætlaði eitthvað að athuga með komu bifreiðarinnar og versla svolítið fyrir mig. Það er hugsanlegt, að ég hafi farið eitthvað fyrr til tannlæknisins, þó ekki fyrr en kl. 15:00 og Guðjón þá farið fyrr að heiman í samræmi við það. Ég fór til Björns Þorvaldssonar tannlæknis að Laugavegi 24 og þar hitti ég frænku mína Guðrúni Ólafadóttur. Hún er nú við nám í Danmörku. Ekki man ég eftir neinu símtali, sem ég eða Guðjón kunnum að hafa átt við einhvern þennan dag, en hugsast getur, að annaðhvort okkar hafi talað í símann án þess ég muni eftir því.

Þegar bifreiðin kom með "hassið", þá var Guðjón úrskurðaður í gæsluvarðhald. Eftir það var hann ekki samur maður, en þó alltaf rólegur þar til s. l. vor. Þá var Guðjón orðinn eitthvað svo æstur í skapi, að ég hreinlega fór að heiman og höfum við ekki búið saman síðan. Ég ~~haf~~ dvaldi í sjúkrahúsi meiri hluta s. l. sumars. Guðjón fór aftur á móti norður í Vatnsdal á æskuslóðirnar. Þaðan til bróður síns að Varmahlíð og til Akureyrar. Síðan ~~xx~~ kom hann hingað suður í ágúst, en fór svo til Raufarhafnar, þar sem hann vann í 2 mánuði og skrifuðumst við þá á.

Eins og ég skýrði frá í upphafi, þá var Sævar Ciesielski nemandi Guðjón um tíma að Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Þegar við vorum svo komin hingað suður, þá hittum við Sævar. Mig minnir, að það hafi verið einhvern tímamann veturinn 1972-1973 og þá heima hjá bróður mínum Gunnari Inga Egissyni, en hann bjó þá í húsi við Brekkustíg. Einhvern tímamann hittum við svo Sævar heima hjá kunningja okkar Rafni Guðmundssyni, en Rafn átti hima að Lambhóli við Egissíðu hér í borg. Rafn er nú fluttur til Svíþjóðar. Þá var Erla Bolladóttir með Sævari og maður að nafni Sigvaldi. Hann er einhver kunningi þeirra Sævars og Erlu og þekki ég hann ekki neitt. Þetta var í fyrsta skipti, sem ég sá Erlu og hélta ég reyndar þá, að hún væri í fylgd með Sigvalda, en ekki Sævari. Einhvern veginn æxlaðist það svo, að Sævar kom öðru hvoru á heimili okkar Guðjóns. Fyrst heim til okkar við Rauðalæk, síðan til okkar við Ásvallagötu og einu sinni heim til okkar við Grettis-götu. Ekki kom Sævar oft, ég myndi segja, að hann hafi komið fremur sjaldan og mér vitanlega aldrei af neinu sérstöku erindi, heldur bara leit inn. Við mig talaði Sævar aðallega um heilsufar sitt og um daginn og veginn, og við Guðjón aðallega um kvik-myndagerðina. Ekki tel ég, að Sævar hafi verið góður kunningi okkar Guðjóns, auðvitað get ég aðeins fullyrt fyrir mína hönd. Eitthvað umgengust þeir Guðjón og Sævar ~~h~~ hvorn annan, því þeir fóru t. d. saman í veiðiferðir. Í fyrravetur komst ég svo að því, að Sævar hafði útvegað Guðjóni peningalán. Guðjón sagði mér þá frá þessu láni, en hann ~~h~~ sagði mér aðeins, að það hefði verið frá einhverjum manni, hverjum veit ég ekki. Hitt er annað, að mér fannst einhvern veginn sennilegt, að þetta hafi verið okurlán. Frændi Guðjóns mun svo hafa aðstoðað hann við að koma þessu láni með einhverju móti yfir í banka og geri ég ráð fyrir, að Guðjón hafi ekki enn greitt lánið að fullu.

Þegar við Guðjón fórum í þessa ferð með m/s Smyrli, þá hittum við Sævar þar um borð. Eftir því, sem ég best veit, þá var það af algjörri tilviljun. Við höfðum því töluverð samskipti við Sævar á leiðinni til Bergen og hann fekk að vera með í bifreið okkar til Gautaborgar. Þar skildu leiðir og sá ég Sævar ekki aftur, fyrr en ég kom til baka hingað heim. Ég vissi því ekki eftir að ég fór heim. Ekki veit ég til þess, að þeir hafi neitt verið búrir að ákveða það stefnumót fyrirfram. Þegar ég var komin heim, þá kom Sævar eitt sinn til míni á Grettisgötuna og var tilefnið að fá heimilisfang Guðjóns í Frakklandi.

Ekki man ég til þess, að Sævar hringdi heim til okkar Guðjóns, nema einu sinni. Það var meðan Guðjón var í Frakklandi og var Sævar að spyrja um heimilisfang hans, sem hann kom svo og sötti. Í annan tíma man ég ekki til þess, að Sævar hafi hringt til Guðjóns á Grettisgötuna.

Sævar kom nokkrum sinnum í heimsókn til okkar Guðjóns á Ásvallagötuna. Sjaldan held ég það hafi verið veturinn 1974-1975, það er veturinn, sem við fluttum. Þó man ég eftir einu tilviki, sem ég held að hafi verið um veturinn. Þá kom Sævar heim til okkar síðari hluta dags, allavega var Guðjón kominn heim úr vinnunni, og bað hann um að reynsluaka Lands-Rover bifreið, sem Sævar kvaðst eiga. Ég hld ábyggilega, að Sævar hafi verið búinn þá alveg nýlega að festa kaup á þessari þifreið, annas hefði hann ekki farið að biðja Guðjón að prófa hana. Guðjón fór með Sævari og var í burtu í ca. 10 mínútur. Erla mun hafa verið í bifreiðinni með Sævari í þessu tilviki. Ekki man ég eftir komu Sævars til okkar á Ásvallagötuna í annan tíma, nema sumarið 1975, þá kom hann nokkrum sinnum og þá fóru þeir Guðjón og Sævar saman í veiðitúra.

Hvað snertir 19. nóv. 1974 þá get ég ekki með neinni vissu sagt um hvað gerðist þann dag. Ég er þó viss um, að Guðjón var í vinnunni og ég var í leikskóla fyrir ~~þ~~ hádegi. Leikskóli þessi heitir SAL og var til húsa í Hótel Vík. Ekki man ég hvað gerðist um kvöldið eða nóttina á eftir, en ég tel mig myndi muna það, ef eitt hvað sérstakt hefði gerst. Ég man ekki betur, en Guðjón hafi verið heima betta kvöld, þótt ég geti ekki fullyrt um það algjörlega, en Guðjón fór aldrei neitt út um kvöld eða nætur á þessum tíma.

Í viðbót við það, sem hér hefur komið fram í skýrslu minni varðandi andlegt ástand Guðjóns eftir gæsluvarðhaldsvistina í desember 1975, <sup>vil ég</sup> það geta þess, að honum fannst betta fíkniefnamsmyglmál hafa heinlega eyðilagt framtíð sína. Hann skammaðist sín mjög fyrir að hafa blandast inn í það. Þegar ég fór frá honum í vor sem leið, þá var ástand hans ekkert einsdæmi. Guðjón hefur jafnan orðið æstur í skapi og erfiður í umgengni á vorin, því á þeim árstíma hafur hann átt erfitt um svefn.

Yfirheyrslu lauk kl. 16:23.

Vottur:

*Jónas Bjarnason*  
Jónas Bjarnason

E. N. Bjarnas. lögr.m.

Upplesið, staðfest:

*Guðrún Ægisdóttir*  
Guðrún U. Ægisdóttir

R. 15. nóv. 1976

kl. 14:10 er mætt til skýrslutöku í máli þessu, í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, Erla Bolladóttir, núverandi gæslufangi, f. 19/7 1955 í Reykjavík, nafnar. 2147-0929.

Mættu er kunnugt um tiltefni yfirheyrlunnar. Gætt er ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og áminntu um sannsögli skýrir hún svá frá:

Eg vil taka það fram að sú kvíkmyndasýning sem ég sá á Kjarvalstöðum á Sögsýningunni, var aukasýning, það var hætt að sýna kvíkmyndina en vegna fjölda áskoranna var hún sýnd eitt kvöld til viðbótar og var það þá, sem ég horfði á hana. Ég og Sævar fórum með móður hans á Kjarvalsstaði að ég held þann 19. nóv. 1974 og vorum við þá að skoða sýningar sem þar stóðu yfir og meðal annara skoðuðum við þar sýningu á steinasafni, en móðir Sævars hefur mikin áhuga á alskonar steinum. Þá keyptum við aðgönugmiða að sýningu á kvíkmyndinni "Eldur í Heimaey" eða öllu heldur að þeim sýningum sem þar voru og gilti hann tvívar sinnum og er ég því viss um að við sáum kvíkmyndina þegar hún var sýnd aukalega, vegna fjölda áskoranna, sem hefur sennilega verið 22. nóv. 1974. Það var eftir þá sýningu sem ég ók Sævari heim til Vilhjálms Knutsen þar sem við dvöldum nokkuð lengi.

Eftir að við vorum á sýningunni á Kjarvalstöðum 19. nóv. 1974 ók ég móður Sævars heim að Grýtubakka 10. Þaðan ók ég heim til okkar að Hjallaveg, þar sem við fórum inn, en ekki man ég freka eftir því hvað við aðhöðumst eftir það.

Eg man eftir því að ók Land-Róver jappa Sævars aftur á bak inn í húsasund heima hjá Kristján Viðar, gegnum garð, sem þar er og að húsinu heima hjá Kristjáni. Þar fór Sævar út úr bifreiðinni og fjörði maður, sem ég held að hafi verið Guðjón Skarphéðinsson. Peir fóru inn í kjallaran heima hjá Kristjáni og komu síðan þaðan út aftur eftir skamma stund og var þá Kristján Viðar með þeim. Peir höfðu þá meðferðis 2 poka, sem voru einhverskonar hveitipokar, setti þá inn í bifreiðina að aftan og komu síðan sjálfir inn í bifreiðina. Sævar sat við hliðina á mér fram í bifreiðinni, en Guðjón og Kristján Viðar aftur í bifreiðinni. Við ókum síðan sem leið lá suður á Alftanes, beygðum þar útaf veginum til hægri inn á

afleggjara, þar sem ég stoppaði bifreiðina, þar sem mikil 6færa var og ég treisi mér ekki til þess að aka lengra.

Þar fórum við öll út úr bifreiðinni, Sævar, Kristján og Guðjón báru pokana og gengum við fyrst á jafnslettu en síðan stutta vegaleggd í hrauni. Þar voru pokarnir grafnir og höfðu þeir meðferðis skóflu sem þeir notuðu til þess. Eg sat á lengdað og horfði á þá, þegar þeir grófu pokana. Þetta var ofan í hraun sprungu, þar tóku þeir upp steina og grófu síðan í moldina og settu pokana ofan í. Mokuðu síðan moldinmi ofan á og settu síðan steinanna þar ofan á, þannig að lítil ummerki sáust.

Eg ók síðan að ég held að Grettisgötu 82, þar sem Kristján fór út úr bifreiðinni, en ekki man ég hvert ég ók eftir það. Þessi ferð var farin skömmu eftir ferðina til Keflavíkur og held ég að þetta hafi verið föstudaginn 22. nóv 1974 og klukkan hafi verið um það bil 21:00 þegar við komum heim til Kristján Viðars á Grettisgötu í upphafi ferðarinnar.

Varðandi samskipti míni og Sævars við Guðjón Skarphéðinsson þá man ég eftir því að Sævar hringdi, þegar við vorum í Kaupmannahöfn, til Guðjóns, sem þá var stadur í Reykjavík og spurði Sævar Guðjón hvernig ástandi væri hér á Íslandi. Guðjón sagði að það væri ekki gott og spurði þá Sævar hann að því hvort honum væri óhætt að koma heim. Guðjón svaraði því til að hann skyldi ekki koma. Þegar þetta samtal átti sér stað var ég við hliðina á Sævar þegar hann talaði og heyrði því allt sem hann sagði, men hann sagði mér síðan hvað Guðjón hefði sagt við hann í síman. Þetta símtal var "Collegt" og man ég eftir því, neftir að við komum til Íslands, þá fórum við í heimsók heim til Guðjóns, sem þá bjó á Ásvallagötu og sagði hann okkur þá að sími hans væri lokaður þar sem hann hefði ekki haft peninga til þess að borgar reikningin og væri þar meðal annars kostnaður við símtal Sævar til hans frá Kaupmannahöfn.

Um það leyti sem byrjað var að lýsa eftir Geirfinni í fjölmíðlum, vorum við Sævar í heimsók heima hjá Guðjóni og man ég þá eftir því að þeir ræddu um Geirfinnsmálið. Guðjón sagði meðal annars, að það væri meira hvað neðanjarðarhreyfingir væri orðin áberandi og tók Sævar í sama streng.

Eg man einnig eftir því, þegar líkfundur var á Seltjarnarnesi, að þá vorum við einnig stödd heima hjá Guðjóni að þá spurði Guðjón Sævar, hvort þarna væri annar Geirfinnur og endur tók þá Sævar spurninguna, en virtist svo sammála.

Ég man einnig eftir því að skömmu eftir að við komum heim frá Kaupmannahöfn og voru við þá einnig stödd heima hjá Guðjóni, að Sævar sagði að svona færi fyrir mönnum eins og Geirfinni, það væri ekki við öðru að búast og tók Guðjón undir það og sagði aumingja Geirfinnur.

I janúar mánuði 1976 heimsótti ég Guðjón og konu hans, sem þá áttu heima á Grettisgötu. Sagði ég Guðjóni þá frá málí Guðmundar Einarssonar og spurði þá Guðjón hvort Sævar væri grunaður um eitthvað fleirra og sagði ég svo vera.

Síðan heimsótti ég Guðjón í febrúar og sagði ég honum þá frá Geirfinnsþálinu og spurði hann þá mjög um það hverjur hefðu verið í Keflavík þegar þetta skeði og virtist mér hann hafa mikin áhuga á því atriði. Tilefni þess að ég heimsótti Guðjón í þetta skipti var að ég hitti hann í Austurstræti fyrr um daginn og bauð hann mér í kaffi á Tröð, sem ég þáði, en bað mig síðan að koma í heimsók heim til hans seinna um daginn, sem ég gerði.

Þegar Sævar var handtekin í Kópavogi á heimili okkar í desember 1975 þá var hann nýbúinn að tala við Guðjón í síma þegar lögreglumennirnir komu og voru þeir þá að ræða um bíl Guðjóns, sem þá var að koma til landsins. Sævar hringdi einnig eftir að lögreglumennirnir voru komnir, en þá lokaði hann sig inni í herbergi og vissi ég ekki við hvern hann talaði, því þegar ég kom inn í herbergið var hann að ljúka samtalinnu, en ég kom inn í herbergið til þess að sinna barni okkar sem þar var.

Varðandi það hvort Guðjón hafi átt eitthvað að Hassi því er fannst í bifreið hans, þá veit ég að svo var ekki, en hann vissi um það í bifreiðinni og átti hann að fá þóknun fyrir það að leyfa það að fela hassið í bifreiðinni.

Varðandi frekari vitneskju um samskipti Guðjóns við mig og Sævar þá vil ég geta þess að ég hef gefið skýrslu þar um og er hún rétt.

Ég vil aðeins bæta því við að þegar Sævar talaði við Guðjón í síman heima hjá okkur í Kópavogi, áður en lögreglan kom, þá töluðu þeir um hassið í bifreiðinni, svo ég heyrði.

Yfirheyrslu lauk kl. 15:30.

Upplesið, staðfest,

Erla Bolladóttir

Erla Bolladóttir.

Vettur:  
Jólf Jónsson  
Tonfi Jónsson.

Sigurbj. V. Eggertss.  
lögreglum.

Mánudaginn 15. 11. 1976 kl. 16:20 er mættur til yfirheyrslu í Fangelsinu í Síðumúla Guðjón Skarphéðinsson, gæslufangi, til heimilis að Rauðarárstíg 32, Rvík., fæddur 19. 6. 1943, í Marðarnúpi, A.-Hún.

Yfirheyrsluna annaðist K. Schütz að viðstöddum P. Eggerz og undirrituðum.

Guðjón segir, að Sævar hafi hringt til sín í des. 1975 er löggreglumenn voru að koma til að handtaka hann (Sævar). Hann segir að hann hafi ekki sagt Sævari að segja ekkert um Geirfinnsmálið, Sævar ljúgi ef hann haldi því fram.

Guðjón segir það einnig lýgi að talað hafi verið um Geirfinns málið, er Sævar hringdi til hans erlendisfrá í mars 1975. Sævar hafi ekki spurt hvort óhætt væri að koma heim.

Hann segir, að Erla og Sævar hafi ekki komið heim til sín skömmu eftir að þau komu til landsins um vorið 1975. Ekki heyrt þau tala um Geirfinnsmálið á þeim tíma.

Eftir að Erla hafi verið búin að segja löggreglunni frá Geirfinnsmálinu s.l. veturna, þá hafi hún komið heim til sín og sagt sér og konu sinni frá öllu er hún hafi verið búin að segja löggreglunni.

Segist hafa átt vin er bjó á Alftanesi 1975 og hafi hann heimsótt hann oft þá um sumarið. Sá heiti Jökull Jakobsson og búi hann nú í Gautgáorg.

Hann segir, að honum sé kunnugt um að verðið á hassinu sem flutt var til landsins í bifreið hans í des. 1975 hafi í innkaupi kostast kr. 60.000,- pr. kg. Það hafi verið lélegt og í lágum verðflokki og sé því hlægilegt að tala um að átt hafi að selja það á 8.000,- bandaríkjadollara hér heima. Það hafi verið keypt í Rotterdam.

Hann kveðst ekki þekkja að bifreið hafi verið ekið aftur á bak í sundinu milli Grettisgötu og Njálsgötu. Hann kveðst ekki nema einu sinni hafa farið í Land Rover bifreiðinni með Erlu og Sævari.

Yfirheyrslu lauk kl. 17:30.

*Grétar Sæmundsson*  
Grétar Sæmundsson  
lögreglum.

RANNSÓKNARNEFNDIN  
REYKJAVÍK

---

Reykjavík, 15.11.76.

1) A t h u g a s e m d:

Í dag átti sér stað fróðlegt viðtal við Erlu Bolladóttur á skrifstofu Sakadóms.

Auk Erlu tóku þátt í því:

Viðir, rannsóknarlöggreglumaður  
Auður Gestsdóttir  
Undirritaður

Hin grunaða sagði m.a. eftirfarandi:

- a) Þegar Sævar var tekinn fastur, hafði hann áður talað við Guðjón. Eg heyrði samtalið. Þeir töluðu um hass sem væri í bíl Guðjóns. Þessu samtali lauk áður en löggreglan hringdi dyrabjöllunni.
- b) Þegar löggreglan hringdi bjöllunni, opnaði Sævar dyrnar. Hann spurði um handtöku-og húsleitarheimild. Þegar löggreglumennir voru með hvorugt, lokaði hann strax dyrunum.  
Síðan tók Sævar símann, sem stendur í ganginum, flýtti sér með hann inn í svefnherbergið. Þetta er hægt af því að snúran er svo löng. Hann hringdi aftur úr svefnherberginu. Þegar ég gekk þar inn skömmu síðar til þess að sækja barnið, sá ég Sævar leggja á. Eg heyrði aðeins kveðjuorðin. Eg er ekki alveg viss við hvern hann var að tala, en ég held það hafi verið við Guðjón.
- c) Um það bil 2 og hálfum tíma síðar var lok farið burt með Sævar. Þegar löggreglumennir voru farnir, (þeir höfðu gert húsleit áður) hringdi ég í símanúmer Guðjóns. Kona hans kom í símann. Hún sagðist vera hrædd um að hass væri í bíl manns síns. Hann hefði farið til þess að ná í bílinn en hefði verið lengi í burtu.

að  
Guðjón sagði mér seinna, að hann hefði vítað/ hass væri falið í bílnum hans. Hann átti síðar að fá borgað fyrir "felustaðinn".

- d) Sævar hringdi einhvern tímann í mars 1975 frá Kaupmanna-höfn "collect" í Guðjón, sem var í Reykjavík. Eg stóð við hliðina á honum þegar hann talaði. Hann notaði síma á stúdentahheimili í Kaupmannahöfn. Eg veit að Guðjón tók við "collect" símtalinu. Það gæti hafa kostað 3000 kr.

Eg man eftir að Sævar spurði fréttu frá Íslandi. Einnig hvort ekki væri enn óöruggt að koma heim. Eg held að Guðjón og Sævar hafi talað um Geirfinnsmálið, en nokkur orð talaði Sævar undir rós. Sævar sagði mér eftir að samtalinu lauk, að Guðjón hefði sagt, að ástændið væri slæmt og það væri ekki gott að fara heim. Guðjón hefði stungið upp á því að best væri fyrir mig og Sævar að fara ennþá lengra í burtu. En ég hafði rifist um það við Sævar, því að ég vildi komast aftur heim til Íslands. Þá var ég ófrísk.

- e) Eftir að við Sævar komum heim frá Kaupmannahöfn heimsóttum við Guðjón oft. Í fyrsta skipti sem við heimsóttum hann töluðu S. og G. um það sem hafði staðið í blöðunum um Geirfinnsmálið.

Í annað skipti sem við heimsóttum hann sagði Sævar, að ekki væri hægt að búast við öðru en svona færi fyrir fólk eins og Geirfinni. Guðjón samþykkti það.

- f) Í janúar 1976 heimsótti ég Guðjón ein. Fyrst töluðum við um Guðmundarmálið. Þá fór Guðjón að tala um Geirfinnsmálið við mig. Eg t ók eftir því að hann var að "fiska" eftir upplýsingum. Eg var þá einmitt að koma úr fangelsinu. Eg sagði honum að Geirfinnsmálið væri komið á dagskrá. Þá spurði Guðjón: "Hvað hefur komist upp?" Eg sagði honum frá öllu sem ég hafði sagt. Í samtalinu komst hann auðvitað að því að ég hafði ekki nefnt nafn hans. Guðjón spurði mig aftur og aftur hvaða fólk ég hefði sagt hefði verið viðstatt í fjörunni 19.11.1974.


15.11.1976. Í dag ræddi ég við, Finn Árnason garðyrkjumann, f. 6.3.1914, nafnnr. 2332-3184, tilh. Öðins götu 21, Reykjavík, sími 20078. Tilefnið var það, að Jón Oddsson hrl. hafði komið á framfæri upplýsingum þess efnis, að maður hefði komið til Lilju Sigurðardóttur tilh. Suðurgötu 1, Keflavík og fengið lánaðan síma, kvöldið sem Geirfinnur hvarf.

Finnur sagðist hafa þessar upplýsingar frá systurdóttur sinni, Lilju Sigurðardóttur tilh. Suðurgötu 1, Keflavík, en hún hefði sagt honum, fyrir um árið síðan, frá því, að um það leiti sem Geirfinnur hvarf, hefði komið maður og fengið afnot af síma í íbúð hennar.

Finnur sagðist muna eftir því, að Lilja hefði talað um, að þessi maður hefði verið vel klæddur og á besta aldri.

Hann sagðist ekkert annað vita í þessu sambandi.

Ivar Hannesson  
lögreglum.



15.11.1976. Í dag fór ég undirritaður til Keflavíkur, en erindið þangað var að ræða við Lilju Maríu Sigurðardóttur f.l.3.1924, nafn nr. 6112-3008, tilh. Suðurgötu 1, Keflavík, sími 92-2161.

Lilja hefur greint frænda sínum Finni Árnasyni Öðins götu 21, Reykjavík, frá því, að maður hafi fengið lánaðan hjá henni síma um það leiti, sem Geirfinnur Einarsson hvarf.

Lilja sagði mér, að hún væri systurdóttir Finns og frænka Sigurbjargar móður Sævars C.

Lilja sagðist hafa unnið í apotekinu, sem er beint á móti húsi hennar. Það hefði verið í nóvembermánuði 1974.

Lilja sagðist hafa unnið frá kl. 13,00 til kl. 18,00 og hafa verið ný komin heim, er dyrabjöllu var hringt.

Hún sagðist hafa farið til dyra og hefði þá verið á tröppunum maður, sem hefði spurt eftir Ragnari Guðmundssyni, en Ragnar væri með veitingarekstur í Tjarnarkaffi, sem er næsta hús við hús hennar. Hún sagðist hafa svarað því til, að hún vissi ekki um Ragnar og ekki hafa orðið hans vör.

Hefði maðurinn þá spurt, hvort hann gæti fengið að hringja og hefði hún þá boðið manninum inn í gang, en þar er síminn.

Lilja sagðist hafa lánað manninum símaskrá og því næst farið inn í stofuna, sem er innaf ganginum, en dyrnar hefðu staðið opnar. Hún sagðist hafa heyrt er maðurinn valdi símanúmer og vera örugg um, að hann valdi fjögurra stafa múmer en ekki hefði hann neitt talað í símann og sagðist hún því hafa talið, að maðurinn hefði ekki fengið svar.

Maðurinn hefði síðan þakkað fyrir og farið, og beðist afsökunar.

Hún sagðist ekki hafa sett á sig útlit mannsins, en þá muna, að maðurinn hefði verið klæddur dökkgrænum leðurjakka, eða jakka úr gerfiefni og hefði jakkinn verið venjuleg jakkasídd, eða um miðjar rasskinnar.

Þá sagðist hún muna, að maðurinn hefði verið í ljósleitum tweed buxum, í skyrtu og með hálsbindi. Hár hefði verið jarpt og vel snyrt og örugglega ekki sítt. Hún sagðist muna, að maðurinn hefði verið meðal-maður á hæð, grannvaxinn og léttur í spori og taldi, að aldurinn gæti hafa verið 30-40 ár, eða eldri.

Hún sagðist þó ekki þora að fullyrða þeitt um það atriði, en taldi að lýsingin á fatnaði og útliti væri rétt.

Lilja sagðist ekki hafa aðgætt neitt, hvort maðurinn var í

bifreið og ekki sagðist hún muna hvernig veður var.

Hún sagðist muna, að maðurinn hefði verið snyrtilegur og hann hefði ekki verið í yfirhöfn, yfir jakkanum.

Hún sagðist vera örugg um, að klukkan hefði verið rétt rúmlega 18,00 og ekki hefði henni fundist neitt athugavert við manninn og taldi, að hann hefði ekki verið ölvaður.

Hún sagðist hafa mætt í vinnuna kl. 13,00 daginn eftir og hefði þá verið rætt um hvarf Geirfinns Einarssonar, en hvarf hans hefði þá verið á allra vörum.

Hún sagðist ekki hafa sagt neinum frá þessum manni, fyrr en hún sagði Finni frá þessu, en það hefði líklega verið um vorið 1975.

Lilja sagði mér, að það kæmi all oft fyrir, að fólk kæmi af götunni og fengi lánaðan síma.


Hún sagðist ekki hafa þekkt mann pennan og örugglega aldrei hafa séð hann áður og þótt hún liti pennan mann aftur, þá myndi hún ekki koma honum fyrir sig, enda hefði hún ekki veitt andliti hans neina athygli, enda hefði maðurinn einungis borið henni fyrir augu þarna í ganginum og það mjög stutt.

Lilja sagðist á sínum tíma hafa séð leirmyndina, sem gerð var í sambandi við Geirf~~k~~nsmálið og gæti hún fullyrt, að ekki kæmi maðurinn henni fyrir sjónir, sem líkur þeirri mynd, en þó gæri hárgreiðslan hafa verið lík og sennilega síddin á hárinu,

Lilja sagði að lokum, að hún þekkti Ragnar Guðmundsson einungis sem nágranna og hefði ekkert undan honum að kvarta, en sagði, að ekki væri opið hjá honum reglulega, en vissi ekki hversvegna. Hún sagðist halda, að Ragnar ætti heima í Innri-Njarðvík.

Lilja sagðist hafa verið ein heima er maðurinn kom og hún sagðist halda, að maðurinn hefði spurt hana, hvort hún vissi símanúmerið hjá Ragnari, en hún svarað því neitandi.

Ivar Hannesson  
lögreglum.



ásamt Ívari Hannessyni, Rvk. 15. nóv. 1976.  
 Í dag fór ég undirritaður, með Kristján Viðar Viðarsson, gæzlu-  
 fanga, til Keflavíkur, en tilefni ferðarinnar var, að Kristján  
 upplýsti, að stöðvað hafi verið framan við hús í Keflavík, er  
 ekið var til Reykjavíkur frá Dráttarbrautinni, aðfaranótt 20. nóv.  
 1974 og að ökumaður bifreiðarinnar hafi farið inn í húsið.

Benti Kristján okkur á hverfi í Ytri-Njarðvík og sagðist  
 telja að húsið væri í því hverfi. Er við ókum eftir Holtsgötu,  
 barna í hverfinu, kvaðst Kristján vera viss um, að petta væri  
 gatan sem umrætt hús stæði við. Benti hann á tvö samliggjandi  
 hús, sem virtust vera byggð eftir sömu teikningu og sagðist telja  
 að um annaðhvort húsanna væri að ræða, en það voru hús nr. 34 og  
 36. Taldi Kristján, að hús nr. 36, væri húsið, en það hafi verið  
 ljósgult á þeim tíma. Við athugun kom í ljós, að húsið var  
 nýmálað, en annar gafl þess virtist vera í viðgerðarástandi og  
 var hann ljósgulur að lit og var það sýnilega eldri málning, en  
 á öðrum hliðum hússins.

Haft var samband við lögregluna í Keflavík og höfðu þeir  
 íbúaskár fyrir árin 1973 og 1975, en íbúaskrá fyrir árið 1974  
 var ekki til staðar. Samkvæmt íbúaskrám þessum voru íbúar í  
 húsunum nr. 34 og 36, við Holtsgötu, Ytri-Njarðvík, eftirfarandi:

Holtsgata 34 árið 1973:

Enginn skráður í húsinu, en gætu hafa verið Bandarískir ríkisborgarar, en þeir munu ekki vera skráðir.

1975:

Gunnar Örn Gunnarsson, f. 1933 og eiginkona hans,  
 Erna Þórdís Guðmundsdóttir, f. 1938 og tvö börn  
 f. 1968 og 1970.

Holtsgata 36 árið 1973:

= Gísli Sigurðsson, f. 1916 og kona hans, Freyja  
 Geirdal, f. 1913, og Jóhann Geirdal Gíslason,  
 f. 1952.

1975:

Gísli og Freyja, en þá er Jóhann fluttur, en tveir  
 aðilar komnir í staðinn, en það eru, Sævar Geirdal  
 Gíslason, f. 1948 og Örn Geirdal Gíslason, f. 1940.

Taldi Kristján, að hús nr. 36, væri réttu húsið og sagðist  
 hann fullviss, að um réttu götuna væri að ~~þa~~ ja.

*Haraldur Arnason*  
 Haraldur Arnason  
 rannsóknarlögr.m

Friðjudaginn 16. 11. 1976 kl. 21:30 er mættur til skýrslutöku á Fängelsinu í Síðumúla Guðjón Skarphéðinsson, gæslufangi, til heimilis að Rauðarárstíg 32, Reykjavík, fæddur 19. 6. 1943 að Marðarnúpi, A.-Hún.

Honum er kunnugt tilefni yrirheyrlunnar. Gætt er ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Eftir það skýrir hann svo frá áminntur um sannsögli:

Árið 1974 var heimili mitt að Rauðalæk 67, þar sem við hjónin áttum íbúð á jarðhæð.

Ég var veturinn 1973-1974 við nám í Háskólanum. Í jan. 1974 tók ég próf en hætti eftir það í skólanum og hóf störf í Síldar og Fiskimjölsverksmiðjunni á Kletti, þar sem ég vann við loðnubræðslu. Er loðnubræðslu lauk var ég ekki í vinnu um tíma, en hóf svo störf hjá Byggingarfélaginu Brún og vann ég hjá því þar til í mai. Þá fór ég til Hornafjarðar og var þar í viku til loða án þess að vera í vinnu. Eftir það kom ég til Reykjavíkur og hafði verið í um hálfan mánuð við að undirbúa Grænlandsferð. Þá fórst faðir minn í bílslysi og dóttir míni slasaðist. Vegna þess fór ég aftur til Hornafjarðar og dvaldi þar í um vikutíma. Eftir það fór ég hingað til Reykjavíkur aftur og fór þá strax að vinna hjá Landflutningum. Það mun hafa verið um miðjan júlí. Þar vann ég fram undir þann tíma er ég hóf störf hjá Menningarsjóði fyrst í okt. 1974.

Þetta ár var fjárhagur okkar fremur þróngur, en kona míni vann úti fyrri hluta ársins.

Síðari hluta okt. 1974 seldum við íbúð okkar að Rauðalæk og keyptum íbúð að Ásvallagötu 46. Ég man að við stefndum að því, að flytja fyrir 1. nóv. úr íbúðinni að Rauðalæk, en það tókst ekki og vorum við nokkra daga fram yfir. Ég var mikið að vinna í íbúðinni á Ásvallagötu áður en við fluttum og einnig nokkuð fyrst eftir að við fluttum. Var ég flest kvöld að vinna í

íbúðinni og einnig um helgar. Æg var að vinna í þessu eitthvað fram í des.

Við bjuggum í íbúðinni á Ásvallagötunni þar til um 20. ág. 1975 er við hjónin fórum erlendis. Nokkru áður höfðum við skilið að borði og säng og selt íbúðina, og hafði konan þá um þetta leyti keypt íbúð að Grettisgötu 3la.

Æg starfaði hjá Menningarsjóði allt fram að þeim tíma er ég fór utan. Mig minnir, að Sævar hafi byrjað að koma á vinnustað minn síðast í mars þetta ár. Hann kom alloft um tíma, en svo komu tímabil, að hann kom ekki. Það var að mig minnir í júlí þetta sumar að hann kom alloft um tíma. Ekki átti hann nein sérstök erindi svo ég muni. Þó man ég að einu sinni var hann að byðja mig um að skrifa bréf. Æg man ekki til að ég hafi verið að vara samstarfsfólk mitt við Sævari, en það kann þó að vera, að ég hafi sagt eitthvað á þá leið að hann væri vandræðagepill. Ekki minnist ég þess að ég hafi sagt að hann væri þjófur eða manndrápari, en þó kemur fyrir mig að ég tek stórt upp í mig. Það er rétt að ég stundaði atvinnuna slælega um tíma sérstaklega um vorið 1975. Ástæðan fyrir því var sú að heimilisástæður hjá mér voru ekki góðar og ég var slæmur á. taugum. Einnig var um það að ræða, að ég hafði ekki góða þekkingu á bókhaldi og af þeim sökum gekk mér illa að ráða við verkefni mitt.


Æg fór með ms. Smyrli um 20. ág. 1975. Með mér var þá kona míni og dóttir. Nokkrusátt áður hafði ég skilið við konuna að borði og säng og gengið/frá fjármálum okkar. Konan og dóttir míni voru í skemmtiferð og ég einnig, en þó var ég búinn að hugleiða að dveljast eitthvað lengur erlendis og jafnvel fara í skóla. Við greiddum aðeins fargjöld út en höfðum ekki keypt farseðla til baka áður en við fórum, enda óákveðið með komu mína og ekki vitað þá hvaðan konan myndi fara heim aftur. Sævar fór einnig með ms. Smyrli. Hann fékk að sitja í bifreið minni á leiðinni frá Bergen til Gautaborgar. Þar skyldi ég við hann og hitti hann ekki aftur meðan ég var erlendis. Æg fjármagnaði þessa ferð hvað sjálfan mig snerti og til þess notaði ég peninga sem ég fékk út úr íbúðinni á Ásvallagötu, er hún var sold.

Pegar ég var staddur í Frakklandi þá sendi Sævar mér símskeyti þess efnis að ~~xxxxxxxxxxxxxx~~ ég ætti að vera í ákveðnum síma á ákveðnum tíma, en ég átti ekki gott með að skylja þetta skeyti, auk þess sem það kom talsvert eftir þann tíma sem um var getið að ég ætti að vera við. Sævar sagði mér síðar að hann hefði sent þetta skeyti, en ég hafði ekki skilið undirskriftina, sem mér sýndist helst vera Micaelsen.


Nokkru síðar eða fyrstu dagana í nóv. 1975 þá fékk ég annað skeyti. Efni þess var að hringja collect í ákveðið símanúmer á Íslandi, númerið var að mig minnir 42838 og var skeytið frá Sævari. Nokkru síðar hringdi ég collect frá Frakklandi og talaði við Sævar í þessu númeri. Erindi Sævars var að segja mér að hann væri að fara til Luxemborgar og talaði um að ég myndi hitta sig þar. Ekki var hann búinn að gefa upp stað til að hitta sig á er símtalið rofnaði. Um viku síðar lagði ég af stað áleiðis heim og ók ég á bifreiðinni. Ég kom við í Luxemburg og hitti Sævar þar. Ég varð Samferða Sævari og Ásgeiri Ebeneser til Íslands og hef ég sagt frá samskiptum mínum við þá í skýrslu hjá Sakadómi í ávana- og fíknilyfjamálum. Ég kom heim með Flugleiðavél, en ég hafði fengið lánað fyrir flugfargjaldinu og var farseðilinn greiddur hér heima. Ég óska eftir að svara ekki þeirri spurningu hver lánaði mér fyrir fargjaldinu. Sævar lánaði mér ekki fyrir fargjaldinu og hafði hann á engan hátt milligöngu um það mál. Ég kom heim til Íslands síðast í nóv. 1975. Eftir að ég kom heim þá kom Sævar að mig minnir einu sinni heim til mín að Grettisgötu. Ekki man ég til að hann hafi þá átt sérstakt erindi. Svo sem ég hef áður sagt frá, þá hringdi Sævar til mín, þegar lögreglan var að handtaka hann. Mig minnir að fyrr þennan dag hafi hann einnig hringt til mín og þá hafi erindið verið að spryra um skipið sem bifreið mín átti að koma með."

Yfirheyrslu lauk kl. 23:42.

Vottar:

  
Jónas Bjarnason

Upplesið staðfest,

  
Guðjón Skarphéðinsson

  
Grétar Sæmundsson lögreglum.

17. nóv. 1976.

Pá er kl. 09:10 mættur í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Þaniel Ágúst Danielsson sjóm. til heimilis að Lindargötu 7 á Siglufirði, fæddur 14. 8. 1954 á Siglufirði, nnr. 1562-4507.

Gætt er l. málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og eftir að mætti hefur verið spurður um athafnir sínar og ferðir 19. nóv. 1974 og dagana þar á eftir, skýrir hann frá eftirfarandi: Það mun hafa verið í nóvember-mánuði 1974 sem ég fór mér til skemmtunar í ferðalag til Kaupmannahafnar og Færeyja. Á þessum tíma var ég í fiskvinnu á Neskaupsstað, en þar átti ég heima. Aður en ég fór til Kaupmannahafnar, þá dvaldi ég nokkra daga hér í borginni á ýmsum stöðum, t. d. hjá kunningja mínum Ólafi Baldurssyni að Leifsgötu 6. Einnig kom ég í leiklistarskólann SÁI, sem þá var til húsa í Hótel Vík, en ekki held ég, að ég hafi neitt dvalið þar. Farðeðilinn til Kaupmannahafnar keypti ég svo í einhverri ~~þekktum~~ ferðaskrifstofu við Austurstræti, sem ég ekki man hvað heitir. Hann gilti aðeins aðra leiðina, ~~þó~~ það er til Kaupmannahafnar, því ég hafði ætlað mér að koma við í Færeyjum í heimleiðinni. Ekki hafði ég neitt fyrirfram ákveðið hersu lengi ég yrði í þessari ferð, ég ætlaði vera eins lengi og ég nennti og peningar enntust.

Þegar ég keypti farseðilinn, þá gaf ég upp nafnið Jón Guðmundsson sem nafn mitt og heimilisfang við Ketilsbraut á Húsavík, en ekki man ég hvaða fæðingardag ég gaf upp. Ástæðan til þess, að ég ekki gaf upp mitt rétta nafn, var sú, ~~á~~ að ég beið dóms í fíkniefnamáli og mér hafði verið bannað að fara úr landi. Ég taldi mig ~~í~~ því vera í farbanni. Þetta nafn Jón Guðmundsson greip ég algjörlega úr lausu lofti, en heimilisfangið á Húsavík gaf ég upp vegna þess, að ég hafði búið þar eitt sinn í grendinni. Hvort ég gaf upp einhvern stað hér í borginni, þar sem ferðaskrifstofan gæti náð í mig, það man ég ekki.

Þegar ég kom til Kaupmannahafnar þá heimsótti ég systur mína Jórunni Danielsdóttur, sem á þeim tíma bjó í Kaupmannahöfn. Hún býr nú hér að Háteigsvegi 16. Hún bjó í einhverri ~~á~~

útborg Kaupmannahafnar, sem ég nú kann ekki að nefna. Ekki man ég hve marga daga ég dvaldi í Kaupmannahäfn, en næsta sunnudag á eftir, að ég best man, þá tók ég mér far með flugvél á vegum SAS til Færeyja. Meðan ég dvaldi í Kaupmannahöfn, þá hafði ég aðsetur hjá systur minni, en var annars á flækkingi, aðeins mér til skemmtunnar.

Ég fór til Færeyja með það fyrir augum að hitta þar kunningjakonu mína, sem þangað var nýflutt frá Neskaupsstað. Ég hitti Lilju og útveganði hún mér samastað hjá einhverjum færeyskum kunningjum sínum, sem ég ekki man nöfn á, eða hvar áttu heima. Frá Færeyjum fekk ég svo far með íslenskum fiskibáti hingað til lands og minnir mig, að hingað til lands hafi ég komið aftur 30. nóvember. Báturinn kom til Þorlákshafnar, en þaðan fór ég hingað til borgarinnar. Hér dvaldi ég svo í það minnsta two eða þrjá daga, en þá fór ég með flugvél aftur austur á Neskaupsstað og lauk þar með þessu ferðalagi mínu.

Pessi kunningjakona míni á Neskaupsstað hittir Lilja Tryggvadóttir, en ekki veit ég heimilisfang hennar öðru vísni, en ég myndi rata þangað.

Ég hef þér verið spruður um mort ég bekkti Sævar Ciesiel-ski, Kristján Viðar Viðarsson, Guðjón Skarphéðinsson eða Guðrúni Egisdóttur. Ég bekki Sævar svolítið, því ~~xix~~ við vorum saman í félagsskapnum Fylkingunni, að mig minnig á árinu 1971. Síðast hed ég, að ég hafi hitt hann haustið 1971, en þá var ég að koma úr ferðalagi erlendis frá. Þá sagði hann mér, að hann hefði fengið hass- eða nikotíneytrun, en um það veit ég ekki nánar, nema hvað ég hef heyrt, að hann noti ekki hass. Kristján Viðar bekki ég í sjón, en er ekki málkunnugur henum. Okkar einu samskipti, sem ég man eftir, voru þau, að við vorum einhvern tímann einhversstaðar saman í samkvæmi. Guðjón og Guðrúni bekki ég ekki og veit ekki mer eru.

Yfirheyrslu lauk kl. 10:03.

Upplesið, staðfest:

... Þ. Bjarnason

þjóreglum.

Daniel Agust Danielsson

Miðvikudaginn 17. nóv. 1976 fór undirritaður ásamt K. Schutz rannsóknarlögr.manni og Pétri Eggertz sendiherra með Sævar Marinó Ciesielski gæslufanga út á Alftanes, en Sævar hafði við yfirheyrslu sagst skyldi vísa á hvar lík Geirfinns Einarssonar væri grafið.

Hann vísaði á áhveðin stað í fjörunni neðan við bæinn Hausastaði sunnan vert á nesinu. Þar sagði hann að líkið væri grafið.

Fimmtudaginn 18. sama máñ. fór undirr. ásamt staðinn ásamt Ívari Harnessyni ranns.lögr.m.

Fengin var vélskófla (G d 385 stjórnandi Ástráður Valdimarsson Hraunsholtsvegi 2 Garðahr. f:23/5. 1935) sem gróf upp sandinn á umræddum stað og einnig all vítt svæði þar um kring

Grafið var á svæðinu niður á fast grjót án árangurs.

Jónas Bjarnason  
ranns. lögr.m.

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

R. 18. nóv. 1976.


I dag kl. 11:30 hafi undirritaður símasamband við Sigurbjörgu Guðjónsdóttur, móður Sævars Ciesielski, að beiðni Karls Schutz. Erindið var að bera henni skilaboð í framhaldi af samræðum Schuta við hana í gær.

Skilaboðin voru þau að ekki væri hægt að leyfa Sævari að koma í heimsók heim til hennar, þar sem það sé brota á þeim lögum, sem gilda um gæslufanga. Schutz ætlaði hins vegar að koma á fundum þeirra, með þeim hætti að hún mætti og hann myndi leggja fyrir hana nokkrar spurningar, þar sem Sævar yfði viðstaddir og gæti hún þá notað tækifærið og spjallað við hann, en þó mætti hún als ekki tala neitt um mál þau, sem hann væri viðriðin.

Undirritaður færði Sigurbjörgu þessi skilaboð og sagðist hún þá hafa vitað að eitthvað lægi á bak við þetta og hún myndi ekki svara neinum spuringum. Hún hefði ekki fengið að sjá Sævar í 10 mánuði og gæti hún vel biðið 10 mánuði til viðbótar.

Sagðist Sigurbjörg vilja hafa lögmann viðstaddann ef úr þessu yrði og sagðist ekki ætla láta nota sig sem tálbeitu í máli þessu. Það mætti ekki taka það sem svo að hún vildi ekki sjá Sævar, heldur að hún vildi frekar bíða í 10 mánuði til viðbótar.

Schutz kvaðst ekkert hafa að gera með lögmann í þessu tilfelli og spurði hvort Sigurbjörg viljað hún yrði sótt kl. 15:45. Sigurbjörg kvaðst þá ekki vilja mæta og svar spuringum að Sævari viðstöddum, nema að hafa einnig viðstaddir lögmann.

  
Sigurbjörn V. Þorgertsson  
lögreglum.

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

R. 19. nóv. 1976.

I dag kl. 13:00 er mætt til yfirheyrslu í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, Erla Bollaðóttir, núverandi gæslufangi, fædd 19/7 1955 í Reykjavík, nafnnr. 2147-0929.

Mættu er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar, en það er að mætta skýrir nánar frá sambandi hennar og ~~Guðjón~~ Sævars við Guðjón Skarphéðinsson. Gætt er ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og áminnt um sannsögli skýrir hún svo frá:

Pegar ég og Sævar voru í Kaupmannahöfn 1975 þá hringdi Sævar "Collect" til Guðjóns, sem þá var í Reykjavík. Sævar hringdi úr almenningssíma í studentaheimilinu í Kaupmannahöfn og var ég við hliðina á honum þegar hann talaði við Guðjón. Ég veit að Guðjón tók við "collect" símtalinu og talaði Sævar við hann í ca. 5 til 10 mínútur. Sævar spurði hann hvernig ástandið væri á Íslandi og hvort honum væri óhætt að koma heim. Sævar sagði mér, eftir símtalið að Guðjón hefði sagt honum, að hann skyldi ekki koma til Íslands, þar sem ástandi væri slæmt og hefði Guðjón sagt að við skyldum fara eitthvað lengra út í heim, og minnir mig að hann hafi taleð um Frakland eða Ítalíu í því sambandi.

Pegar þeir ræddust við í síman, Guðjón og Sævar, þá talaði Sævar undir rós við Guðjón og vissi ég ekki þá hversvegna, en nú ~~vænt~~ ég að það var vegna Geirfinnsmálsins. Þegar þetta samtal átti sér stað var ég ófrísk og fór því heim til Íslands ca. 15 marz og kom Sævar til Íslands 10 dögum seinna ca. 25/3 '75.

Skömmu eftir að við komum heim til ~~Íslands~~ Íslands, fórum við í heimsók heim til Guðjóns. Þar ræddu Guðjón og Sævar um Geirfinnsmálið og það sem fram hefði komið í dagblöðum um það mál, en ekki voru þeir með nein blöð til þess að stiðjast við eða annað, sem ég varð var við.

Ég og Sævar heimsóttum Guðjón tvisvar eftir þetta og var þá einnig rætt um Geirfinnsmálið og hef ég sagt frá því sem ég best man ~~er~~ í því sambandi í annari skýrslu.

I janúar mánuði 1976 heimsótti ég Guðjón og sagði honum þá frá máli Guðmundar Einarssonar og póstsvikamálinu. Það var svo nokkru seinna, sem ég hitti hann á gangi í Austurstræti og hann bauð mér upp á kaffi á veitingastaðnum Tröð. Þá sagði ég honum frá því að nú væri Geirfinnsmálið komið á dagskra'

og varð hann þá mjög forvitinn. Hann spurði mig þá hverjir hefði verið í Keflavík þegar Geirfinnu hvarf og hverjum ég héldi að það væru, sem ég hefði ekki séð þar og virtist mér hann hafa mikin áhuga á því að fá að vita hvað ég hefði sagt og hvaða menn ég hefði nefnt. Ég sagði honum allt sem ég hafði þá sagt lögreglunni og bað hann mig þá að koma heim til sín, seinna um daginn og ræða þetta mál frekar við sig.

Ég fór síðan heim til Guðjóns seinnipart dagsins og spurði hann mig þá frekar út í málið og virtist mér hann aðallega hafa áhuga á því hvaða menn ég hefði séð í Keflavík. Þegar ég sagði Guðjóni að Geirfinnsmálið væri komið á dagskrá, þá spurði hann: "Kvað hefur komist upp?". Guðjón var mjög áhugasamur um að fá að vita sem mest um vitneskju mína, varðandi málið. Hann spurði mig aftur og aftur að því hverjir hefðu verið í fjörunni í Keflavík 19/11 1974.

Varðandi það þegar Sævar var handtekin í ~~Keflavík~~ Kópavogi í des, 1975, þá skömmu áður en lögreglan kom hafði hann talað við Guðjón í síma og ræddu þeir um hssið í bifreið Guðjóns, sem þá var að koma til landsins.

Þegar lögreglan kom og knúði dyra, fór Sævar til dyra og talaði við lögreglumennina og bað þá að sýna sér handtökuhemileið, sem þeir höfðu ekki handbæra. Þá lokaði hann hurðinni og sagði mér að losa öskubakka, sem voru í íbúðinni og hann hafði sett eitthvað í þá, sem hann hafði búið til og ætlaði að selja það sem hass. Sævar fór inn í herbergi og tók með sér síman og lokaði hurðinni. Ég fór svo inn í herbergið, eftir að ég hafði losað öskubakkana, til þess að sinna barni okkar, sem þar var, og var þá Sævar að ljúka samtalinnu og heyrði ég aðeins þegar han kvaddi og lagði símtólið á símann. Ekki veit ég við hvern hann talaði í símann. Ég tel víst að Sævar hafi verið að aðvara einhvern í þessu símtali, þar sem hann hringdi strax eftir að lögreglan hafði talað við hann.

Eftir að lögreglan hafði handtekið Sævar og gert húsleit heima hjá okkur hringdi æg til Guðrúnar, eiginkonu Guðjóns. Ég veit ekki kvað klukkan var þá, en lögreglan var áraðanlega 3 til 4 klst. þarna á staðnum. Guðrún sagði mér þá að Guðjón væri ekki komin til baka, frá því að sækja bifreiðina og væri hún orðin hrædd um hann. Guðrún sagðist vera hrædd um það að eitthvað af hassi væri í bifreiðinni og væri Guðjón fífl ef svo færi. Ég sagði henni þá frá því að Sævar hefði verið handtekin.

Pegar ég hitti Guðjón í janúar 1976 sagði hann mér að hann ~~hefði~~ hefði vitað um hassið í bifreiðinni, en hann hefði ekki átt neitt í því. Hann sagðist hafa gefið Sævari leyfi til þess að fela það í bifreiðinni og hefði hann átt að fá þóknun fyrir það eftir heimkomum bifreiðarinnar.

Varðandi samtal Guðjóns og Sævars, þegar Guðjón var í Fraklandi, þá fór Sævar til Guðrúnar, eiginkonu Guðjóns og fékk hjá henni heimilisfang manns, sem ~~Xer~~<sup>heittir</sup> Geirlaugur, og átti heima skammt fyrir utan París, en Guðjón hafði dvalið hjá honum um helgar. Nokkru áður hafði Sævar fengið bréf frá Guðjóni, þar sem Guðjón bað hann um að taka peninga út af bankabók hans og skipta þeim í erlendan gjaleyrir og senda sér. Þetta bréf las ég fyrir Sævar og í því gaf Guðjón upp heimilisfang Poste restante, París. Ég veit að Sævar fór og talaði við Guðrúnu, eiginkonu Guðjóns varðandi þetta atriði.

Eftir að Sævar hafði fengið uppgefið heimilisfang Guðjóns hjá Guðrúnu, eiginkonu hans, þá bað hann fyrir skilaboð til Guðjóns í gegnum símstöðina, að hann yrði á næstu símstöð á ákveðnum tíma og ákveðnum degi, en Guðjón mætti ekki. Þá sendi Sævar skeytti til hans, þar sem hann bað hann að hringja "collect" í síma 43848 kl. 20:00 ákveðin dag, sem Guðjón gerði. Þá sagði Sævar honum að hann væri að fara til Luxemburgar og spurði hann að því hvort hann gæti ekki hitti hann þar með bifreiðina og að hann kæmi næsta miðvikudag. Sævar komst ekki á tilsettum tíma og hringdi þá Guðjón "collect" frá Luxemburg og spurði Sævar hvernig stæði á því að hann kæmi ekki. Sævar sagði honum að hann væri ekki búinn að fá gjaldeyri og að hann kæmi næsta dag þ.e. fimmtudag. Það stóðst heldur ekki og hringdi Guðjón þá aftur "collcet" og talaði við Sævar og sagðist þá Sævar koma daginn eftir þ.e. föstudag, sem hann gerði. Þeir komu síðan saman til Íslands ca. viku til 10 dögum seinna.

Eg er nú allveg fullkomlega viss um það að Guðjón var með í ferðinni til Keflavíkur svo og ferðinni með líkið út á Álfatanes.

Upplesið, staðfest,

Erla Bolladóttir  
Erla Bolladottir.

Vottur:

Jónas Bjarnason  
Jónas Bjarnason.

Sigurbj. V. Egebertss.  
lögreglum.

DÝDING / reRannsóknarnefndin Reykjavík.

Rvk., 4.11.1976

1) Athugasemd:

Rannsóknarlöggreglumaðurinn Víðir sagði, Það Erla Bolladóttir hefði sagt sér þann 3.11.76, þar sem hann ræddi við hana í hegningaráhúsinu; eftifarandi: (eitthvað á þá leið)

Hún hefði tekið ákvörðun um að taka á sig þrjá mánuði gæzluvarðhald í viðbót, vegna þess að hún væri ekki tilbúin til þess að skýra frá "fjórða" manninum.

Í viðurvist Viðis og Pétri Eggerz var hún svo spurð í dag, hvað hún meinte með þessu. Upp gætu komið grunsemdir um að hún setti lengd gæzluvarðhaldsins í beint samband við sinn framburð. Hún væri að gefa í skyn, að mögulegt væri, að gæzluvarðhaldið yrði framlengt aðeins vegna þess að hún væri ekki tilbúin til að segja það sem nauðsynlegt væri til að sleppa út. Þar með ásakar hún rannsóknarlöggregluna um það, að með því að framlengja varðhaldið sé hún (lögr.) að reyna að hafa áhrif á framburð sinn.

Ekki geta rannsóknarmennirnir fallizt á réttmæti þesskonar ásökunar.

Yfir þessu var hún hin versta og kallaði reiðilega:

"Ég sagði ekkert um það í gærkvöldi, að ég hefði tekið ákvörðun. Ég þarf að sætta mig við að þurfa að sitja inni í þrjá mánuði í viðbót, vegna þess að rannsóknarmennirnir eru ekki ánægðir með framburð minn."

(Þessar setningar hafa verið skrifafðar niður um leið og þær hafa verið sagðar.)

Þær hafa svo verið lesnar upp fyrir henni og hún beðin að samþykkja þær með undirskrift sinni. Engu svaraði hún við því.

Jafnframt var henni sagt, að engin af rannsóknar-mönnunum hefði gefið í skyn að varðahldinu yrði fram-lengd. Hún sjálf hefði komið með þessa athugasemd og sagt, að lögmaður sinn stæði í þeirri meiningu.

Svo spurði hún: "Hvenær má ~~s~~<sup>é</sup>já barnið mitt?"

Hún var þá spurð að því, hvort hún héldi að það væri líka undir því komið að hún sýndi samstarfsvilja eða vilja til að skýra frá. Ekki svaraði hún þeirri spurningu. Henni var gert ótvírætt ljóst, að heimsóknirnar til barnsins síns stæðu í engu samhengi við réttan, rangan, eða alls engan framburð af hennar hálfu.

Hún var áminnt um það, að þvílikar ásakanir gætu haft í för með sér kæru vegna meiðyrða.

Í sambandi við óskir hennar um að hún fengi að sjá og tala við þá Magnús Leop. og Einar Bolks., til þess að geta beðið þá afsökunnar, var henni bent á að segja nú loks sannleikann um þá atburði sem hún hefði vitneskju um í samb. við hvarf Geirfinns Einarssonar.

Með því móti mundi hún hjálpa þeim Magnúsi og Einari mest.

- 2) Rannsóknardómara Erni Höskuldssyni til vinsam-legrar athugunar.
- 3) Bætist við skjölin um málið.

(Schütz, APr.a.D.)

Rannsóknarnefndin Rvk.

16. nóv. 1976.

I dag hringdi hingað í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar maður, sem óskaði eftir því, að nafni sínu yrði haldið leyndu.

Maður þessi skýrði frá því, að í gærkvöldi heði hann tekið upp í bifreið utan við samkomuhúsið Cesar, tölувvert mikið ölvæða stúlku. Stúlku þesari ók maðurinn að Snorrabraut 40 og taldi maðurinn, að þar ætti stúlkan heima. Ekki vissi maðurinn frekari deili á stúlkunni, en þau, að myndi heita Hulda og væri ca. 33 ára að aldri.

Hulda hafði ~~xagxi~~ talað um það, að bræðurinir Leifur Vilhjálmsson og Hreinn Vilhjálmsson vissu eitthvað um Geirfinnsmálið, allavega skildist ~~maður~~ manninum það á tali Huldu. Þá talaði Hulda um, að bræður bessir hefðu ekki alls fyrir löngu haldið til hjá henni um tíma.

Maðurinn sggði, að Hulda hefði verið mikið undir áhrifum áfengis og ef til vill ekkert að marka þetta rauð í henni, en maðurinn taldi það skyldu sína að skýra frá þessu.

Virðingarfyllst:

  
E. N. Bjarnason  
löggreglum.

Miðvikudaginn 17. nóv. 1976 fór Sævar M. Ciesielski í fylgd lög-löggreglumanna út á Álfanes þar sem hann benti á stað í fjöru þar sem hann sagðist hafa ásamt Kristjáni Viðari grafið lík Greifinns Einarssonar.

Af þeim sökum fór undirritaður ásamt Jónasi Bjarnasyni ranns.lögr.m. með Kristján Viðar út á Álfanes. Hann var beðin að reyna að finna umræddan stað þar sem þeir hefðu grafið.

Erla Bolladóttir hafði við yfirheyrslu í ágúst. s.l. sagst hafa verið með er lík hefði verið flutt út í Gálghraun á Álfanesi og urðað þar.

Við ókum með Kristján víðsvegar um nesið án þess að gefa honum neinar upplýsingar um það sem framm var komið í málínu. Hann benti að síðustu á vesturjaðar Gálghraun og kvaðst muna eftir að hann ásamt Sævari kom þarna að hraunkantinum með lík Geirfinns vafið inn í svart plast. Þetta hafi verið stuttu eftir dauða hans.

Þeir hafi verið á Land Rover bifreið Sævars, en Erla hafi ekið henni. Líkið hafi þeir borið stuttan spöl inn í hranið sem hafi verið með djúpum bollum og hvömmum. Til hliðar utan í einum hraun-bollanum hafi verið gjóta eða sprunga. Þeir hafi hreinsað upp úr henni laust grjót og mold og látið líkið þar ofan í og síðan upp-mokstuinn þar yfir. Að því búnu hafi þeir sléttuð vel yfir með hraungrjóti og sett eitthvað af mosa yfir. Á eftir hafi ekki verið hægt að sjá að staðurinn skæri sig neitt úr umhverfinu í kring.

Farið var tvisvar aftur með Kristján Viðar þarna suður í hraunið til að láta hann benda nákvæmlega á staðinn, en hann gat ekki fundið hann örugglega. Þarna liggja tveig vegarslóðar að hrauninu og hann var ekki alveg viss um hvern slóðann þeir hefðu farið.

Laugardaginn 20. nóv. 1976 var hraunsvæði þetta leitað vandlega af 20 löggreglu og rannsóknarlöggreglumönnum, en sú leit bar ekki árangur. Þess skal getið að Kristján kvaðst hafa verið með skóflu í umrætt skipti. Lítill not hafi verið af henni þar sem slæmt hafi verið að grafa. Hann hafi hent henni frá sér í hraunið að verkinu loknu.

Föstudaginn 26. nóv. p.m. talaði ég frekar við Kristján Viðar. Hann kvaðst þá muna að stuttu eftir að Geirfinnur var fluttur í hraunið hafi Sævar Ciesielski haft samþand við sig og sagt honum að "þessir menn" hefðu áhveðið að það byrfti að flytja Greifinn, þeir vænu óánægðir með staðinn. Kristján sagðist hafa spurt hverjir "þessir menn" væru en Sævar sagt að hann vissi það ekki.

Kristján sagðist hafa neitað að taka þátt í þessum flutningi og sagt að sér fyndist þessi staður nógu góður. Hann sagðist fullviss að lík Geirfinns hefði verið flutt því Sævar hefði sagt að búið væri að ákveða það. Ekki kvaðst hann vita meira um þetta.

H. Árnason  
ranns.lögreglum.

Miðvikudaginn 17. nóv. 1976 kl. 22,00 var tekin til yfirheyrslu í fangelsinu við Síðumúla gæzlufanginn Sævar M. Cimsielski f:6/7. '55.

Mætti er érstaklega spurður um samskipti hans við Guðjón Skarphéðinss. og m.a. um símtal sem hann hefði átt við Guðjón í mars 1975 frá Kaupmannahöfn.

Mætta er kunnug 1. málsg. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála Hann skýrir svo frá áminntur um sannsögli: "Eg fór út til norðurlanda snemma í des. 1974 og um sama leiti fór Erla Bolladóttir þangð einnig. Við bjuggum saman meðan við vorum úti og dvöldum mest í Kaupmannahöfn.

"Í mars 1975 hringdi ég til Guðjóns frá Kaupmannahöfn. Þá átti hann heima á Ásvallagötunni. Eg notaði sjálfsalasíma á stúdentagarðinum. Eg gerði það þannig að ég sá númer símans við hliðina á boxinu og gaf það upp. Síðar mun reikningurinn hafa verið sendur til Guðjóns þar sem ekki hafðist upp á mér úti.

Ég held að ég hafi talað í lo mínum við Guðjón. Ástæðan fyrir að ég hringdi var að ég vildi vita hvernig málín. þ.e. póstmálið og Geirfinnsmálið stæðu hérna heima. Við töluðum um þessi mál og hann sagði að það væri óheppilegt að við kæmum heim. Eg sagði honum að Erla væri ólétt og við værum alveg peningalaus. Eg ætlaði að reyna að fá lán hjá honum og spurði hann hvort hann gæti sent okkur peninga. Hann sagði. Guðjón sagði að vegna verðbólgunnar á Íslandi væri erfitt að fá peninga yfirfærða, en hann hafði orð á því að hann væri að hugsa um að koma út og hitta okkur. Þetta var einskomar orðaleikur hjá honum þegar hann sagði okkur að ekki væri gott að koma heim og það væru allir að flýja land. Þá meinti hann að hann væri að fara af landinu. Eg fékk bréf frá honum nokkru seinna. Það var ekki neitt sérstakt um mál þessi í brefinu og ég veit ekki hvað af því varð!

"Í símtalinu hafi ~~þír~~ talað miðað það sem komið hefði í blöðum um Geirfinnsmálið og Guðjón talaði um, segir Sævar að það væri á rangri braut: "Eg gat ekki skilið annað á honum en að það væri að tenna út í sandinn, en þó væri óráðlegt fyrir ~~okkus~~ að koma strax heim og ráðlagði mér að fara til Pýskalands því þar væri ódýrara að lifa. Ekki veit ég hvort Guðjón las upp það sem hann var að segja mér frá um málín, en þá var ég búin að sjá í blöðum úti að póstmálið væri komið upp.

733

Er ég talaði við Guðjón stóð Erla við hlið mér og fylgdist með fyrri hluta samtalsins en fór svo frá. Við töluðum um þetta samtal eftir á og hún vissix því alvegkappa hvað okkur fór á milli í símanum. Símtal þetta varð "collect". Ég hafði gefið upp nafn mitt við skiptiborðið og rétt heimilisfang en ég man ekki hvað gatan hét sem ég bjó við.

Erla fór til Íslands nokkru á undan mér. Hún sendi mér síðan 40 þús. kr. og Vilhjálmur Knúðsen sendi mér póstávísun upp á 2000/- danskar krónur.

Ég held að ég hafi komið heim nálægt miðjum apríl. Þá hættum við Erla að vera saman. Ég heimsótti þá Guðjón oft á Ásvallagötuna. Þá var Guðrún ekki heima og Guðjón var þarna einni. Ég fékk stundum að gista hjá honum þarna.

Ég man að um þetta leiti ræddum við Guðjón einhverntíma "Geirfinnsmálið" sem við töldum úr sögunni þar sem lögreglan hefði altaf verið á villigötum.

Ég hefi grun um að hann hafi vitað eitthvað um Guðmundarmálið án þess ég segði honum frá xþví. Mér skildist það stundum á tali hans.

Ég tel að Guðjón hafi verið með einhverjar upplýsingar um aðila sem hann þekkti í Keflavík, færðar inn í vasabók hjá sér. Þetta var lítil svört bók sem ég sá hann vera að fæltta er hann hringdi í síma. Ég vissi líka að hann hafði fært eitthvað umíþessa bók um peningamál.

Meðan Erla gekk laus seinni partin í fyrravetur þá heimsótti hún Guðjón stundum. Hún sagði mér það við samprófun í vor"

Ég vil geta þess sérstaklega að hafi Guðjón haft einhverja vitneskju um "Guðmundarmálið" þá hefur hún verið komin frá Erlu"

Yfirheyrslu lauk kl. 22,25.

Vottur:

Jónas Bjarnason.

Jónas Bjarnason

ranns.lögr.m.

Upplesið staðfest.

Sævar M. Cieselski

Sævar M. Cieselski

Miðvikudaginn 17. 11. 1976 kl. 19:30 er tekin skýrsla í Fangelsinu í Síðumúla af Guðjóni Skarphéðinssyni, gæslufanga, til heimilis að Rauðarárstíg 32, Reykjavík, fæddum 19. 6. 1943 að Marðarnúpi, A.-Hún.

Honum er kunnugt tilefni yrirheyrlunnar sem er að spyrja hann um hlut hans í máli því er upp hom í des. 1975 er hess fanst í bifreið hans er hún kom til landsins frá Holllandi.

Gætt er ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Eftir það skýrir hann svo frá áminntur um sannsögli:

"Ég hef áður skýrt frá þessu máli í Sakadómi í ávana og fíkniefnamálum. Ég gaf Ásgeiri og Sævari leyfi til að athuga hvort þeir gætu komið hassi fyrir í bifreiðinni. Ég var ekki með þeim við þessa athugun, né heldur er þeir komu hassinu fyrir í bifreiðinni. Ég var í um 2 klst. hjá skipahöndlara að ganga frá flutningnum á bifreiðinni heim. Ær ég kom að bifreiðinni aftur, þá voru Sævar og Ásgeir búnir að losa aftursætið úr. Sagði ég þeim að hreyfa ekki við bensíntanknum, en gekk svo inn á sjómannahemili í grendinni og var þar uns þeir komu þangað. Ég ~~hafið~~ vitneskju um það að þeir áttu hess í fórum sínum, en ekki var neitt talað beinum orðum um að þeir hefðu komið því fyrir í bifreiðinni." - Er yfirheyrslu var hér komið spurði ég ~~Sævar~~ Guðjón hvað hann hefði átt að fá fyrir að hassið væri flutt til landsins í bifreið hans. Sagði hann í fyrstu, að þeir Sævar og Ásgeir, hefðu ætlað að greiða flutningskostnað bifreiðarinnar til Íslands og að auki hefði hann átt að fá kr. 100.000,oo. Spurði ég þá hvenær og hvar þessir samningar hefðu verið gerðir, en þá sagði Guðjón, að sér væri illa við að vera að játa á sig sakir í smámálum sem þessu og hann gæti ekki séð tilganginn með þessum spurningum. Guðjón var þá minntur á, að hann hefði í skýrslum haldið fram sakleysi sínu í Geirfinnsmálinu og fullyrt að Sævar væri að ljúga upp á sig sökum í því máli. Hann væri spurður um betta hess-mál til að

ganga úr skugga um hvort í því máli hæmi fram ástæða hjá Sævari til að ljúga sökum á Guðjón í Geirfinnsmálínus, enda væri jöfnum höndum reynt að kanna þau atriði sem bentu til sektar hans og síknu. Þá var Guðjón ítakar spurður um hvar og hvenær rætt hefði verið um hans ágðahlut í hassmálínus. Hann kvaðst ekki muna þetta og svaraði að öðru leyti óljósum orðum. Yfirheyrslu var þá hætt, þar sem ekki reyndist unnt að fá Guðjón til að skýra sjálfstætt frá.

Guðjón var rólegur og svaraði skilmerkilega er hann var spurður um málið í fyrstu, en er þar kom að hann var spurður um væntanlegan ágðahluta hans sjálfss í málínus, þá varð hann órór og virtist honum renna í skap. Var honum greinilega á móti skapi að rifja þetta mál upp.

Aflað verður afrits af dómsrannsókn í þessu hassmáli hjá Sakadómi í ávana- eð fíkniefnamálum.



Grétar Sæmundsson

lögreglum

Reykjavík 18. nóv. 1976.

I dag talaði K. Schutz við Guðjón Sharphéðinsson í fangelsinu við Síðumúla. Ásamt undirrituðum var Pétur Eggertz sendiherra viðstaddir.

Schutz spurði m.a., afhverju hann (þ.e. Guðjón) hefði í gær farið að tala við Grétar ranns.löggreglum. um Fíatbifreið tengdamöðir sinnar.

Guðjón svaraði að hann hefði séð í Morgunblaðinu á sínum tíma að talað var um Fíatbifreið í sambandi við "Geirfinnsmálið" og mann sem komið hefði á olíustöð á Akureyri ~~████████~~ og talið hefði verið að sú bifreið tengdist málinu.

Schutz bendir Guðjóni á að hann eigi að segja það sem hann viti um mál þetta, ef það yrði til að sanna sakleysi hans. Jafnframt bendir hann á sakir þær sem Kristján Viðar, Sævar og Erla Bollaðottir beri á hann í málinu.

Guðjón segist reyna að hjálpa til. Schutz segir honum að það eina sem honum detti í hug í sambandi við málið sé Fíatbifreiðin. Því þurfi vandlaga að athuga með bifreið þessa.

Guðjón segist stundum hafa haft hana að láni og líklegast tvisvar sinnum hafi hann verið með hana fyrir utan skrifstofu Menningarsjóðs. Segist ekki hafa átt neina kunninga í Grindavík á þessum tíma.

Schutz bendir honum á að hann hafi virtst hafa áhuga á máli þessu þar sem hann hafi verið að skrifa um það í vasabók sína og ~~nefnt~~<sup>bíltugundina</sup> par Guðjón segist ekki muna ~~t~~il að Sævar hafi nokkurntíma komið upp í umrædda Fíatbifreið.

Schutz bendir honum frekar á ásakanir þær sem á hann eru bornar.

Guðjón segir að þarna sé um algjöran hugarburð hjá þessu fólki að ræða. Hann tekur það framm að hann hafi sérstaklega gott minni.

Schutz spyr hvort hann hafi jafnvel farið einhvern hluta af umræddri ferð til Keflavíkur.

Eftir umhugsun og hafi nefnt oftar en einu sinni við sjálfan sig "Hluta af leiðinni" svaraði hann neitandi.

Hvort umrætt ~~fóll~~ hefði einhverntíma farið með honum til Grindavíkur svaraði hann neitandi.

Hann er spurður hvort hann hafi farið á ákveðin consert þar sem sérstaklega minnisstæður atburður hafi gerst. Segist hafa farið á consert nr. 2 í Hamrahlíðarskóla án þess að neitt sérstakt gerðist.

Falar um bóksöluferð til Grindavíkur á vegum Menningarsjóðs að hann heldur 17/11. 1975.

Hann er spurður hvort honum hafi ekki dottið neitt í hug til að hjálpa til við málið. Svarar þessu neitandi.

Hann er spurður um símtalið við Sævar frá Kaupmannahöfn í mars 1975. Segist ekki vita hvað það kostastaði. Honum er bent að frammiburður Erlu og Sævars falli saman um hvað talað var. Svarar að ef hann hafi eitt hvað verið að vara Sævar við að koma til Íslands þá hafi það vegið vegna póstsvikamálsins.

Schutz bendir Guðjóni á að kæruleysi af hans hálfu sé ekki gott í máli þessu. Erla, Sævar og Kristján Viðar hafi breyttst og gefi nú upplýsingar sem sumar hafi reynst vēra réttar.

Hann er spurður hvort hann hafi komið í kjallara húss við Grettisgötuna. Segist hafa komið með konu sinni í kjallara við nefnda götu þau hafi verið að hitta stúlku sem kölluð var "Sibba" Með þeim hafi verið nemendur konu sinnar. Segist ekki vita hvar Kristján Viðar bjó.

Guðjón er spurður um hvort honum væri kunnugt um að maður hefði flogið til útlanda undir fölsku nafni 20/11. 1974. Spurði á móti "hvort það hefði staðið í blöðunum"

J. Bjarnason  
ranns.lögr.m.

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

R. 19. nóv. 1976.

I þessari skýrslu verða tekin saman, þau atriði, þar sem Guðjóns Skarphéðinssonar hefur verið getið, varðandi ferðina til Keflavíkur þann 19. nóv. 1974 og atriði varðandi samskipti hans við Sævar Ciesielski, sem fram hafa komið við yfirheyrsur og skýrslutökur frá 10. nóv. 1976.

Skýrsla tekin af Kristján Viðari þann 10/11 1976, bls.719.

1. Guðjón tók þátt í umræðum í herbergi heima hjá Kristjáni að Grettisgötu 82, þar sem rætt var um hvað gera ætti við lík Geirfinns.
2. Guðjón aðstoðaði við að flytja líkið úr geymsluherbergi í kjallaranum í þvottaherbergið, að Grettisgötu 82.

Sævar segir við yfirheyrsu þann 11/11 1976, bls. 725.

3. Guðjón, Kristján Viðar og ég (Sævar) fórum inn um aðal-innganginn að Grettisgötu 82 og opnuðum síðan dyrnar á kjallaranum.

Skýrsla tekin af Sævari þann 15/11 1976, bls. 765.

4. Sævar talaði við Guðjón í síma, daginn sem hann var handtekinn í Kópavogi, áður en lögreglan kom.
5. Sævar hringdi til Guðjóns og talaði við hann, þegar lögreglan stóð fyrir utan dyrna.
6. Guðjón sagði við Sævar í símann: "Gefðu ekki neitt upp, sem þú veizt um Geirfinnsmálið".
7. Guðjón hringdi til Sævars og talaði við hann, í þann mund er lögreglan kom inn í íbúðina og sagði: "Ég ætla að halda mig utan við smyglið, þú verður að redda þessu".
8. Guðjón hringdi 2 eða 3 í Sævar, haustið 1975 og bað hann að koma út og ferðast með sér.
9. Guðjón skrifaji Sævari þréf frá Frakklandi, haustið 1975.

10. Guðjón hringdi "collect" til Sævars, frá Frakklandi og spurði hvort hann ætlaði ekki að koma út.
11. Guðjón hitti Sævar í Luxemburg, haustið 1975 og fór með honum til Amsterdam.

Skýrsla tekin af Erlu þann 15/11 1976, bls. 772.

12. Erla telur Guðjón hafa verið með, þegar líkið af Geirfinni var flutt frá Grettisgötu 82, suður á Álfanes.
13. Guðjón sat í aftursæti Land-Róver jeppabifreiðarinnar, ásamt Kristjáni.
14. Guðjón bar pokann (líkið), ásamt Kristján úr bifreiðinni á Álfanesi.
15. Sævar hringdi "collect" til Guðjóns frá Kaupmannahöfn í febrúar 1975 og spurði um ástandið á Íslandi.
16. Guðjón sagði Sævar, að ástandið væri ekki gott og hann skyldi ekki koma heim til Íslands.
17. Guðjón sagði við Sævar, þegar <sup>Sævar</sup> ~~Sævar~~ heimsótti hann ásamt Erlu: "Það væri meira hvað neðanjarðarhreyfingin væri orðin áberandi".
18. Þegar líkfundur var á Seltjarnarnesi, spurði Guðjón Sævar, hvort þarna væri annar Geirfinnur.
19. Guðjón bauð Erlu í kaffi á veitingastaðnum Tröð í janúar mánuði 1976 og spurði mikið um Geirfinnsmálið.
20. Guðjón talaði við Sævar í síma, daginn sem hann var handtekinn (12/12 1975) og talaði um hassið í bifreið hans og hefði hann átt að fá þóknun fyrir, að leyfa að fela það í bifreiðinni.
21. Guðjón sagði Erlu, að hann hefði vitað um hassið í bifreið hans og hefði hann átt að fá þóknun fyrir, að leyfa að fela það í bifreiðinni.

Erla sagði við yfirheyrslu þann 15/11 1976, bæs. 777.

22. Sævar hringdi "collect" til Guðjóns frá Kaupmannahöfn og spurði um ástandið á Íslandi.
23. Guðjón sagði að ástandið væri ekki gott og að hann (Sævar) skyldi ekki koma til Ísland, heldur fara lengra í burtu.(út í heim.)

24. Guðjón ræddi við Sævar, um það sem staðið hefði í dagblöðum um Geirfinnsmálið.
25. Guðjón spurði Erlu, eftir að hún sagði honum að Geirfinnsmálið væri komið á dagskrá: " Hvað hefur komist upp ?".
26. Guðjón spurði Erlu ástur og aftur, hverjir hefðu verið í fjörunni 19. nóv. 1974.

Skýrsla tekin af Erlu þann 19/11 1976, bls. 790.

27. Sævar hringdi "collect" í Guðjón frá Kaupmannahöfn í febr. 1975 og talaði við hann í ca, 5 til 10 mínútur.
28. Guðjón sagði að ástandið væri ekki gott á Íslandi og þau skyldu ekki koma heim, heldur fara eitthvað lengra út í heim t.d. til Frakklands eða Ítalíu.
29. Guðjó og Sævar töluðu "undir rós" í símann.
30. Sævar og Erla heimsóttu Guðjón þrisvar sinnum, eftir að þau komu heim frá Kaupmannahöfn og var þá alltaf rætt um Geirfinnsmálið.
31. Guðjón bað Erlu að koma heim til sín, þegar hann bauð henni í kaffi á Tröð, til þess að ræða betur um Geirfinnsmálið.
32. Guðjón spurði Erlu: "Hvað hefðr komist upp?" Það var þegar hann vissi að Geirfinnsmálið var komið á dagskrá.
33. Guðjón sagði Erlu að hann hefði vitað um hassið í bifreiðinni og hefði hann átt að fá þóknun fyrir.
34. Guðjón skrifaði Sævari bréf frá Frakklandi.
35. Guðjón hringdi "collect" til Sævars frá Frakklandi.
36. Guðjón hringdi 2 "collect" til Sævars frá Luxemburg.

SVE.

20. nóv. 1976.

Yfirlit, sem sem samræmi virðist vera í framburðum varðandi ýmis atriði í máli þessu.

Yfirlitið nær frá 19. okt. 1976 til 17. nóv. 1976.

- 19.okt.1976 Bjarni Þór ekur til Keflavíkur. (frásögn Erlu B. bls. 657). Sævar C. var í kápu Erlu í Dráttarbratuinni í Keflavík. (frásögn Erlu, bls. 658).
- 20.okt.1976. Sigurður Jóhann Geirfinnsson segist hafa svarað í símann, þegar hringt var til Geirfinns. Kallaði "pabbi" og Geirfinnur fór í símann. (frásögn Sigurðar Jóhanns Geirfinnssonar bls. 606-607).
- 20.okt.1976. Bjarni Þór hafði í fórum sínu kápu í nóv. eða des. 1974. Sævar sótti svo kápuna. (frásögn mðður Bjarna Þórs, bls. 608).
- 21.okt.1976. Kápa Erlu heima hjá Bjarna Þór og henni lýst. (frásögn Erlu B. bls. 614).
- 21.okt.1976. Kristján V. hringir í Geirfinn úr Hafnarbúðinni. (frásögn Kristjáns, bls. 615).  
Sagt frá útlendingslegum manni í Dráttarbrautinni í Keflavík. (frásögn Kristján, bls. 615).  
Talað um þybbinn mann, ~~xxx~~ ca. 40-50 ára í Dráttarbrautinni. (frásögn Kristjáns, bls. 615).
- 21.okt.1976. Erla B. sögð hafa átt ~~þá~~ kápu. Hulda Waddel gaf henni hana. (frásögn Þóru Erlu Ólafsd., bls. 619).
- 21.okt.1976. Hulda Waddel staðfestir að hafa gefið Erlu B. kápuna. (frásögn bls. 620).
- 22.okt.1976. Sævar fór með kápu Erlu B. til Bjarna Þórs. Hafði gengið í þessari kápu. (frásögn Sævars, bls. 621).

- 22.okt.1976. Bjarni Þór ók Land-Rover bifreiðinni til Keflavíkur.  
 Sævar var í Kápu Erlu á leiðinni. (frásögn Erlu, bls. 622).  
 Sævar segir kápuna vera hjá Bjarna Þór. (frásögn Erlu, bls. 623)
- 22.okt.1976. Kápan var sótt heim til Bjarna Þórs. (frásögn Sævars, bls. 624)
- 26.okt.1976. Kápa Erlu var heima hjá Bjarna Þór. (frásögn Bjarna Þórs, bls. 640)  
 Sævar sækir kápuna heim til Bjarna Þ. (frásögn Bjarna Þ. bls. 640)
- 27.okt.1976. Kristján V. hringir í Geirfinn úr Hafnarbúðinni í Keflavík.  
 (frásögn Sævars, bls. 644).  
 Kristján V. slær Geirfinn í Dráttarbrautinni. (frásögn Sævars, bls. 645)  
 Geirfinnur láttinn í sendibifreiðina í Dráttarbrautinni. (frásögn Sævars, bls. 645).  
 Erla B. hvefur úr Dráttarbrautinni, en kápa hennar verður eftir í bifreiðinni. (frásögn Sævars, bls. 645).  
 Stöðvað við hús í Keflavík á leiðinni úr Dráttarbrautinni hingað til borgarinnar. (frásögn Sævars, bls. 645).  
 Kápa Erlu B. gleymist í bifreiðinni. (frásögn Sævars, bls. 645)  
 Átlaði að fara í Kjarvalsstaði 19. nóv. 1974. (frásögn Sævars, bls. 643).
- 28.okt.1976. Guðjón Skarphéðinsson tók þátt í ferðinni til Keflavíkur.  
 (frásögn Sævars, bls. 662).  
 Sævar fór í Kjarvalsstaði 19. nóv. 1974. (frásögn Sævars, bls. 662).  
 Sævar fór með móður sinni og Erlu B. í Kjarvalsstaði. (frásögn Sævars, bls. 663).  
 A leiðinni til Keflavíkur var rætt um að sýna Geirfinni fulla hörku. (frásögn Sævars, bls. 663).  
 Sævar segir Kristján Viðar hafa hringt úr Hafnarbúðinni í Keflavík. (frásögn Sævars, bls. 664).  
 Prekvaxxinn maður var í Dráttarbrautinni í Keflavík. (frásögn Sævars, bls. 664).  
 Kristján Viðar slær Geirfinn í Dráttarbrautinni í Keflavík. (frásögn Sævars, bls. 665).  
 Kápa Erlu B. var í bifreiðinni. (frásögn Sævars, bls. 666).  
 Guðjón Skarphéðinsson ók bifreiðinni að húsi í Keflavík.  
 (frásögn Sævars, bls. 666).  
 Ekið að Grettisgötu 82 úr Keflavík. (frásögn Sævars, bls. 666).

## 30.J

Sendibifreiðin stóð bak við húsið við Grettistöu. (frásögn Sævars, bls. 666).

Vafið utan um Geirfinn. (frásögn Sævars, bls. 666).

Sævar sagði Erlu B. hvað gerðist í Dráttarbrautinni í Keflavík. Erla B. sagðist sjálf hafa séð átökin. (frásögn Sævars, bls.. 667).

- 28.okt.1976. ~~Ekk~~ Erla B., Sævar C. og móðir hans horfa á kvíkmyndasýningu á Kjarvalssstöðum. Eftir sýninguna ók Erla móður Sævars heim í Land-Rover bifreið. Fóru á kvíkmyndasýninguna um kl. 20:30. (frásögn Erlu, bls. 670).  
 Sævar hringir til Kristjáns V. rétt áður, sennilega um kl. 19:30. (frásögn Erlu, bls. 671).

- 28.okt.1976. Geirfinni pakkað inn í svaftha plastpoka í kjallaranum heima hjá Kristjáni Viðari. (frásögn Sævar, bls. 667).  
 Sævar hringir í Kristján V. og býður honum "spíra". "Spírinn" átti að vera frá Guðjóni S. (frásögn Sævars, bls. 662).  
 Plastbrúsar bornir inn í kjallarann heima hjá Kristjáni V. (frásögn Sævars, bls. 666).

- 30.okt.1976. Guðjón Skarphéðinsson ökumaður til Keflavíkur. (frásögn Erlu, bls. 677).  
 Kristján V. fór inn í Hafnarbuðina í Keflavík. (frásögn Erlu, bls. 678).  
 Sævar og ökumaðurinn ræða um að ryðja manni úr vegi vegna "stæla". (frásögn Erlu, bls. 678).

- 1.nóv.1976. Kristján V. segir Sævar hafa hringt í sig að Laugavegi 32, en man ekki um hvað var rætt. Sævar gæti einnig hafa komið þangað. (frásögn Kristjáns V., bls. 684).  
 Ökumaður bifreiðarinnar rétti Sævari miða við Hafnarbuðina í Keflavík og Sævar létt síðan Kristján V. hafa miðann. (frásögn Kristjáns V. bls. 686).

- 2.nóv. 1976. Sævar barði Geirfinn með sýtu. (frásögn Erlu B., bls. 690).

- 3.nóv.1976. Sævar var með spýtu í Dráttarbrautinni í Keflavík. (bls. 694, frásögn Kristjáns V.).  
 Stórlögðuð vafinn inn í svart plast var í kjallaranum heima hjá Kristjáni V. Sævar sagði Kristjáni V., að í

bögglinum væri lík Geirfinns. (frásögn Kristjáns V. bls. 695).

4. nóv. 1976. Guðjón S. ók bifreiðinni til Keflavíkur. (frásögn Sævars, bls. 697).

Sæ Geirfinni var boðinn spítitus til kaups í Klúbbnum. (frásögn Sævars, bls. 697).

5.nóv.1976. Geirfinni boðinn spíritus til kaups í Klúbbnum, að undirlagi Sævars. Gæti hafa verið þann 17. nóv. 1974. (frásögn Kristjáns V. bls. 699).

8.nóv.1976. Lík Geirfinns var gráfið á Álfanesi. (frásögn Sævars, bls.707).

9.nóv.1976. Guðjón S. ók bifreiðinni til Keflavíkur. (frásögn Kristjáns V. bls. 710).

Sævar hringir í Kristján V. og bíður honum "spíra". Sævar nefndi Guðjón S. í því sambandi. (frásögn Kristjáns V., bls.710). Sævar talar við ökumanninn á leiðinni til Keflavíkur um mann, sem vandræði væru með. (frásögn Kristjáns V., bls. 711).

Kristján V. hringir úr Hafnarbúðinni í Keflavík til Geirfinns. (frásögn Kristjáns V., bls. 711).

Greint frá átökunum í Dráttarbrautinni í Keflavík. Kristján V. slær Geirfinn með hnefunum og planka. Guðjón S. sló Geirfinn einnig með planka. Sævar ~~xæf~~ réðist á Geirfinn. (frásögn Kristjáns V., bls. 712).

10.nóv.1976. Sævar, móðir hans og Erla voru í Kjarvalsstöðum þann 19. 11. 1974 um kl. 20:40. (frásögn Vilhjálms Knudsen, bls. 716).

~~Sævar mæta fras. vök XII 232 15/5 76~~

10.nóv.1976. Sendibifreiðin stöðvaði bakdyramegin heima hjá Kristjáni V.. Geirfinnur var borinn inn í kjallarann. Einnig plastbrúsar. (frásögn Kristjáns V. bls. 720).

Einhver setti svart plast utan um Geirfinn. (frásögn Kristjáns V., bls. 721).

11.nóv.1976. Sendibifreiðinni lagt bakdyrameginn heima hjá Kristjáni V. (frásögn Sævars, bls. 725).

15.nóv.1976. Erla B. fór í Kjarvalsstaði, ásamt Sævari og móður hans þann 19. nóv. 1974. (frásögn Erlu, bls. 772).

Erla ók Land-Rover bifreiðinni bakatil að húsinu heima hjá

Kristjáni V. Þar voru settir 2 þókar í bifreiðina. Ekið með pokana út á Álftanes. (frásögn Erlu, bls. 772).

Sævar C., Kristján V. og Guðjón S. voru með í ferðinni út á Álftanes. Þeir báru pokana út í hraun og grófu þá. (frásögn Erlu, bls. 772).

15.nóv.1976. Kristján V. bendir á hús það, sem stöðvað var við í Keflavíkurferðinni. (frásögn Kristjáns V., bls. 782).

17.nóv.1976. Sævar bendir á stað á Álftanesi, þar sem Geirfinnur á að hafa verið grafinn. (frásögn Sævars. bls. 788).

  
E. N. Bjarnason  
lögreglum.

## RANNSÓKNARNEFNDIN REYKJAVÍK.

20. nóv. 1976.

Atriði, þar sem ósamræmis gætir í frásögnum Kristjáns Viðars Viðarssonar og Sævars Ciesielskis, varðandi ferðina til Keflavíkur, atburðanna í Dráttarbrautinni í Keflavík og frágangi á líki Geirfinns Einarssonar, að kvöldi 19. nóv. 1974.


- Sævar, 27.10.1976: Kristján hafði sambandi við mig og spurði, hvort ég vildi koma með til Keflavíkur þ. 19.11.1974 og taka þátt í áfengissmygli. Petta var daginn áður, eða þ. 18.11. (643)
- Kristj. 1.11.1976: Ég minnist þess ekki, að við Sævar hefðum samband dagana fyrir 19. nóv. 1974. (Kristján hefur áður sagt í skýrslu, að Sævar hafi haft símasamband við hann, 19. nóv. 1974 og boðið honum þáttöku í smygli í Keflavík) (684)
- Sævar 27.10.1976: Kristján sagði, að bifreið mundi sækja mig þ. 19.11.1974, kl. um 21:30 og gefa hljóðmerki. (643)
- Kristj. 9.11.1976: Nokkrum dögum áður en Keflavíkurferðin 19.11.1974, var færin talaði Sævar við mig í síma. Sagði hann að maður kæmi að sækja mig og ætti ég að fylgja honum heim til Sævars, að Hjallavegi 31. (709)
- Sævar 27.10.1976: Ökumaðurinn stöðvaði á Vatnsstíg og bað mig að fara og sækja Kristján, á Laugavegi 32. Ég hringdi dyrabjöllunni, Kristján kom til dyra og við urðum samferða að bifreiðinni (643)
- Kristj. 9.11.1976: Það er hugsanlegt, að Sævar hafi hringt dyrabjöllunni, að Laugavegi 32, en ég fór ekki til dyra og ég gekk einn að bifreiðinna á Vatnsstíg. (710)
- Sævar 27.10.1976: Það var ekið niður Vatnsstíg og beygt til hægri, austur Hverfisgötu. (644)
- Kristj. 20.4.1976: Ekið norður Vatnsstíg og stoppað við Skúlagötu, að fyrirsogn Sævars. (192)
- Sævar 27.10.1976: Það var ekið allgreitt til Keflavíkur, eins og að ökumaðurinn væri að flýta sér. (644)

- Kristj. 1.ll.1976: Ökumaðurinn ók rólega í bænum og á leiðinni til Keflavíkur, en hratt til baka. (685)
- Sævar 28.10.1976: Kristján tók þátt í umræðum um Geirfinn, á leiðinni til Keflavíkur. (663)
- Kristj. 1.ll.1976: Eg minnist þess ekki að hafa tekið þátt í umræðum um Geirfinn á leiðinni til Keflavíkur, enda var ég sofandi á leiðinni. (685)
- Sævar 28.10.1976: Guðjón Skarphéðinsson, (ökumaðurinn til Keflavíkur) skrifaði miða með nafni og símanúmeri Geirfinns og rétti Kristjáni miðann. (664)
- Kristj. 1.ll.1976: Ökumaðurinn skrifaði miðann, rétti hann Sævari og Sævar rétti mér miðann. (686)
- Sævar. 28.10.1976: Kristján heilsaði Geirfinni, þegar hann kom inn í bifreiðina í Keflavík. (664)
- Kristj. 1.ll.1976: Eg færði mig til í sætinu, svo að Geirfinnur kæmist inn, en talaði ekkert við hann. (685)
- Sævar 27.10.1976: Kristján spurði ökumanninn, á Vatnsstíg, hvað klukkan væri og hvort hann þyrfti að fara eitthvað út í bæ. (684)
- Kristj. 1.ll.1976: Eg átti engin orðaskipti við ökumanninn, en hann sagði við mig "Gerðu svo vel" þegar hann hleypti mér inn í bifreiðina. (685)
- Sævar 27.10.1976: Eg veit, að Kristján og Geirfinnur gerðu samning um spírakaup, í Klúbbnum sunnudaginn 17.ll.1974. (645)
- Kristj. 5.ll.1976: Eg var með Sævari í Klúbbnum einhverntíma í nóvember, áður en Keflavíkurferðin var farin og Sævar benti mér á mann og sagði mér að bjóða honum spíra. Maðurinn varð undrandi og ég reiddist Sævari fyrir að fíflast með mig. Eg held, að þessi maður geti hafa verið Geirfinnur. (699)
- Sævar 27.10.1976: Eg átti að fá áfengi hjá Kristjáni. (646)
- Kristj. 20.4.1976: Sævar bauð mér aðild að spíraflutningi og sagði að miklir peningar væru í því sambandi. (192).

- Sævar 28.10.1976: Upphafið var, að Kristján reifst við Geirfinn, vegna þess, að vildi ekki kaupa spíra, eins og um var samið. (665)
- Kristj. 9.11.1976: Eg kom þar að, þar sem Geirfinnur var að rifast við Sævar, Guðjón Skarphéðinsson, ökumanninn og prekna manninn. (711)
- Sævar 28.10.1976: Kristján sló Geirfinn í andlitið. (665)
- Kristj. 9.11.1976: Eg er viss um að ég sló ekki í ~~höfuð~~ Geirfinns. (711)
- Sævar 28.10.1976: Kristján sló Geirfinn liggjandi, tvö högg í höfuðið með planka. (665)
- Kristj. 9.11.1976: Eg sló Geirfinn í öxlina með planka og henti honum síðan frá mér. Guðjón Skarphéðinsson tók plankann og sló Geirfinn liggjandi, en ég veit ekki hve oft. (712)
- Sævar 28.10.1976: Kristján sat í framsæti á heimleiðinni úr Keflavík, en ég sat í aftursæti. (666)
- Kristj. 10.11.1976: Sævar sat í framsæti á heimleiðinni, en ég í aftursætinu. (719)
- Sævar 28.10.1976: Kristján gaf mér í skyn, í Dráttarbrautinni, að Geirfinnur væri láttinn. (665)
- Kristj. 10.11.1976: Eg held, að Geirfinnur hafi verið skotinn í farmhúsi sendibifreiðar á Sundlaugavegi. (720)
- Sævar 28.10.1976: Kristján og prekni maðurinn báru Geirfinn úr sendibifreiðinni, ~~inn~~ í kjallarann að Grettisgötu 82.
- Kristj. 10.11.1976: Eg minnist þess ekki, að hafa aðstoðað við að bera Geirfinn úr sendibifreiðinni og inn í kjallarann. (720)
- Sævar 28.10.1976: Geirfinnur var grafinn í Grafningi í Þingvallasveit, en það gerðu, ég, Guðjón Skarphéðinsson, Kristján Viðar og prekni maðurinn. (668)
- Kristj. 10.11.1976: Eg hafði engin afskipti af flutningi á líki Geirfinns. (721)

Kristján Viðar, hefur sagt í skýrslu dagss. 21.10.1976, að Geirfinnur hafi fallið fram af klettum við Dráttarbrautina og hlutið bana af. (615-617) Hann hefur þó síðar látið þau orð falla, að hann skildi betta ekki með "fallið", því honum hafi fundizt betta hafa gerzt svona. Þetta sagði hann, eftir að hafa gefið skýrslu um átök við Geirfinn og að *Geirfinnur*

hafi verið sleginn með planka í höfuðið, í fjörunni í Dráttarbrautinni. Auk þessa, hefur Kristján bætt því við, að hann muni eftir flutningi á líki Geirfinns úr geymslu að Grettisgötu 82, út á Álfanes, þar sem hann, Sævar og hugsanlega Guðjón Skarphéðinsson grófu líkið í hrauni, en Erla Bolladóttir hafi ekið þeim í Land-Rover bifreið Sævars.



\_\_\_\_\_  
Haraldur Árnason  
rannsóknarlögr.m.

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

R. 21. nóv. 1976.

I þessari skýrslu verða atburðir eða atvik, sem fram hafa komið við yfirheyrslur, rakin í tímaröð, eftir því sem hægt er:

Dag	Ar.	Kl.	
Nóv.	1973		Erla sá Guðjón fyrrst á Lambhól v/Starhaga.
22 jan.	1974		Viggó Guðmundsson kom með hass til Íslands fyrir Sævar.
23-24 jan.	1974		Sævar kom til Íslands.
27 jan.	1974		Guðmundur Einarsson hvarf í Hafnarfirði.
4. febr.	1974		Sævar handtekinn af fíkniefnalöggreglunni.
5. febr.	1974	23:10	Sævar kom í fangelsið v/Síðumúla í gæsluvarðhald.
18 febr.	1974	11:55	Kristján Viðar settur í fangelsi til úttektar.
1 marz.	1974	16:20	Sævari sleppt úr fangelsi.
marz- ágúst.	1974		Guðjón og Sævar fara saman í samkvæmi í Kópavogi.
apríl	1974		Sævar stal póstpoka í afgreiðslu Flugfélagsins.
apríl- mai.	1974		Sævar fór og ráðfærði sig við Guðjón, um það hvort hann gæti fært sér í nyt, yfirstrikaðar ávísanir.
Júní- júlí.	1974		Guðjón og Sævar fóru saman í veiðiferð.
8 ágúst	1974		Kristján Viðar kemur út úr fangelsi.
ágúst	1974		Sævar talar við Guðjón um póstsvikamálið og kemur með 2 andlitsmyndir af Guðjóni.

Dags.	Ár.	Kl.	
23 ágúst	1974	16:50	Erla hringir fyrra póstsvikamálið.
26 ágúst	1974		Peningar samt. kr. 475 þús. sóttir í pósthúsið við Langholtsveg.
okt.	1974		Sævar kemur oft í heimsók til Guðjóns á Rauðalæk.
18 okt.	1974	17:45	Erla hringir síðara póstsvikamálið.
21 okt.	1974	14:30- 15:00.	Erla kom í pósthúsið í Umferðarmiðstöðinni og reynir að ná peningunum út, án árangurs.
22 okt.	1974		Erla og Sævar sækja peningana í pósthúsið á Selfossi.
14 nóv.	1974		Sævar kaupir Land-róver jeppabifreið.
nóv.	1974		Guðjón biður Sævar að selja fyrir sig áfengi.
17 nóv.	1974		Samkomulag gert við Geirfinn í Klúbbnum.
17 nóv.	1974		Kristján Viðar í Klúbbnum.
18 nóv.	1974		Kristján hringir í Sævar á Hjallaveg.
18 nóv.	1974		Guðjón hringir í Sævar, seinnipart dags, og ræðir við hann.
19 nóv.	1974	19:30	Erla sá Sævar hringja úr síma <del>máni</del> í Grýtubakka.
19 nóv.	1974	19:40	Guðjón hringir til Sævars í Grýtubakka og segist eiga stefnumót við Geirfinn kl. 21:30.
19 nóv.	1974	20:45	Sævar segist hafa farið frá Kjarvalstöðum að Grýtubakka og þaðan á Hjallaveg.
19 nóv.	1974	21:30	Akveðið stefnumót við Geirfinn í Keflavík.
19 nóv.	1974	21:30	Guðjón kom á Hjallaveg og sótti Sævar og Erlu.
19 nóv.	1974	22:10- 22:15.	Komutími að Hafnarbúðinni í Keflavík, en þá var Geirfinnur farinn.
20 nóv.	1974	01:00	Ekið frá húsi í Keflavík til Reykjavíkur.

Dags.	Ár.	Kl.	
20 nóv.	1974		Lík Geirfinns sett í kjallarageymslu að Grettisgötu 82, Rvík., heima hjá Kristjáni.
20 nóv.	1974		Guðjón ók Sævari heim á Hjallaveg um nóttina.
20 nóv.	1974		Erla kom heim á Hjallaveg um morguninn.
20 nóv.	1974		Guðjón kom með kápu og veski Erlu á Hjallaveg.
21 nóv.	1974		Sævar hringdi til Guðjóns og mælti sér móti við hann að Grettisgötu 82.
21 nóv.	1974		Um kvöldið var líki Geirfinns pakkað inn í umbúðir.
23 nóv.	1974		Guðjón sótti Sævar á Hjallaveg, strax eftir hádegi.
23 nóv.	1974		Lík Geirfinns flutt frá Grettisgötu 82.
5-8 des.	1974		Erla fer til Kaupmannahafnar.
15 des.	1974		Sævar fer til Kaupmannahafnar.
febr.	1975		Sævar hringir "collect" frá Kaupmannahöfn til Guðjóns og ræðir við hann um ástandi á Íslandi.
15 marz.	1975		Erla kemur til Íslands frá Kaupmannahöfn.
25 marz.	1975		Sævar kemur til Íslands frá Kaupmannahöfn.
26 marz.	1975		Guðjón kaupir Citroen fólksbifreið.
4 apríl	1975		Guðjón skráir Citroen bifreiðina á sitt nafn og skiptir um skráninganúmer.
maí-júní	1975		Guðjón og Sævar fóru í Gljúfurholt og til Selfoss.
júní	1975		Guðjón heimsótti <sup>ERU</sup> <del>Sævar</del> á Grundarstíg og spurði fréttu af Sævari.
16 júní	1975		Guðjón skráir sig í gestabók Landsbókasafnsins.
17 júní	1975		Guðjón hitti Sævar í miðbænum í Reykjavík og bauð honum í ökuferð, ásamt Guðrúnu eiginkonu sinni:

Dags.	Ar.	Kl.	
17 júní	1975		Kristján Viðar kemur út úr fangelsi, fór í fangelsi 14/1 1975 kl. ?.
23 ágúst	1975		Guðjón og Sævar fara til Bergen með Smyrli.
11 ágúst	1975		Kristján við settur í fangelsi.
nóv.	1975		Sævar og Erla fara til Keflavíkur til þess að kaupa erlendan gjaldeyri.
11 nóv.	1975		Kristján við strauk úr fangelsi.
12 nóv.	1975		Kristján settur aftur í fangelsi.
nóv.	1975		Sævar fer tvisvar til Kaupmannahafnar, var 2 daga fyrrst síðan ca. 7 daga.
nóv.	1975		Sævar fékk fréf frá Guðjóni, sem þá var staddur í Frakkalandi.
nóv.	1975		Sævar fór til Guðrúnar, eiginkonu Guðjóns, og fékk upp heimilisfang Guðjóns í Frakklandi.
nóv.	1975		Sævar sendir Guðjóni skeysi til Frakklands og biður hann að hringja "collect" til sín.
nóv.	1975		Guðjón hringdi "collect" í Sævar frá Frakklandi
nóv.	1975		Guðjón hringir tvisvar "collect" í Sævar frá Luxemborg.
nóv.	1975		Sævar fer til Luxemburgar og hittir Guðjón.
des.	1975		Í byrjun des. kom Guðjón í VOK studio og talaði þar við Sævar og Erlu.
12 des.	1975		Citroen bifreið Guðjón kemur til landsins.
12 des.	1975		Sævar talar við Guðjón í síma, fyrir hádegi um hassið í bifreiðinni.
12 des.	1975	13:00 - 14:00	Sævar hringir til Guðjóns, þegar lögreglan var fyrir utan dyrnar heima hjá honum.
12 des.	1975		Guðjón hringir til Sævars, í þann mund, er lögreglan kom inn í íbúð hans.

Dags.	Ar.	Kl.	
12 des.	1975		Sævar handtekinn af lögreglunni.
12 des.	1975		Erla hringir í Guðrúnu, eiginkonu Guðjóns, eftir að lögreglan hafði gert húsleit.
12 des.	1975	18:07	Guðjón settur í fangageymslu lögreglunnar v/fíkniefnamáls.
13 des.	1975		Erla handtekin vegna póstsvikamálsins.
13 des.	1975	17:30	Erla færð í fangelsið við Síðumúla í gæsluvarðhald.
18 des.	1975	17:30	Guðjóni sleppt úr fangelsi.
20 des.	1975	16:54	Erlu sleppt úr fangelsi.
23 des.	1975	17:35	Kom Kristján Viðar frá Litla-Hrauni og var settur í gæsluvarðhald í Síðumúlafangelsi.
jan.	1976		Erla heimsótti Guðjón og sagði honum frá mál Guðmundar Einarssonar.
Jan.	1976		Erla hitti Guðjón í Austurstræti, fór með honum í kaffi á Tröð og heimsótti hann svo síðar um daginn og sagði honum frá Geirfinnsmálinu.
14 maí	1976		Guðjón yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni v/ Geirfinnsmál.
12 nóv.	1976	07:25	Guðjón handtekinn af rannsóknarlögreglunni.
12 nóv.	1976	13:44	kom Guðjón í fangelsið við Síðumúla.

Tannsóknarnefndin Reykjavík.

R. 22. nóv. 1976.

I dag kl. 18:30 ræddi ég undirritaður við Erlu Bolladóttur, núverandi gæslufanga, í fangelsinu við Skólavörðustíg.

I samtalini sagði Erla eftirfarandi:

I janúar 1976 hringdi ég til Guðjóns Skarphéðinssonar og sagði honum frá því sem ég hafði sagt lögreglunni um hvarf Guðmundar Einarssonar. Síðan hitti ég Guðjón nokkru seinna og fór þá meðal annars heim til hans og sagði honum bá frá því, sem ég hafði sagt lögreglunni um hvarf Geirfinns Einarssonar, eins og ég hef þegar sagt í skýrslu.

Eftir þetta hringdi Guðjón nokkrum sinnum og talaði við mig, í síma móðurminnar, en ekki veit ég hvernig hann hefur fengið upp gefið þáverandi heimilisfang mitt eða símanúmer, þar sem ég sagði honum það ekki.

Guðjón spurði mig þá í hvert skipti er hann hringdi, hvernig gengi með Geirfinnsmálið, en hann hringdi þó alltaf undir öðru yfirskini.

Ég sagði Guðjón frá því að ég væri að fara til Hawai í febrúar 1976, eins og til stóð, og kvaðst hann því mjög fylgjandi og að það væri áreiðanlega það besta, sem ég gerði.



Sigurbjörn Eggertsson  
lögreglum.

23.11.1976. Í dag kom á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, Ellert Björn Skúlason framkv. stj. f. 9.10.1935, nafnnr. 2072-0158, tilh. Grundarvegi 21, Ytri-Njarðvík, sími 92-1880.

Ellert kom hingað til viðræðna við Karl Schutz og var einkum rætt um hugsanlega möguleika á, að koma að vinnuvélum við leit í hrauninu á Alftanesi og eins var Ellert spurður um, hvenær hringt hefði verið heim til hans og spurt um símanúmer Geirfinns.

Ellert sagðist ekkert geta sagt um möguleikana á, að koma vélum að í hrauninu, fyrr en hann hefði séð hraunið og aðstæður þar.

Varðandi símtalið, þá sagðist hann muna, að það hefði verið nokkrum vikum fyrir hvarf Geirfinns Einarssonar og að hann taldi um kvöldmatartíma, að hringt hefði maður og hefði sá talað um, að hann hefði verið vinnufélagi Geirfinns í Sigöldu og spurt um símanúmer hans. Ellert sagðist ekki muna það örugglega, hvort maðurinn hefði talað um, að hafa unnið með Geirfinni í Sigöldu, en allavega minnti sig, að svo hefði verið. Ekki myndi hann eftir því, að maður þessi kynnti sig og símtalið hefði verið stutt og hann látið manninum í té símanúmer Geirfinns.

Ellert var beðinn um, að forma spurningu mannsins og taldi, að eftirfarandi hefði verið sagt:

"Eg vann með Geirfinni í Sigöldu. Getur þú sagt mér símanúmer hans."

Ellert sagðist ekki muna eftir að spurt hefði verið um símanúmer Geirfinns heima hjá honum, nema í þetta eina sinni og sagðist hann hafa vitað, að nafn Geirfinns var ekki í símaskrá, enda hefði Geirfinnur fengið síma, eftir að símaskráin kom út.

Ellert fór síðan suður á Alftanes og fóru þangað einnig K. Schutz, Pétur Eggerz, Jónas Bjarnason og undirritaður.

Ellert leit þar á aðstæður og ræddi það mál við K. Schutz og var ákveðið að leita álits sérfreðra manna og þá einkum í sambandi við mosa og hugsanleg náttúruspjöll.

Verður síðar tekin ákvörðum, hvað gera skal. Þess skal getið að Ellert bauð fram aðstoð í sambandi við leit í hrauninu og sagðist sjálfur vilja leggja fram krafta sína og auk þess geta lagt fram mannskap.

Ivar Hannesson  
lögreglum.

Skýrsla til

Rannsóknarlöggreglunnar í Reykjavík

um áhrif rasks á gamburmosa

eftir

Bergþór Jóhannsson

Náttúrufræðistofnun Íslands

nóvember 1976

24. nóv. 1976 fór ég með rannsóknarlöggreglumanni og leit á ákveðið svæði á Álfanesi. Tilgangur var að reyna að gera sér grein fyrir hvort unnt mundi að sjá á mosagróðri ummerki um rask sem gert hefði verið í hrauninu fyrir um það bil tveim árum.

Hraunið á þessu svæði er allmikið gróið af blómplöntum og gamburmosabreiður ekki samfelldar. Þarna eru frekar smáar samfelldar gamburmosabreiður á steinum en annar gróður á milli. Pessar gamburmosabreiður eru ekki þykki en það að þær fylgja undirlagi nokkurnveginn.

Gamburmosi (*grámosi, Racomitrium lanuginosum (Hedw.) Brid.*) tekur næringu sína inn um stöngul og blöð úr regnvatni en hefur ekkert samband við jörðu eftir að hann er farinn að mynda breiður. Hann vex í endann um 5-10 mm á ári við góð skilyrði og eitthvað myndast af hliðargreinum, jafnóðum drepst neðan af honum. Í mosabreiðum eru því aðeins efstu sentimetatrarnir lifandi, það sem neðar er er dautt en er fast áframhald af lifandi hlutanum og fylgir með er mosinn er tekinn upp, enn neðar fer mosastöngullinn síðan að molna í sundur og mynda jarðveg. Sé gamburmosi tekinn upp og fluttur til lifir hann áfram án þess á honum sjáist en ef einhver hluti hans snýr ekki alveg rétt, þ.e.a.s. ef eitthvað af dauða hlutanum er á yfirborði eru merki sliks lengi að hverfa. Til að fá ápreifanlegar heimildir um þetta atriði fór ég ásamt aðstoðarmanni á Máláttúrufræðistofnun 26. nóv. 1976 á svæði í Svínahrauni skammt vestan skíðaskálans, sem ég hafði notað til tilrauna fyrir vegagerð ríkisins varðandi uppgræðslumöguleika á hrauni sem rutt hafði verið ofan af. Í einn reitinn í þeirri tilraun voru settir mosahausar með ákveðnu millibili. Þessir hnausar voru teknir úr þykkum mosabreiðum í hrauninu í kring. 21.-23. júlí 1973 voru settir í pennan reit 40 mosahausar um það bil 15x15 cm miðað við lifandi mosa. Í skýrslu um athuganir sem gerðar voru á þessum hnausa-reit 16. ágúst 1974 segir m.a. "Svo til engin breyting hefur orðið á hnausunum". Í júlí 1975 voru þessir hnausar athugaðir lauslega og engin veruleg breyting virtist þá heldur hafa orðið á þeim. Því miður var kominn snjór yfir svæðið 26. nóv. 1976 en þó tókst að finna og hreinsa snjó frá þrem hnausum. Tvennt athyglisvert kom í ljós. Augljóst

var að hnausarnir voru parna af mannavöldum. Þeir voru á röngum stöðum, þ.e. ef smámosabreiða hefði myndast parna af sjálfu sér hefði hún ekki vaxið þar sem hnausarnir voru heldur á öðrum stöðum rétt hjá. Hitt var að þar sem mosinn sneri ekki alveg rétt og dauði hluti mosans var á yfirborði voru ekki sjáanleg merki þess að þessi missmið væri farin að jafna sig. Tilraunasvæðið í Svínahrauni er að vísu ekki sambærilegt við allvel gróið hraun en nokkrar ályktanir má þó af því draga í þessu sambandi. Mosi sem færður er til er að sjálfsögðu lausari frá unairlagi en sá sem vaxið hefur á staðnum frá upphafi og er því nokkur hætta á að hann fjúki burtu eða fjúki af steinum niður á milli þeirra. Mosalausir steinar þó innan um mosa séu eru lengi að þekjast mosa, samkvæmt lauslegum athugunum á ruðningum meðfram vegum má gera ráð fyrir að slíkir steinar falli ekki eðlilega inn í unhverfið fyrr en að a.m.k. fimm árum liðnum. Hér er að sjálfsögðu ekki átt við smávölur.

Veðurfar og árstími er slikt rask er gert skiptir einhverju málí. Rask sem gert er að hausti ætti að verða meira áberandi en sé það gert að vori og rask sem gert er í frosti meira áberandi en sé það gert í þíðu. Einnig er líklegt að slikt rask sæist betur í þurru veðri en röku, þar sem um gamburmosa er að ræða, sem breytist verulega í útliti eftir rakastigi.

Sé gert ráð fyrir að á þessu ákveðna svæði á Álfanesi hafi fyrir tveim árum verið rótað upp mosa, steinum og mold og hlutur a.m.k. 150 cm langur urðaður þar, mold rótað ofan á, steinum hlaðið yfir og mosi settur þar ofan á, er spurningin, sæust þess enn merki ?

Aðstæður á þessu svæði eru þannig að ég tel að mjög mikla vandvirksi hefði þurft að viðhafa til að öll ummerki væru horfin eftir tvö ár. Ég tel þetta mun erfiðara við þær aðstæður sem parna eru en þar sem eru þykkar samfelldar mosabreiður. Við þær aðstæður sem parna eru tel ég að það þyrfti nánast sérfræðing sem fengi að dunda við þetta til að gera það þannig úr garði að ekki væri unnt að finna neitt óeðlilegt eftir tvö ár. Sé verkið aftur á móti unnið í flýti, myrkri, frosti eða af vankunnáttu, tel ég að hvert eitt þessara atriða nægi til þess að eitthvað óeðlilegt sæist eftir tvö ár. Lauslega áætlað tel ég að gera megi ráð fyrir a.m.k. fimm árum til að slikt svæði jafnaði sig að fullu. Vandkvæðin við slikt verk eru

margvísleg. Mosann verður að leggja rétt, dauður mosi má ekki vera á yfirborði, mosinn verður að vera á eðlilegum stöðum í eðlilegum skorðum, ekki má þekja svæðið alveg með mosa, ekki má fylla upp með mosa milli steinanna, ekki má skilja eftir bera steina sem við eðlilegar aðstæður væru mosavaxnir, einnig verður að taka tillit til fléttugróðurs á steinunum og annars gróðurs innan um mosann sem fluttur er. Fleira mætti vaðalaust nefna. Miklum mun auðveldara er að fela stóran hlut í gjótu eða í hrauni með þykki samfelliðri mosabreiðu þannig að ummerki hyrfu fljótlega.

Reykjavík, 27. nóvember 1976

*Bergþór Johannsson*  
Bergþór Johannsson


24.11.1976. Kl.21,00,fór ég og hafði tal af Agústu Huldu Baldvinsdóttur húsmóður f.28.3.1943,nafnnr.0151-4342, tilh.Snorrabraut 40,Reykjavík sími 15379.

Ég spurði Huldu um sögu þá,sem eftir henni er sögð í sambandi við bræðurna Leif og Hrein Vilhjálmsyni um vitneskju þeirra af Geirfinnsmálinu.


Hulda sagðist ekki muna eftir að hafa sagt neitt um þá bræður og alls ekki að hafa talað um Geirfinnsmál.

Hinsvegar gæti hún ~~mikið~~ hafa bullað eitthvað um þetta, en hún sagðist hafa verið að skemmta sér og verið mikið ölvuð og hana rámaði í,að hafa ekið í leigubíl,en þetta væri þó allt óljóst.

Hulda sagðist þekkja þá bræður lítillega og hafa hitt Hrein fyrir nokkru síðan,en ekki séð Leif síðan seinnipartinn í summar. Hún sagðist aldrei hafa heyrta þá minnast á Geirfinnsmálið og aldrei hafa heyrta talað um,að þeir væru neitt viðriðnir það mál,eða byggju yfir upplýsingum um málið.

  
Ivar Hannesson  
Lögreglu

24.11.1976. Í dag hefur fengist staðfest hjá  
símstöðvarstjóranum í Keflavík, að Geirfinnur Einarsson  
hafi lagt inn umsókn fyrir síma, þann 28.2.1973 og fengið  
síma tengdan, þann 7.3.1974.


Ivar Hannesson  
löggreglum  


24.11.1976. Í dag hringdi Ellert Björn Skúlason framkv.stj. f.9.10.1935, nafnnr. 2072-0158, tilh. Grundarvegi 21, Ytri-Njarðvík, sími 92-1880.

Ellert sagðist hafa rætt við garðyrkjumann varðandi mosa í hrauni, en sá garðyrkjumaður hefði ráðfært sig við Ingólf Davíðsson grasafræðing.

Hefði þeim báðum komið saman um, að við góð skilyrði og með góðri meðferð, þyrfti ekki mikið að sjá á mosa, þótt hann væri fluttur til og á tveimur árum, gæti hann jafnað sig fyllilega pannig, að ekki yrði vart við rask.

Ivar Hannesson  
Löggreglum.



Miðvikudaginn 24. 11. 1976 kl. 14:00 var ég undirritaður ásamt Jónasi Bjarnasyni, lögreglumanni, sendur til að gera leit í klefa Erlu Bolladóttur í Hegningarhúsinu við Skóla-vörðustíg. S.l. nótt höfðu tveir menn verið staðnir að verki við að fara inn í fangelsisgarðinn og reyna að ná tali af Erlu um glugga klefans.

Þarna var um að ræða klefa nr. 11. Gluggi kelfans snýr móti austri og yfir fangelsisvegginn sér í glugga á skrifstofum Borgarfógetans í Reykjavík. A glugganum er opnanlegt kýrauga og þegar komið er inn í fangelsisgarðinn, er auðvelt að koma hlutum út eða inn um gluggan. Ef staðið er upp á rúmgaflinum er auðvelt að tala við þann sem fyrir utan stendur.

Gerð var nákvæm leit í klefanum, en þar fannst ekki athugavert utan þrír bréfmiðar. Tveir þeirra eru vindlingabréf. Á annan er letað skrifstofum, Bjarni Pétursson, Njálsgötu 20 sími 23947 á aðra hliðina, en Bjarni er konungur konunga á hina. Á hinn er letað skrifstöfum Bjarni Leifur Pétursson Njálsgötu 20 Rvík sími 23947 á aðra hliðina, en Bjarni er fallegur Bjarni er konungur hvernig skrifar þú á hina. Þriðji miðinn er rifinn úr reikniblokki og á hann er letað með tússi Sæmundur Sigvaldason Faxabrua. 360 Keflavík í klefa 7 sími 92.1479.

Miðar þessir fylgja frumriti skýrslunnar.

  
Grétar Sæmundsson  
lögreglum.

832

833

Bréfmiðar sem fundust við leit í fangaklefa  
nr. 11 í Hegningarhúsinu þann 24. 11. 1976.

Fimmtudaginn 25. nóv. 1976 talaði ég við Sævar M: Ciesielski gæslufanga í fangelsinu við Síðumúla.

Íg lagði nokkar spurningar fyrir hann og lagði fast að honum að segja satt frá, en svara þeim ekki að öðrum kosti, þar sem röng svör gerðu engum gagn, en lengdu aðeins gæsluvarðhaldstíma hans.

Ég spurði hann hvert og hverjir hefðu flutt lík Geirfinns út kjallaranum á Grettisgötu 82. Sævar svaraði því til að það hefðu hann og Kristján Viðar gert. Erla hefði ekið þeim á Land-Rover bifreiðinni. Þetta hafi verið í myrkri um kvöld. Ekið hafi verið út á Álftanesveg og beygt þar til hægri út að hraunkanti stuttan vegartroðning eða slóð. Þeir Kristján hafi tekið líkið sem hafi vrið í poka úr frekar dökku efni (Taldi ekki venjulegan strigapoka) og borið það smá spöl niður með hraunkantinum og síðan stutt inn á milli hraunhólanna. Þarna hafi hraunið verið úfið. Þeir hafi tekið eimthvað af grjóti upp úr holu eða dæld utan í einum hraunbællanum og síðan sett líkið þar ~~með~~ ofan í og haugað allmiklu af grjóti yfir það. Þetta telur hann hafa gerst fimmtudagskvöldið næsta eftir Keflavíkurferðina.

Sævar segir að menn sem fóru í Keflavíkurferðina hafi verið óánægðir með staðinn og sagt m.a. að þarna yfir farið að byggja bráðlega og þá mundi líkið fynnast. Hann hafi hitt Kristján Viðar í Tjarnarbúð næasta laugardag á eftir og talað um það við hann. Kristján hafi ekki viljað sinna þessu og talið staðinn góðan. Þe hafi hann komið með sér og Albert Klahn á Toyodabifreið föður Albert og þeir flutt líkið suður í fjöruna sem hann sé búin að benda á Álftanesinu og grafið það þar í sand. Þetta sé alveg öruggt ~~en~~ hann fynni ekki staðinn. Þeir hafi ekið þar nokkuð um í myrkri áður en þeir tóku líkið út úr bílnum og báru það smá spöl frá honum.

Aðspurður um hverjir hefðu viljað láta flytja líkið var hann mjög tregur til að svara, en sagði síðan að þar hefðu verið um að ræða Þórhall Leifsson. Ingimar Jóhannsson (í Bílrúðunni) hefði vitað um þetta.

Spurður um hver hefði ekið til Keflavíkur, vildi hann ekki svara en t aldi að farið hefði vrið á ~~x~~ dökkrauðblárri Volvobifreið.

Hann gaf í skyn að ökumaðurinn hefði verið Ingimar Jóhannsson en fékkst ekki til að tala hreint út um það. Sagðist hafa sagt rangt til er hann ~~hefndi~~ Guðjón Skarphéðinsson í því sambandi, en kvað ekki fara á milli mála að Guðjón hefði verið í Keflavík umrætt kvöld og tekið þátt í því sem þar gerðist eins og hann væri búin að skýra frá. Hann kvað Guðjón og Ingmar þekkjast og Guðjón hafa verið tengilið milli síns og Þórhalls Leifssonar sem hann væri viss um að hafa verið í Keflavík umrætt ~~priðjudagskvöld~~.

Eg bað hann að svara hreint út hvaða leið hefði verið ekin er farið var af VAtnsstígnum umrætt ~~priðjudagskvöld~~. Hann ~~saraði~~ því til ~~á~~ ekið hefði ~~verið~~ ~~niður~~ VAtnsstiginn og stoppað við sendiferðabifreið Þórhalls sem verið hafi niður undir Skúlagötum og ~~í~~ síðan ekið inn á Skúlagötuna.

J.Bjarnason  
ranns.lögr.m.

Fimmtudaginn 25. 11. 1976 fór ég undirritaður í Fangelsið í Síðumúla til að færa Guðjóni Skarphéðinssyni, gæslufanga, skrifpappír. Hann hafði ákveðið að skrifa niður minnispunkta og afhenda dómaranum.

Við betta tækifæri talaði ég stutta stund við Guðjón. Hann talaði af fyrrabragði um ferð til Keflavíkur þann 19. 11. 1974, og að það væri skrítið að hann skyldi ekki muna eftir henni, þó sægi hann stundum myndir fyrir hugskotssjónum ínum sem hann ætti erfitt með að átta sig á. Spurði hann svo hvort ekki væri rétt að honum yrði ekið til Keflavíkurs, ef verða mætti til að eitthvað rifjaðist upp fyrir honum. Ég kvaðst mundu segja dómaranum frá þessu og hann tæki ákvörðun um þetta atriði. Ég brýndi fyrir Guðjóni að skrifa allt niður, sem værða mætti til að skýra þetta mál. Hann ætlaði að gera það og bað um að það yrði sótt morguninn eftir.

Guðjón var í mjög viðkvæmu sálaréstandi er ég var að tala við hann þetta sinn. Hann virtist vera klökkur og eiga erfitt með að tala um málið.

Morguninn eftir kom ég aftur í fangelsið og þá til að sækja það sem Guðjón hafði skrifað dómaranum. Guðjón var þá í betra andlegu jafnvægi. Hann kvaðst ekki hafa getað rifjað neitt upp um Keflavíkur ferð og telja að hann hafi ekki farið þangað.

*Gretar Sæmundsson*  
Gretar Sæmundsson  
lögreglum.

26.11.1976. Í dag var undirritaður í Vestmannaeyjum, ásamt Sigurbirni Víði Eggertssyni lögreglum.

Við ræddum þar við, Ingibjörgu Sigurðardóttur húsmóður, f.13.6. 1939, nafn nr. 4636-8509, tilh. Miðstræti 22, Vestmannaeyjum sími 1192.

Ingibjörg er eiginkona Leifs Vilhjálmssonar. Við inntum Ingibjörgu eftir því hvort hún væri tilbúin til að greina frá einhverjum ummælum, Sólrúnar Elídóttur.

Hún sagðist hafa verið stödd í veitingahúsinu Óðali, ásamt eiginmanni sínum Leifi Vilhjálmsyni. Þau hefðu verið þar í mat og þangað hefði þá komið til þeirra Sólrún Elídóttir, sem Ingibjörg sagðist kannast lítillega við.

Ingibjörg sagði að Sólrún hefði verið eitthvað ölvuð, en þó ekki áberandi.

Ingibjörg sagði, að Sólrún hefði þá farið að segja þeim frá því, að hún hefði lengi vitað um morðið á Guðmundi Einarssyni og sagðist Ingibjörg halda, að hún hefði einnig sagt, að Páll bróðir hennar hefði einnig vitað þetta.

Ingibjörg sagðist halda örugglega, að Sólrún hafi ekki nefnt nein nöfn í þessu sambandi.

Ivar Hannesson  
Lögreglum.

26.11.1976, kl. 17.20, er mættur til skýrslutöku, Leifur Vilhjálmsson verkam. f. 25.8.1946, nafnnr. 6070-0303, tilh. Miðstræti 22, Vestmannaeyjum sími 1192.

Tilefni skýrslutökunnar er það, að þann 26.4.1976 og aftur þann 6.5.1976, hringdi Leifur frá Vestmannaeyjum og greindi þá frá því, að Sólrún Elídóttir hefði sagt honum, að hún vissi ýmislegt um Guðmundarmálið og eins um Geirfinnsmálið.

Mætti er áminntur um vitnaskyldu og skýrir frá eftirfarandi, áminntur um sannsögli. Skýrslutakan fer fram í löggreglu-stöðinni í Vestmannaeyjum:

"Það var í janúarmánuði 1976, sem ég hitti Sólrúnu í samkomuhúsinu Óðali í Reykjavík. Þá var eiginkona míni, Ingibjörg Sigurðardóttir með mér (Ingibjörg er fædd 13.6.1939.)

Sólrún var þá ölvuð. Hún sagði okkur þá frá því, að hún hefði lengi vitað að Guðmundur Einarsson hefði verið myrtur og hverjir þar hefðin verið að verki, en gaf ekkert annað skyn.

Hún nefndi þá ekki nöfn á neinum mannanna, sem fjölmiðlar hafa greint frá í sambandi við það mál. Mig minnir að hún hafi talað um, að Páll Elísson bróðir hennar hefði varið hennar heimildarmaður.

Það var svo í marsmánuði 1976, að Sólrún var hér í Vestmannaeyjum um tíma og kom hún þá í heimsókn heim til míni. Hún var þá mikið ölvuð. Ég var einn heima er hún kom.

Þá barst Geirfinnsmálið á góma. Sólrún sagðist vita mikið um það mál og við vorum eithvað, að bollaleggja um það, hvernig Geirfinnur hefði horfið og sagðist ég þá telja, að hann hefði drukknað, en í fjölmiðlum hafði verið sagt, að farin hefði verið bátsferð. Sólrún sagði þá að hún vissi, að Geirfinnur hefði verið myrtur. Ég spurði þá hvort hún vissi hver hefði drepið Geirfinn og svaraði hún því þá einungis, að Tryggvi Rúnar, hefði ekki verið viðriðinn það mál.

Hún sagði mér í framhaldi af þessu, er ég spurði hana af hverju líkið ekki findist, að Geirfinnur hefði verið brenndur til ösku, einhversstaðar fyrir utan Reykjavík. Hún sagði í því sambandi, að ekki væri neinn vandi að láta mann hverfa með því að hella olíu á líkið í heila viku og brenda það til ösku. Annað vildi hún ekki segja mér um þetta. Hún létt í það skýna, að hún vissi hverjir hefðu verið að verki í sambandi við morðið og þennan umtalaða bruna, en nefndi þó engin nöfn.

Sólrún sagði mér í þetta skipti frá því, að hún hefði farið með Tryggva Rúnari til Keflavíkur, nokkru fyrir hvarf Geirfinns Einarssonar og hún sagði að þau hefðum þá hitt Geirfinn og mig minnir að hún segði, að hún hefði talað við Geirfinn, eða allavega séð hann. Ég vil þó ekki fullyrða að hún hafi sagst hafa talað við Geirfinn, en örugglega sagðist hún hafa séð Geirfinn.

Ég spurði hana ekkert hverra erinda þau hefðu verið þarna í Keflavík og hún talaði ekkert meira um þetta.

Ég taldi að Sólrún væri með þessum sögum, að gera sig stóra í mínum augum og lagði ekki neinn trúnað á þetta, en þegar síðar kom í fjölmöldum, að Tryggvi Túnar væri ekki viðriðinn hvarf Geirfinns og einnig að Geirfinnur hefði verið myrtur, þá fannst mér margt í sögu hennar vera þannig, að mér bæri að láta vita, sem og þá gerði.

Ég þekkti, Tryggva Rúnar, Sævar Marinó, Kristján Viðar, Albert Klahn og ~~XXX~~ var mikið með þessum strákum árið 1973, en ekkert eftir ágúst 1973, en hitti þó suma þeirra á <sup>siðan</sup> prettán danum 1974.

Ég hefi verið búsettur hér í Vestmannaeyjum ~~XXX~~ um mánaðamótin janúar og febrúar 1974!

Skýrslutöku lauk kl. 18,10.

Vottur:

Sigurbjörn V. Eggertsson.  
Sigurbjörn Viðar Eggertsson.

Upplesið staðfest,

Leifur Vilhjálmsson  
Leifur Vilhjálmsson.

Ivar Hannesson  
lögreglum.

Ivar Hannesson.

26.11.1976. Kl.18,10, er mættur til skýrslutöku, Leifur Vilhjálmsson verkam. f. 25.8.1946, nafnnr. 6070-0303, tilh. Miðstræti 22, Vestmannaeyjum sími 1192.

Tilefni skýrslutökunnar eru ummæli höfð eftir Huldu Baldvinsdóttur, Snorrabæaut 40, Rvík.

Mætti skýrir frá eftirfarandi, áminntur um sannsögli og áminntur um vitnaskyldu. Skýrslutakan fer fram í löggreglu-stöðinni í Vestmannaeyjum:

"Eg hefi ekki hitt umrædda Huldu í nokkur ár, en veit vel hver hún er og hverjum hún er gift.

Hún getur því ekki haft eftir mér neinar sögur um Geirfinns-málið, en hugsanlega gæti hún hafa frétt eitthvað um umrætt mál og að ég væri þá borinn fyrir sögu, sem ég hafði eftir Sólrúnu Elídóttur og mun ég hafa talað um þá sögu á vinnustað.

Ég hefi í skýrslu hér í dag, greint frá því sem ég veit um þá sögu Sólrúnar og hefти engu við að bæta þar."

Yfirheyrsli lauk kl. 18,15.

Vottur:

Sigurbjörn Viðir Eggertsson.

Upplesið staðfest,

Leifur Vilhjálmsson.

Ivar Hennesson  
löggreglum.

26.11.1976, kl. 20,00, er mættur til skýrslutöku í lögreglu-stöðinni í Vestmannaeyjum, Jón Arni Sveinsson verkam. f. 24.12. 1952, nafn nr. 5192-1372, tilh. Vesturvegi 15 b, Vestmannaeyjum, en dvalarstaður, Hásteinsvegur 5, Vestmannaeyjum.

Tilefni skýrslutökunnar er nafnlaust bréf úr Keflavík dags. 15.11.1976, en þar greinir frá því, að mætti og vinur hans Sigurður Agústsson, búi yfir veigamiklum upplýsingum um Geirfinns-málið, en þeir eru sagðir hafa verið í nánum kunningsskap við fólk það, sem viðriðið er málið.

Mætta er birt tilefni skýrslutökunnar og áminntur um vitnaskylduna og sannsögli, skýrir mætti svo frá:

"Mér hefur hér verið tjáð, að ég búi yfir upplýsingum um Geirfinnsmál og um þá aðila, sem því máli tengjast.

Petta er ekki rétt, en um Geirfinnsmálið veit ég ekkert nema það, sem ég hefi séð og heyrt í fjölmöglum. Ég veit heldur ekki um neina aðila, sem búa yfir upplýsingum um þetta mál.

Ég er fæddur og uppalinn í Keflavík, en fluttist þaðan haustið 1972 og þá til Reykjavíkur, en sumarið 1973 vann í í Keflavík, hjá Loftleiðum. Hingað fluttist ég síðan frá Reykjavík í janúar 1976.

Ég kynntist Erlu Bolladóttur dálítið haustið 1973 og minnir mig, að hún hafi farið að vinna hjá Pósti og síma nokkru síðar.

Ég kynntist henni í sambandi við kunningja minn og skóla-félaga úr Verslunarskólanum, Sigurð Helga Guðmundsson, sem síðar vann á Kleppsspítala en á nú heima á Seltjarnarnesi, en ekki veit ég götuheitið þar.

Erla hafði mikinn áhuga fyrir Sigurði Helga, en hann var þá með stúlku, sem átti heima á Lokastíg, en upp úr þeirra sambandi slitnaði og því hafði Erla, að ég held, áhuga fyrir Sigurði. Stúlka þessi heitir Lára Einarsdóttir, en ekki veit ég hvar hún núna býr. Úr sambandi milli Erlu og Sigurðar Helga varð þó ekki og nokkru síðar vissi ég, að Erla var farin að vera með Sævari Ciesielski. Sævar þekkti ég þá ekkert, en kynntist honum lítið, eða nær ekkert. Ég minnist þess, að hafa aðeins talað við Sævar, en mér þótti maðurinn mjög leiðinlegur og lítt traustvekjandi og okkar samband rofnaði, það litla sem það var, er Sævar stal lyklum að íbúð Láru, eða allavega var hann sterkelega grunnaður í því sambandi, en neitaði algjörlega, þótt

vitað væri, að hann hafði verið með lyklana. Eftir þetta talaði ég aldrei við Sævar. Ég held, að þetta hafi verið fyrst á árinu 1974, en þori þó ekki að fullyrða það.

Erlu hitti ég stundum sumarið 1974, en hún vann þá hjá Pósti og síma. Systir míni, Þórunn Sveinsdóttir vann þá í Gíróinu hjá Pósti og síma og er ég kom til hennar í heimsóknir á vinnustað, þá hitti ég Erlu stundum.

Mér vitanlega þekktust þær ekki. Þórunn býr í London í Englandi og vann hjá Pósti og síma á sumrin."

Yfirheyrslu lauk kl. 21.20.

Vottur:

Sigurbj. V. Eggertsson.  
Sigurbj. Víðir Eggertsson.

Upplesið staðfest,

Jón Arni Sveinsson.  
Jón Arni Sveinsson.

Ivar Hannesson  
Lögreglu

Ivar Hannesson.

26.11.1976. Þess skal getið, að Jón var spurður þess, hvort hann hefði þekkt Geirfinn Einarsson og sagðist hann ekki hafa vitað hver Geirfinnur var.

Ivar Hannesson  
Lögreglu

Ivar Hannesson.

Hedlaórik, 15. II - 86

343

Veiga miðlar upplýningar um Geisfjars-  
mál. gefur gefit piltar hérðan, um mi  
er náluvörður á höfðinu í Vestmanna-  
eyjum, rafn hans er Jón Sveinson,  
einnig birtur hans frá Reykjavík, sem  
hefur Sigrún Þórhildson, það var  
í nánum Rúmingelhápp 208 þá  
verz ákvæðir um umþotta eyfi.  
Rafir eru piltar mir í Vestmannaeyjum  
og búa a. m. R. Sigrúnus at Hlíðarsey f5

26.11.1976, kl. 21,25, er mættur til skýrslutöku í löggreglu-stöðinni í Vestmannaeyjum, Sigurður Karl Ágústsson verkam. f. 10.7. 1955, nafn nr. 7833-8768, tilh. Hásteinsvegi 5, Vestmannaeyjum.

Tilefni skýrslutökunnar er nafnlaust bréf úr Keflavík dags 15.11.1976, en þar greinir frá því, að mætti og vinur hans, Jón Sveinsson, búi yfir veigamiklum upplýsingum um Geirfinns-málið, en þeir eru sagðir hafa verið í nánum kunningsskap við fólk það, sem viðriðið er málið.

Mætta er birt tilefni skýrslutökunnar og áminntur um vitnaslylduna og sannsögli, skýrir mætti svo frá:

"Mér hefur verið birt hér, að ég sé talinn búa yfir upplýsingum um Geirfinnsmál og um fólk það, sem málínu tengjast." <sup>m</sup>

Petta er ekki rétt. Um Geirfinnsmálið veit ég ekki annað en það, sem fjölmíðlar hafa greint frá og minnist þess ekki, að hafa heyrt fólk tala um þetta, nema eins og gengur og gerist þegar eithvað mál er mikið í fjölmíðum.

Ég kannast aðeins við Kristján Viðar Viðarsson og hefi aðeins einusinni talað við Kristján, en það var um miðjan desembermánuð 1974, en þá var ég að vinna í Ólafsvík og lenti á fylliríi með strák, sem kallaður er "Ólafsvíkur-Geiri" og öðrum, sem heitir Lúther Harðarson frá Akureyri, en þeir unnu báðir í Ólafsvík. Við þvældumst þá til Reykjavíkur og þeir strákarnir ætluðu að ná sambandi við Pál Konráðsson og leituðu hans og fundu hann heima hjá þessum Kristjáni og þar var síðan setið eithvað við drykkju og allir fórum við síðan saman í Tjarnarbúð. Þetta var á sunnudagskvöldi.

Eftir því, sem ég best man, vorum við allir ölvadir og ég man ekki eftir neinum sérstökum samræðum þarna heima hjá Kristjáni, né heldur á dansleiknum. Ég skildi við strákana á dansleiknum og fór heim til systur minnar, sem bjó í Reykjavík.

Síðan hefi ég ekki hitt Kristján Viðar.

Nokkru eftir þetta, heyrði ég talað um, að Kristján Viðar seldi spíra, ásamt einhverjum öðrum og að salan færi fram í húsi í nágrenni við heimili hans og minnir mig, að Sundhöllin væri nefnd í því sambandi og að húsið væri ekki langt frá Sundhöllinni. Ég keypti þó aldrei spíra, né vissi um neinn, sem keypti að þeim. Þetta bar á góma er ég var að skemmta mér á Röðli og ég man ekkert hver þar var að tala um þetta.

Ég þekki ekki Tryggva Rúnar Leifsson, Sævar Ciesielski,  
Erlu Belladóttur né Albert Klahn og hefi heyrt talað um fólk  
þetta og séð nöfnin í dagblöðum."

Yfirheyrslu lauk kl. 21,55.

Vottur

Sigurbj. Víðir Eggertsson,  
Sigurbj. Víðir Eggertsson.

Upplesið staðfest,

Sigurður Karl Agústsson  
Sigurður Karl Agústsson.

Karl Hannesson  
Lögreglun.

Karl Hannesson

Mánudaginn 29. nóv. 1976 talaði ég við gæzlufangann Sævar Ciesielski í fangálsinu við Síðumúla og lagði fyrir hann nokkrar spurningar eftir að hafa áminnt hann um sannsögli. Sævar kvaðst mundi svara því sannleikanum samkvæmt sem hann vildi svara.

Ég spurði hann nokkra spurninga sem upp hafa komið í sambandi við yfirheyrslur yfir Guðjóni Skarphéðinssyni ofl.

Ég spurði hann um kynni hans af Sævari Geirdal Gíslasyni, en Kristján Viðar segir hann vin Sævar. Sævar svaraði því til að þeir hefðu verið kunningjar lengi, en aldrei hafi verið neitt sérstakt samband þeirra á milli utan einu sinni er þeir hafi farið saman í innbrot sem hafi mistekist þar sem komið hafi verið að þeim

Hann var spurður hvaða Ingi það hefði verið sem var gestur heima hjá Kristján Viðari morguninn eftir að Guðmundur Einarsson var dreppinn. Hann svaraði því til að það hefði verið Ingi RAfn Bæringsson.

Hann var spurður um hver væri Anna Ziskin, en það nafn kom fyrir í sambandi við Guðjón Skarphéðinsson. Hann kvaðst ekki þekkja þessa stúlku og aldrei hafa heyrt þetta nafn fyrr.

Hann er spurður um gula sendiferðabifreið sem Guðjón Skarphéðinsson hefur sagt frá. Hann telur að þarna se um að ræða bifreið sem "strákarnir á Þórustöðum" voru með.

Ég spurði hann um kynni hans af Þórhalli Leifssyni. Sævar kveðst fyrst hafa hitt Þórhall haustið 1973. Hann hafi þá verið með Ingimar Jóhannssyni. Þeir hafi hitt sig út á götu og hann farið með þeir inn á Umferðamiðstöð. Þeir hafi verið að ræða við sig að fara til Amsterdám og komast þar í samband við öruggan Contankt í sambandi við kaup á fíkniefnum. Ingimar kvaðst hann hafa þekkt fyrir. Þeir hafi lagt framm peninga fyrir fargjaldi og í des. þetta ár hafi hann farið til Amsterdam í þessum tilgangi. Með sér hafi farið Sigvaldi Ásgeirss. Sævar kvaðst hafa greitt hluta af fargjaldi hans. Hann kvaðst ekki hafa komist í samband við neimn öruggan Contankt og ferðin því orðið til lítils.

I jan. 1974 segir Sævar að þeir Ingimar og Þórhallur hafi gert sig út til fíknefnakuapa og lagt framm peningana. Hann hafi sjálfur útvegað gjaldeyrir með því að sækja um 2000 dollara í Búnaðarbánkanum og borið við að þetta væri í sambandi við kvíkmyndatöku. Pennan gjalddeyrir hafi hann fengið. Fyrst hafi hann farið til London en síðan til

Amst~~erdam~~. Hann hafi tapað hluta af peningunum og því ekki komið með heim nema einn kg. af hassi.

Sævar sagðist ekki hafa átt nein viðskipti frekar í sambandi við ~~þau~~ Þórhall, en hann sé öruggur um að hann hafi verið á sendiferðabifreið sinni í Keflavík 19. nóv. 1974.

Er ég spurði hann hverjir fleiri hefðu verið í sendiferðabifreiðinni í umrætt skipti var hann mjög tregur til svars, en sagði síðan að það hefðu verið þrír menn. Tveir frekar ungir en einn nálægt fimm-tugt. Ýngri mennirnir hefðu verið Guðjón Skarphéðinsson og Sigvaldi Ásgeirsson. Ekki vildi ~~wildi~~ hann svara því hver fullorðni maðurinn væri.

Ég spurði hann sérstaklega hver hefði ekið honum, Erlu og Kristjáni til Keflavíkur umrætt kvöld. Sæðar kvaðst ekki vilja svara því hver ökumaðurinn hefði verið, en Kristján þekki hann einnig. Það hafi verið farið á dökkrauðri Mersedes Benz bifreið af ~~grekar~~ gamalli gerð. Hann kvaðst telja að ökumaðurinn stundaði eitthvað leigu-akstur en hefði þó ekki pláss á leigubifr. stöð.

J.Bjarnason  
ranns.lögrm.

Mánudaginn 29. 11. 1976 kl. 15:30 er mættur til yfirheyrslu í Fangelsinu í Síðumúla, Guðjón Skarphéðinsson, gæslufangi, til heimilis heimilis að Rauðarárstíg 32, Reykjavík, fæddur 19. 6. 1943 að Marðarnúpi, A.-Hún.

Honum er kunnugt tilefni yrirheyrslunnar, sem er að rifja upp atvik frá í gærdag, er honum var ekið um götur hér í borginni og einnig til Keflavíkur. Gætt er ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Eftir það áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá: "Mér var í gærdag ekið um Vatnsstíg en ég man ekki efgir neinu í sambandi við þá götu. Ekki man ég til að hafa átt þar stefnumót við menn. Æg sjálfur hef örugglega ekki mælt mér mótt við neinn á Vatnsstíg. Ekki man ég eftit neinum sérstökum bifreiðum í sambandi við þá götu.

I gær rifjaðist upp fyrir mér, að stuttu eftir að Sævar og Erla höfðu komið til míni til að sýna mér LandRoverinn, þá ók ég til Keflavíkur á Vw fólksbifreið. Ég man ekki hvaða dag þetta var, en þetta gæti hafa verið þriðjudaginn 19. 11. 1974. Mig minnir, að daginn eftir þessa ferð hafi ég setið inni á Mokka og þar hafi ég séð í einhverju blaði frásögn af jarðarför Pórbergs Pórðarssonar. Mig minnir að Sævar hafi komið inn á kaffihúsið og sagt eitthvað á þá leið að nú væri bara að þegja, en jafn vel þá áttaði ég ekki á hvað var um að vera. Mig minnir að ég hafi lagt upp í þessa ferð frá Lambhóli við Starhaga, en mig minnir að ég hafi verið þar í heimsókn hjá Rafni Guðmundssyni, kunningja mínum. Það er ekki víst að ég muni þetta rétt. Ég held að Sævar hafi komið að Lambhóli þetta kvöld á Vw bifreið. Ég held, að þarna hafi verið ákveðið að ég færi með í þessa ferð til Keflavíkur, en ekki man ég til að hafa átt að fá neinn ~~ákvæði~~ ágóða af ferðinni. Svo sem ég segði í gær þá minnir mig, að ég hafi ekið bifreiðinni til Keflavíkur og að ~~mér~~ með mér í bifreiðinni hafi verið þrír farþegar. Einn af þeim var Sævar Ciesielski, en hinir tveir gætu hafa verið Erla og Kristján Viðar. Ég man að ég var hræddur við einn farþegann, sem ég ekki bekkti. Verið getur,

að frá Lambhóli hafi verið ekið á Vatnsstíginn, en ég átti sjálfur ekkert erindi þangað, enda var ég ekki skipuleggjari þessarar ferðar. Æg man ekki fyrir víst hvernig Vw bifreiðin var á litinn, en mig minnir að hún hafi verið ljósblá. Ekki veit ég hver átti þessa bifreið, en þetta gæti hafa verið bílaleigubifreið.

Mig minnir að Rafn hafi verið heima þetta kvöld og einnig gæti verið að hjá honum hafi verið staddir ~~stakkur~~ maður um 30 ára, sem heitir Vilhjálmur og kallaður er Villi. Hann var togarasjómaður síðast á Breiðalsvík fyrir um einu ári síðan. Ekki veit ég hvort þeir sáu Sævar þetta umrædda kvöld, enda getur verið að þarna sé ekki sama kvöldið að ræða.

Æg held að það sé rétt munað hjá mér, að Sævar hafi setið við hlið mér í framsætinu. Ekki man ég hvernig hann var klæddur, né heldur man ég hvernig hinir farþegarnir voru klæddir.

Æg ók eftir aðalgötunni inn í Keflavík, en þá sagði Sævar við hina farþegana að láta lítið á sér bera og minnir mig að allir hafi þá beygt sig niður, þannig að ekki hafi sést farþegar í bifreiðinni utan frá. Í gær var mér ekið að Hafnarbúðinni og kannaðist ég ekki við mig þar. Þó gæti verið að ég hafi stöðvað við götuhorn ekki langt frá Hafnarbúðinni og einn maður farið úr bifreiðinni. Ekki man ég til að ég hafi skrifað þarna á neinn miða til að láta manninn hafa. Hins vegar man ég nú eftir, að Sævar kom heim til mína daginn áður en þetta var. Þá hringdi hann eithvæð og skrifaði niður á miða, sem hann bað mig að geyma. Þetta varðandi miðann man ég ekki glögglega og er ég ekki viss að rétt sé með farið. Æg man ekki hvort ég var með pennan miða, eða hvort ég var beðinn um hann í Keflavík.

Mig minnir að einn farþeginn hafi farið út úr bifreiðinni og ekki komið inn í hana aftur. Það gæti hafa verið í grennd við Hafnarbúðina. Æg man ekki hvort nokkur annar kom upp í bifreiðina þarna. Eftir þetta var ekið áleiðis út úr Keflavík götuna átt að Garðinum. Þar var mér sagt að stöðva við hús,

sem ég sýndi í gær og er merkt Pípugerð Áhaldahús. Mér finnst að þar hafi allir nema ég farið úr bifreiðinni. Það sem næst gerðist get ég ekki rifjað upp, ég man það ekki, þó minnir mig að barna væri eitthvert vesen, Sævar hafi komið aftur að bifreiðinni og þurft hafi að fara á einhvern annan stað í Keflavík. Ég held að ég hafi eftir nokkrar mínúndur ekið áleiðis inn í bæinn aftur og stöðvað ekki langt frá bíói. Þangað hafi svo Sævar eða bæði hann or Erla komið og eitthvað hafi þurft að fara til að hringja í síma. Mér finnst að ekið hafi verið að sjoppu þar sem bensínstöð er og þar hafi Sævar farið inn til að hringja. Ég hef enga hugmynd um hvert hann var að hringja eða hvers vegna. Sama er að segja um tilgang fararinnar til Keflavíkur. Ég man ekki hvert erindið var, en þó finnst mér að Sævar hafi ætlað með þessari för að fjármagna utanlandsferð. Ég get ekki rifjað upp það sem gerðist eftir þetta í Keflavík, þó finnst mér að ekið hafi verið eitthvað meira um Keflavík og að einhver vitleysa var komin í málið. Ég held að ~~háð~~ við Sævar höfum bara verið tvívir í bifreiðinni á leiðinni til Reykjavíkur. Mig minnir að við höfum verið staddir fyrir ofan Hafnarfjörð, er Sævar sló kumpánlega í öxlina á mér og sagði við ~~með~~ mig eitthvað á þá leið, að ég væri orðinn samsekur um morð. Ég man svo næst eftir mér, er ég hneig niður í stóli heima hjá mér, þar sem mér hafði orðið mikið um það sem gerst hafði.

Á því tímabili, sem þessir atburðir gerðust, þá var ég ekki í slálarlegu jafnvægi. Um vorið 1974 varð ég mjög ör ~~þ~~ í skapi, pirraður og ergilegur. Í júlí um sumarið varð ég fyrir áfalli er faðir minn fórst í bílslysi og dóttir míni slasaðist. Um þetta leyti fékk ég hvert taugaáfallið á fætur öðru. Þegar leið á haustið varð ég þunglyndur, sljóður og viljalaus. Ég leitaði mér ekki lækninga vegna þessa.

I gær var ég spurður, hvort ég hefði um haustið 1974 komið í grjótnám nærri Sandgerði og minnist ég þess ekki, en ég þekki leiðina í gegn um Keflavík, þar sem ég hef farið þá leið til að heimsækja kunningja í Garðinum. Ég man ekki eftir að hafa farið nema þessa einu ferð til Keflavíkur haustið 1974.

Ég kom með Sævari að Gljúfurholti í júlí 1975 og þar sá ég gulan M-Benz sendibifreið, gluggalausan á hliðum að mig minnir. Ég man að Sævari varð mikið um að sjá pessa bifreið og vildi helst fara af staðnum. Talaði um að ekki væri óhætt að menn-irnir á bifreiðinni sægju mig. Einhvern veginn æxlaðist svo að ég sá ekki þá sem voru á bifreiðinni og veit ég ekki hverjir það voru. Ég leit á skráningarnúmerið á bifreiðinni og kemur mér nú í hug númerið R-35478. Í sambandi við pessa bifreið, þá man ég að Sævar og Erla fengu að geyma dótið sitt í kjallara-num á Lambhóli, er þau fóru á brott af landinu. Því var komið í geymslu hjá Rafni. Þegar Erla kom aftur um vorið 1975 þá sótti hún dótið og mun hún hafa fengið pessa sendibifreið til að flytja það. Mig grunar, að þessi bifreið standi í einhverju sambandi við atburðina í Keflavík.

Yfirheyrslu lauk kl. 18:40.

Vottur:

Jónas Bjarnason  
Jonas Bjarnason

Upplesið staðfest,

Guðjón Skarphéðinsson  
Guðjón Skarphéðinsson

Grétar Sæmundsson  
Grétar Sæmundsson löggreglum.

RANNSÓKNARNEFNDIN  
REYKJAVÍK

---

Reykjavík 28.11.76.

1) A t h u g a s e m d:

Í dag kl. 16:30 var ekið með kærða, Guðjón, með hans samþykki, í löggreglufólksbifreið frá Reykjavík til Keflavíkur.

Auk hans fóru:í þessa ferð:

Grétar, Pétur Eggerz og undirritaður.

Skömmu eftir að lagt var af stað ~~oskað~~<sup>fra</sup> fangelsinu G. eftir því að ekið væri eftir Vatnsstígnum.

Því næst var ekið hægt eftir þessari götu. G. leit vel í kringum sig. Að lokum lýsti hann yfir:

"Eg man ekki eftir neinu, þessi gata minnir mig ekki á neitt".

Borið var á hann að hann hefði fyrir stuttu síðan í samtali spurt um Volkswagen bifreið í sambandi við Vatnsstíginn. G. svaraði:

"Já, ég fór einu sinni með VW til Keflavíkur. Bílnum ók ég sjálfur. Eg get ekki sagt hvaða dag þetta var. En það var á "þessum" tíma, á árinu 1974. Það var eina ferðin sem ég fór til Keflavíkur, það var stuttu eftir reynsluferðina með Sævari og Erlu á Land-Rovernum þeirra. Eg held að VW-bifreiðin hafi verið full af fólk, en ég er ekki alveg viss."

Á leiðinni til Keflavíkur var G. spurður að því, af hvaða ástæðum hann gæti ekki munað eftir ~~xxx~~ atburðum sem væru svo þungir á metunum. Hann svaraði:

"Á árinu 1974 var ég orðinn mjög þunglyndur, þess vegna get ég ekki munað ákveðin atvik skýrt. Þunglyndið lýsti sér þannig að ég var þreyttur og rólegur. Ástæða þunglyndisins var látt föður míns 5.7.1974.

Aðspurður frekar:

"Því miður var ég aldrei í meðferð hjá geðlækni."

Aðspurður:

Það er rétt að Sævar tók af mér myndir. Eina þeirra átti að setja á skírsteini. Það var sænskur blaðamannapassi sem ég ætlaði að nota. Það þurfti ekki að stimpla hann til þess að setja myndina á. En það varð ekkert úr þessu.

Aðspurður:

"Einu sinni var ég staddir á bónabænum "Skunkurinn" með Sævari. Þar var gulur Mercedes sendiferðabíll. Sævar vildi ekki að ég sæi fólkisem sat í þessum bíl. Þetta var í júlí 1975.

Aðspurður, hvort hann hefði farið aðra ferð til Keflavíkur en þá sem áður er nefnd á Volkswagen bifreiðinni, svaraði G. "Nei". Að vísu þekki ég leiðina þangað, af því að ég hef farið nokkrum sinnum suður í Garð, þar sem ég á kunningja. Ég hef aldrei komið í grjótnám sem er nálægt þeim stað.

Aðspurður:

Ég man ekki lengur nákvæmlega eftir farþegum í VW bifreiðinni. Sævar gæti hafa verið þar. Ég er ekki viss um hvort Erla var þar. Það er ekki útilckað. Kristján þekki ég ekki persónulega. Þess vegna get ég ekki sagt hvort hann fór með í þessa ferð. En það er alveg við að það voru menn í bílnum. Þetta var aðeins ein ferð. En hún átti sér stað þegar áliðnara var kvölds en nú er."

Þegar ekið var inn í Keflavík, sagði Guðjón:

"Mig grunar að við höfum ekið hér"(G. átti við Aðalgötuna).  
"Ég hef ekki verið við Hafnarbúðina".

Parnæst var kærða ekið að Hafnarbúðinni. Eftir að hafa litið í kringum sig, sagði hann: "Nei, hér var ég ekki. Ég minnist heldur ekki að hafa lent í slagsmálum í Keflavík með fullorðnum manni.

G. stjórnaði nú ferð lögreglugifreiðarinnar í gegnum bæinn. Við bæjarmörkin (Útkeyrsluna) sagði hann:  
"Hér lögðum við bílnum".

Bifreiðin var stöðvuð. Að fyrirmælum G. var hún stöðvuð fyrir framan "Pípu gerð Áhaldahús". (Þessi staður er í um 200 m fjarlægð frá Dráttarbrautinni í Keflavík).

G. sagði ennfremur:

Nú steig fólkis út úr bílnum. Eg sat kyrr í bílnum og beið í um það bil 10 mínútur. Síðan ók eg aftur inn í bæinn og beið á einhverjum stað þar sem fjöldi fólks kom allt í einu út. Það gæti hafa verið kvíkmyndahús. Þar beið eg í hálftíma. Síðan stöðvaði eg aftur bifreiðina á móti bensínstöð. Einn farþeganna hafði sagt við mig áður. "Láttu ekki sjá þig svona ~~áxkkáðum~~ í bænum." Eg held að það hafi verið Sævar, það ~~værin~~ nefnilega eftir Sævari. Ekki man eg hvaða erindi farþegarnir þrír áttu til Keflavíkur. Eg veit ekki hvað þeir gerðu eftir að þeir fóru út úr bílnum. Þegar þremenningarnir komu aftur, ókum við aftur til Reykjavíkur, að því er mig minnir. Eg get heldur ekki munað hvar þeir stigu út. Þar. Eg man aðeins að eg nam staðar eftir það fyrir framan húsið sem eg átti heima í og að eg var kominn heim."

#### Athugasemd:

Að ósk G. var einnig ekið inn á svæði Dráttarbrautarinnar í Keflavík. G. vildi fara út úr bílnum. Af því að mjög dimmt var, var honum ekki leyft það vegna hættu á flóttu. G. spurði: "Hvernig var veðrið þetta kvöld, úr hvaða átt blæs vindurinn núna?". Síðan ~~þær~~ skrúfaði hann rúðuna niður og sagði "Mig langar að anda að mér loftinu".

A heimleiðinni þegar komið var að útjaðri R. bað G. um að ekið yrði eftir Grettisgötunni. Hann benti fyrst á þann stað sem hann hefði átt heima við Grettisgötuna áður. Síðan bað hann um að numið yrði staðar til þess að sjá undirganginn þar sem ~~hæg~~ innkeyrslan er á bak við hús nr. 82.

Að lokum lýsti G. yfir: "Eg hef aldrei komið inn í hús nr. 82. En ég var einu sinni gestur í húsinu við hliðina. Þar bjuggu kunningjar.

#### Athugasemd:

Allt sem G. sagði var skrifað niður á meðan á ferðinni stóð.

(Schütz), APr.a.D.

29.11.1976, kl. 16,20, er mættur á skrifstofu rannsóknar-lögreglunnar, Páll Rúnar Elísson matsveinn f. 25.8.1953 í Reykjavík, tilh. Hjallavegi 3, Ytri-Njarðvík. Nafnnr. 7002-3695.

Mætta er birt tilefni skýrslutökunnar, en frammi liggur skýrsla Leifs Vilhjálmssonar, dags 26.11.1976, en þar greinir frá því, að Sólrún systir Páls, hafi sagst hafa eftir Páli, vitneskjum morðið á Guðmundi Einarssyni.

Mætti skýrir frá eftirfarandi, alvarlega áminntur um vitnaskyldu og sannsögli:

"Ég vil hér byrja skýrslu mína á því, að neita með öllu, að vita nokkuð um morðið á Guðmundi Einarssyni og hafi Sólrún borið mig fyrir einhverjum sögum í því sambandi, þá eru það ósannindi hennar. Ég hefi ekki heyrt neitt um þetta mál annan en það, sem Tryggvi Rúnar létt eftir sér hafa er hann kom austur á Litla-Hraun í sumar.

Ég var reffsifangi á Litla-Hrauni í veturnar og losnaði 25.9.1976. Í febrúar í veturnar var ég sendur suður og þá mætti ég hjá Nirði Snæhólm og var þá tekin af mér löng skýrsla sem fjallaði um samskipti míni og Tryggva Rúnars og greindi ég þar frá öllu, sem ég vissi og er það allt sannleikur.

Ég vitna því til þeirrar skýrslu og hefi engu við hana að bæta. Þegar Tryggvi kom austur í sumar, þá sagði ég honum, að ég hefði greint Nirði frá öllum samskiptum okkar Tryggva og tók Tryggvi því ekki illa. Hinsvegar heyrði ég á skotspónum, aður en ég slapp, að Tryggvi hefði hótað því, að einhverjir myndu bíða eftir mér er ég slyppi út og ég fengi ærlega yfirhalningu, fyrir að ljóstra upp málum, sem ekki voru upplýst. Þetta sagði mér Sigurður Benidiktsson samfangi minn og Einar Einarsson, sem einnig var þá á Litla-Hrauni.

Mér var sagt, að byggja ekki boð um, að koma í party, eða ef mér yrði boðið í bíl. Ég tel, að þetta hafi verið á rökum reist, en ég fór á dansleik í samkomuhúsinu Stapa í Ytri-Njarðvík, þann 8. okt.s.l. að mig minnir örugglega og eftir dansleikinn fór ég gangandi niður í Keflavík og ætlaði að hitta þar stúlku, en er ég kom í Miðtúnið, en þar í götunni á stúlkan heima, réðust á mig fjórir karlmenn, sem ég rétt aður hafði orðið var við, að voru á eftir mér. Þeir spurðu mig aður, hvort ég vissi um patry einhversstaðar og er ég svaraði

því neitandi, réðust þeir allir á mig þeir lömdu mig og létu fætur ganga á mér og ég mun hafa rotast, enda voru þeir farnir þegar ég rankaði við mér. Þeir sögðu við mig er ég lá á götunni, að þetta yrði ekki síðasta yfirhalning sem ég fengi og ég ætti von á meiru. Ég sá mennina ekki það greinilega að ég geti lýst þeim, en tel, að þeir hafi verið á aldrinum á milli 20 til 30 ára. Það var svatra myrkur og ég var dálítið ölvadur. Ég hlaut nefbrot og tönn brotnaði í neðri gómi og einnig brotnaði tönn í efrigómi, en þar er ég með falskar tennur.

Ég leitaði ekki læknis og kærði ekki þessa árás, en sjá má á nefmnu að það er brotið. (Nefið er sjáanlega töluvert skakkt.) Ég vil, að það komi hér fram, að þegar við Tryggvi ræddum þessi afbrot okkar á Litla-Hrauni og hann sagði mér frá málum, sem ég greindi Nirði frá, að daginn á eftir þá hafði Tryggvi orð á því við mig, hvort hann hefði verið að blaðra eitthvað og hótaði mér þá lífláti, ef ég segði eitt einasta orð. Þetta held ég að ég hafi einnig sagt Nirði.

Þegar Tryggvi kom austur í summar, þá ræddum við saman um mál Guðmundar Einarssonar og hann sagði mér þá frá sínum þætti í því máli og hvað hann væri búinn að viðurkenna og minnir mig, að það hafi verið á þá leið, að hann, Kristján, Sævar og Guðmundur, hafi verið í íbúð Sævars í Hafnarfirði og mig minnir, að hann hafi einnig verið að ræða um tvær stúlkur þar, en þetta þori ég þó ekki að fullyrða með stúlkurnar.

Þarna hafi síðan orðið átök á milli Tryggva og Guðmundar og að Tryggvi hafi slegið Guðmund niður, en þá hafi Sævar lamið Guðmund í höfuðið þar sem Guðmundur lá á gólfini.


Ég held, að hann hafi talað um, að Sævar hafi lamið Guðmund með hnefulnum. Ég man þetta allavega svona og held að þetta sé í meginatriðum rétt þessi saga Tryggva.

Tryggvi minntist aldrei mér vitanlega á Geirfinnsmálið.

Þetta er það einasta sem ég veit um þessi mál og meira hefi ég því ekki hér að segja,"

Yfirlauk kl. 18,50.


Vottur:

  
Sigurbj. Viðir Eggertsson.

Upplesið staðfest,

  
Páll Rúnar Elísson.

Ivar Hannesson  
Höggreglum.



Priðjudaginn 30. nóv. 1976 talaði ég vBð gæslyfangann Sævar M. Ciesielski í fangelsinu við Síðumúla og lagði fyrir hann nokkar spurningar vegna upplýsinga frá Guðjóni Skarphéðinssyni er hann var yfirheyrður 29. sama mán.

Ég spurði hann að eftirfarandi eftir að hafa áminnt hann um sannsögli:

Hvaða sendiferðabifreiða hann hafi bekkt til eða haft afnot af árið 1974.

Sævar svaraði því til að hann hefði bekkt Pórhall Leifsson, en hann hefði verið með G M B sendiferðabifreið. Einnig strákana á Þórustöðum í ölfusi. Þeir hafi verið með gula Mercedes Benz sendif.bifreið. Frændi Kristjáns Viðar Óttar Sigurðsson hefði þá einnig ekið sendiferðabifreið. Bifreiðin frá Þórustöðum hafi verið notuð við að sækja dót Erlu á Lambhól og flytja það á Grundarstiginn.

Hann var spurður hvort hann hefði komið heim til Guðjón 18.nóv. 1974.

Sævar svaraði að hann teldi sig hafa komið heim til Guðjóns á Ásvallagötuna 17, 18 og 19 nóv. 1974 og hræsingt þaðan eitthvað í öll skiptin. Ekki kvaðst hann muna hvert hann var að hringja og ekki muna til að hann hefði skrifað neitt númer eða nafn á miða og fengið Guðjóni.

Hann var spurður hvort hann hefði farið með Guðjóni í bifreið til Keflavíkur.

Svar: "Ég hefi aðeins einu sinni farið með honum í bifreið til Keflavíkur. Þá fórum við frá Lambhól við Starhaga í í Broncobifreið sem Sigvaldi Asgeirsson ók. Ég held að faðir Sigvalda hafi átt bifreiðina. Þetta var að kvöldlagi snemma í nóv. 1974 að ég tel. Guðjón fór í hús í Keflavík og stoppaði þar inni í hálf-tíma en við Sigvaldi biðum úti. Ekki veit ég um erindi Guðjóns. Hús þetta var frekar gamalt eins konar raðhús. Ég tel að ég égi bent á það!"

Hann var spurður hvort hann hefði einhvert íma að kvöldlagi ekið í bifreið um Keflavík og beðið farþegana að láta bera lítð á sér.

Sævar kvaðst telja það útilekað að hann hefði þar átt í hlut.

Hann var spurður um hvort hann hefði farið að kvöldlagi inn í bensínsölu eða sjoppu við aðalgötuna í Keflavík til að hræsingja.

Hann kvaðst minnast þess að hafa verið einn á ferð í Keflavík með Erlu í blárri V.W bílaleigubifr. og þá hringt úr sjóppu við aðalgötuna. Þau hafi verið að leita að gjaldeyrir.

Sævar var spurður hvort hann hefði hitt Guðjón á Mokka 20/11. '74.

Svar: "Já. Eg hitti hann þar! Töluðuð þið um það drígr gerst hafði um nóttina? Svar: "Já eitthvað ræddum við um Geirfinn og að flytja byrfti líkið. Það var það í Kjallaranum hjá Kristjáni!" Bragi Bergsteinsson var barna með Guðjóni. Hann mun ekki hafa heyrt það sem við vorum að tala um, en hann sá að við vorum eitt-hvað að "makka"saman"

Hvenær var Geirfinnur fluttur? Svar: "Eg er ekki alveg viss á deginum!"

Er alveg víst að Kristján Viðar hafi tekið þátt í að flytja líkið aftur burt úr hrauninu? Svar: "Eg vil ekki svara þessari spurningu"

Nefndur Bragi Bergsteinsson er til heimilis að Sunnuvegi 23 s: 33216. fæddur: 23/lo. 1943, nafn nr. 1396 3630.

Hann hefur oft verið meðferðar hjá fíknedaileildinni fyrir grun um sölu og neyslu fíkneda. Geðheilsa hans og andlegt ástand mun oftast hafa verið það lélegt að ekki hefur verið hægt að yfirheyra hann að gagni.

J.Bjarnason  
ranns.lögr.m.

Miðvikud. 1. des. 1976 var farið með Sævar M.Ciešelski til Keflavíkur og hann beðin að benda á hús það sem Guðjón Skarphéðinsen hefði farið í. Hann benti á hús á Faxabrautinn, en þar er röð af gömlum húsum í raðhúsastíl. Ekki kvaðst hann geta sagt hvert húsið væri, en þau voru í tölunni frá 2 til 30.


J.Bjarnason  
ranns.lögr.m.

Priðjudaginn, 30. nóv. 1976, kl. 14:00, fór fram sakbending í herbergi Tæknideildar rannsóknarlöggreglunnar, Borgartúni 7.

Tilgangur sakbendingarinnar var, að kanna hvort Kristján Viðar Viðarsson, gæzlufangi, þekkti Guðjón Skarphéðinssen, gæzlufanga, úr hópi 8 manna, en Kristján hefur borið, að Guðjón sé viðriðinn hvarf Geirfinns Einarssonar og hafi m.a. verið viðstaddir, er Geirfinni var ráðinn bani í Dráttarbrautinni í Keflavík, að kvöldi 19. nóv. 1974.

Til aðstoðar við sakbendinguna, voru fengnir nemar við Lögreglu-skóla Ríkisins og þeir valdir þannig, að hæð, aldur og útlit, svið-aði til Guðjóns. Var Guðjóni og nemunum síðan raðað í beina röð, í Tæknideildinni og þeim fengin númer, frá 1 til 8,,en Guðjón bar númer 3. Kristján Viðar gekk síðan með röðinni og til baka og var síðan færður í annað herbergi. Sagðist Kristján þekkja mann nr. 3 sem útlendingslega manninn, sem hann hefur greint frá í skýrslum sínum og hafi verið í Dráttarbrautinni aðfaranótt 20. nóv. 1974.

Síðan voru þeir Kristján Viðar og Guðjón samþrófaðir í áheyrn hvors annars og gerð sérstök skýrsla þar um.



Haraldur Árnason  
ranns.löggreglum.

Priðjudaginn 30. 11. 1976 kl. 15:00 er mættur á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Guðjón Skarphéðinsson, gæslufangi, til heimilis að Rauðarárstíg 32, Reykjavík, fæddur 19. 6. 1943 að Marðarnúpi, A.-Hún.

Gætt er ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála, Eftir það áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá:

"Ég er viss um að fyrir 14. 11. 1976 hafði ég ekki hitt Sævar í um 2 mánuðum, en þennan dag mun hann og Erla hafa komið heim til mínum til að sýna mér Land Rover bifreiðina. Þá var ekkert minnst á Keflavík, né ferð þangað, það er ég alveg viss um. Ég tel mig geta fullyrt, að mánuðaginn 18. 11. 1974 eftir vinnu, þ.e. kl. 17:00, þá hafi ég farið á Mokka, þar sem ég hitti Sævar og Erlu. Þau óku mér heim á Ásvallagötu. Sævar kom inn, en Erla beið í bifreiðinni (Land Rover). Þá vakti Sævar fyrst máls á að fara til Keflavíkur til að hitta mann. Hann fékk lánaðan hjá mér síma og hringdi til að fá uppgefið símanúmer hjá öðrum manni. Hann hringdi aðeins eitt símtal en ég heyrði ekki hvað hann sagði. Við vorum tveir í íbúðinni. Mig minnir að Sævar hafi látið mig hafa bréfmiða og beðið mig að geyma. Ekki man ég hvað stóð á miðanum, en held að það hafi aðeins verið símanúmer. Sævar bað mig um að koma með sér til Keflavíkur daginn eftir. Erindið sagði hann ekki, nema hvað hann ætlaði að hitta mann. Ég skildi á honum, að hann ætlaði að redda peningamálum sínum vegna væntanlegrar utanlandsferðar. Ekki sagði hann á hvern hátt hann ætlaði að redda peningunum, þó mátti skilja að hann ætlaði að hitta þennan mann og hafa ~~xxxx~~ svo milligöngu um að selja eitthvað. Lét hann líta svo út sem þetta væri spennandi viðskiptaferðalag, en ég skildi að þetta var utan við lögini. Ég lofaði ekki að fara með í þessa ferð en gaf honum ádrátt um það. Hann hafði stutta viðvöl heima hjá mér þetta sinn og virtist hafa mikil að gerð.

Næsta kvöld þ.e. 19. 11. 1974 milli kl. 20:00 og 20:30 minnir mig að ég hafi ekið vestur að Lambhóli á Fíatbifreið tengdamóður minnar. Mig minnir að ég hafi ekið Villa sjómanni

frá Lambhóli og inn í Vesturbrún, til að sækja hljómburðartæki og ekið honum aftur að Lambhóli. Eftir það hitti ég svo Sævar á Lambhóli að mig minnir. Hann bað mig að aka sér til Keflavíkur. Ég samþykkti það, en ekki var rætt um að ég fengim neinn ágóða af ferðinni. Mig minnir að ég hafi ekið Fíat-bifreiðinni heim til míن og tekið þar við stjórn bifreiðarinnar sem Sævar hafði til umræða. Ég held að það hafi verið Vw fólksbifreið, þó er það ekki alveg víst. Verið gæti að það hafi verið stór, gömul amerísk bifreið. Það var ekki Land Rover sem farið var á til Keflavíkur. Ég held að hann hafi verið bilaður.

Það kann að vera að ég hafi ekið um Laugaveg og Vatnsstíg áður en ekið var af stað suðureftir, en ég man ekki eftir að svo hafi verið. Auk mín voru í bifreiðinni Sævar og Erla og mig rámar í að fjórði maður hafi verið á leiðinni suðureftir. Það kann að vera að hann hafi verið tekinn upp í bifreiðina eftir að ég tók við akstrinum. Ég hef hér í dag séð Kristján Viðar og þekki ég hann ekki sem fjórðamanninn í bifreiðinni, en það er þó möguleiki að það hafi verið hann þótt ég þekki hann ekki aftur.

Ekki man ég neitt frekar en í gær hvað talað var í bifreiðinni á leið til Keflavíkur. Ég er ekki viss um hvert hlutverk sendibifreiðarinnar var, sem talað var um á leiðinni, en tel líklegt að hún hafi átt að flytja varning frá Keflavík til Reykjavíkur. Ég held að ég hafi ekki séð þessa umræddu sendibifreið í Keflavík. Ég er ekki viss um að sendibifreiðin sem ég sagði frá í gær og ég sá í Gljúfurárholti hafi verið í þessari ferð til Keflavíkur.

Í skýrslunni í gær lýsti ég eftir því sem ég best man ferðum mínum og gerðum í Keflavík þetta kvöld. Ég minnist þess ekki að hafa farið úr bifreiðinni, en það gæti verið fyrir því, að ég hafi farið úr bifreiðinni í Dráttarbrautinni. Það gæti verið að ég hafi spurt einhverja hvort þeir hafi verið til sjós. Ennfremur gæti verið að ég hafi verið nærstaddir átök í Dráttarbrautinni án þess að sjá þau, enda mun hafa verið

myrkur og ég er mjög nærsýn og sé því illa frá mér. Sérstaklega gæti þetta átt við, ef atburðirnir hafa gerst á hlaupum. Ég man ekki eftir að hafa séð lík og ég man heldur ekki eftir að hafa tekið þátt í átökum.

Á bakaleiðinni talaði Sævar að ég væri samsekur um morð, og varð ég þá hræddur, en hann bætti við, "sástu ekki þegar við drápum manninn."

Það er nú að rifjast upp fyrir mér að verið geti að ég hafi ekið beint heim til mí나, er til Reykjavíkur kom, og Sævar hafi fengið lánaða hjá mér skóflu. Ekki er ég viss um þetta. Alla vega er ég viss um að ég tók ekki þátt í að grafa lík.

Eftir að Sævar og Erla komu til landsins frá Kaupmannahöfn vorið 1975 þá voru þau eitt sinn stödd heima hjá mér og fór Sævar að tala um Geirfinnsmálið og sagði að það væri einkennilegt með það. ~~Hann er búinn að gera ókunnilegt með sínarvinnslu~~ Eg samþykkti það, en þau munu hafa ætlað að hefja einhverjar/um málið. Æg var alveg úti á þekju og mun Erla hafa séð það, þar sem hún sagði, "Hann er búinn að gleyma þessu öllu." Eftir petta fór að segja að mér illan grun hvort ég gæti hafa flækst eitthvað í málið."

Yfirheyrslu lauk kl. 18:50.

## Vottur:

Jonas Bjarnason

Upplesið staðfest,

## Quinton Sharpe & Chissons

Guðjón Skarphéðinsson

Hilfar Sæmundsson  
Grétar Sæmundsson löggreglum.

I dag var gerð athugun á því, hvort Viggó Guðmundsson f.14.9.1948, nafnnr. 9228-4263, tilh. Gyðufelli 14, Reykjavík, hafi verið í leiguakstri dagana 19.og 20.nóv.1974.

Eg fór á skrifstofu bifreiðastöðvar Hreyfils og ræddi þar við framkvæmdastj. fyrirtækisins, Einar Þorsteinsson f.7.8.1930 nafnnr. 1842-2743, tilh. Móaflöt 45, Garðabær, sími 42253 og v.s. 85521.

Einar greindi mér frá því, að Viggó hefði verið handtekinn í sambandi við fíknimál og þá strax verið sviptur leyfi til aksturs og hefði það verið 14.mars 1974.

Hann hefði síðar óskað eftir því, að fá að hefja akstur að nýju og hefði hann fengið leyfi til aksturs í einn mánuð til reynslu og hefði leyfið verið gefið út þann 16.ágúst og runnið út þann 16.sept.1974. Leyfið hefði verið háð því, að Viggó fengi ekki neina afgreiðslu um skiptiborð stöðvarinnar.

Einar sagði, að Viggó hefði ekki verið í akstri, svo vitað væri, frá því að leyfið rann út þann 16.sept.1974 og ekki var nafn hans né bílnúmer finnanlegt í afgreiðslubókum stöðvarinnar, út árið 1974.

Viggó ók bifr.R-6199, (blár Mercury) Eigandi bifr.er faðir hans.

Ivar Hannesson  
Lögreglum.  
*Ivar Hannesson.*

2.12.1976, kl. 15,00, er mætt á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, Sólrún Elídóttir verkakona, f. 4.5.1956 í Reykjavík, nafnnr. 8281-0196, tilh. Heiðardal Blesugróf, Reykjavík, sími 81759.

Mættu er birt tilefni skýrslutökunnar. Gætt er ákv.l.mgr. 40.gr.laga um meðferð opinberra mála og áminnt um sannsögli og vitnaskyldu, skýrir mætta svo frá:

"Varðandi það, að ég hafi sagt Leifi Vilhjálmsyni og konu hans, að ég vissi allt um Guðmundarmálið, þá játa ég að hafa verið eitthvað að bulla við þau um það mál.

Ég man að þar var var á Óðali, sem ég hitti þau hjónin og var ég þá tölувvert mikið ölvuð.

Ég kom að borði til þeirra og þá var rætt eitthvað um mál Guðmundar Einarssonar, en það mál var þá á allra vörum.

Ég þóttist vita allt um það mál og má vera að ég hafi blandað Páli bróður mínum í þetta, en allt það sem ég barna sagði er lygi og tilbúningur frá mínu brjósti.

Ég er haldin þeim leiðinda vana, að búa til allskonar lygasögur, einkum þó er ég er ölvuð.

Ég vil fullyrða hér, að ég vissi ekkert um þetta mál, umfram það, sem greint hafði verið frá í fréttum."

Yfirlauk kl. 15,20.

Sottur:

Haukur Bjarnason  
lögreglum.

Upplesið staðfest,

Sólrún Elídóttir.

Ivar Hannesson  
lögreglum.

2.12.1976, kl. 15,20, er mætt á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, Sólrún Elídóttir verkakona f. 4.5.1956 í Reykjavík, tilh. Heiðardal, Blesugrós, Reykjavík sími 81759. Nafn nr. 8182-0196.

Mættu er birt tilefni skýrslutökunnar. Gætt er ákv. 1.mgr.40.gr.laga um meðferð opinberra mála og áminnt um sannsögli og vitnaskyldu, skýrir mætts svo frá:

"Ég kannast við þetta, að hafa komið heim til Leifs Vilhjálms-sonar í Vestmannaeyjum í veturnar er ég var að vinna þar.

Ég var þá á fylliríi og mikið ölvuð og ég held, að Leifur hafi verið einn heima.

Ég minnist þess, að hafa verið að þvæla þar um Geirfinnsmálið og ég man, að ég laug því að Leifi, að ég vissi allt um málið.

Mig minnir, að hann talaði um, að hann héldi, að Geirfinnur hefði drukknað, en ég sagðist þá telja, að hann hefði verið brenndur, enda finndist líkið ekki. Ég man þó ekki hvað ég sagði fleira í því sambandi, en ekki minnist ég þess, að ég léti á mér heyra, að ég vissi hverjir væru aðilar að þessu, en slíkt hefi ég enga hugmynd um. Þá man ég, að ég var eitthvað að ræða við Leif um það, að Tryggvi Rúnar væri ekkert við þetta riðinn og eins minnist ég þess, að hafa logið því, að hafa farið með Tryggva Rúnari til Keflavíkur og að við hefðum verið að hitta Geirfinn. Þessar sögur mínar eru uppspuni frá rósum, en ég á það til, að segja miklar lygasögur og þá einkum þegar ég er full. Svo var í þetta sinni, enda var mikið rætt um Geirfinnsmálið og þetta á allra vörum. Ég vissi ekki þá og veit ekki nú, annað um það mál, en það sem komið hefur fram í fjöldum.

Meira hefi ég því ekki um þetta að segja, en mér þykir leitt að hafa orðið þess valdandi, að þetta komst á kreik."

Yfirlauk kl. 15,35.

Vottur:

Ragnar Viðnir  
aðalvarðstj.

Upplesið staðfest,

Sólrún Elídóttir.

Ivar Hannesson  
löggreglum.

## Rannsóknarnefndin Reykjavík.

Rvk. 3. des. 1976.

I dag kl. 16:00 hófst yfirheyrsla yfir Erlu Bolladóttur, núverandi gæslufanga, í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Stjórnandi yfirheyrlunnar var Karl Schutz, en aðrir viðstaddir voru Pétur Eggerz túlkur og undirritaður.

Erla skýrði frá eftirfarandi: Æg ók ~~Land-róver~~ jeppabifreið okkar Sævars að Ásvallagötu, þar sem Guðjón bjó. Þar var Land-róverinn gyemdur, þar sem rafkerfi bifreiðarinnar var r eitthvað bilað. Mig minnir að ég og Sævar hafi síðan farið þaðann með almenningsvagni, áleiðis að bílaleigunni Geysi við Laugaveg, þar sem ég tók bifreið á leigu. Æg er ekki viiss um það hvort bifreiðin var skráð á mitt nafn eða nafn Guðjóns Skarphéðinssonar. Hafi leigusamningur verið á mínu nafni, þá hef ég skrifað undir hann með réttu nafni, en ég hafði áður breytt fæðingarári á ökuskírteini mínu, þar sem ég hafði ekki aldur til þess að taka bifreið á leigu. Bifreiðir sem við tóku á leigu var ljós blá V.W. fólksbifreið.

Æg ók bifreiðinni, að ég held, fyrrst um borgina og síðan vestur Laugaveg og norður Vatnsstíg, þar sem ég stöðvaði gegnt húsi nr. 3 við Vatnsstíg. Þá vorum við Sævar two í bifreiðinni.

Kristján Viðar kom síðan í bifreiðina, þar sem hún stóð á Vatnsstíg gegnt húsi nr. 3 og kom hann gangandi frá Laugavegi. Eftir að Kristján var kominn í bifreiðina, þá ók ég af stað norður Vatnsstíg.

A Vatnsstíg, skammt sunnann Skúlagötu, stóð sendibifreið upp við vöruhús, vestanmegin á Vatnsstígnum. Ekki get ég gert mér grein fyrir því af hvaða tegund sendibifreiðin var, en mér finnst litur hennar hafa verið drapplitur, en ég er litblind á grá og bláa liti og getur því skjátlast. Sendibifreiðin var frambyggð, með stórra framrúðu og tveimur stórum hliðarrúðum sitthvoru megin, en ekki man ég hvort gluggar voru á húsi bifreiðarinnar, fyrir aftan ökumann.

Æg sá Guðjón Skarphéðinsson ganga skáhalt yfir Vatnsstíginn frá sendibifreiðinni, og taka sér stöðu á gangstéttinni, austan við Vatnsstíg, skammt fyrir sunnann Skúlagötu. Um þetta atrið er ég fullkomlega viiss (100%).

Æg stöðvaði bifreiðina hjá Guðjóni og færði mig í aftur sæti bifreiðarinnar, en Guðjón ~~nnn~~ settist undir stýrir

bifreiðarinnar og ók henni til Keflavíkur. Þegar ekið var af stað frá Vatnsstíg, var beygt austur Skúlagötu.

Aleiðinni til Keflavíkur heyrði ég samtal, sem átti sér stað á milli Guðjóns og Sævars, þar sem þeir ræddu m. a. um bíla og síðan um mann, sem væri eitthvað erfiður og í því sambandi sögðu þeir m.a.: "Búið væri að bjóða manninum peninga, en hann tæki ekki sönsum og að það yrði að fara eins og ákveðið hefði verið". Eitthvað meira var rættu um pennannum mann, en þetta er innihald þeirra samræðna.

Ekki man ég til þess að Kristján hafi sagt neitt í bifreiðinni, á leiðinni til Keflavíkur, nema þegar hann bauð mér "pillu".

Þegar við komum til Keflavíkur, var ekið beint að Hafnarbúðinni og var bifreiðin stöðvuð við hafnarviktina. Ég er fullkomlega (100%) viss um að þar fór Kristján Viðar út úr bifreiðinni og fór hann inn í Hafnarbúðina. Eftir að Kristjæan var kominn aftur í bifreiðina, er ég fullkomlega (100%) viss um að annar maður kom í bifreiðina til okkar og var þá ekið í Dráttarbrautina.

Bifreiðin var stöðvuð í Dráttarbrautinni, til hliðar (hægri) við bryggjuna og nokkru fyrir ofan hana. Þar voru þá fyrir sendibreið, sem stóð, þar sem bryggjan byrjar og líttill bátur eða "trilla" var við bryggjuna. Einnig vinnst mér að þarna hafi verið rauð fólksbifreið.

Þegar við komum í Dráttarbrautina fóru allir út úr bifreiðinni, nema ég og Sævar. Sævar fór þá út úr bifreiðinni skjómmu seinna og sá ég þá þar sem hann og Guðjón ræddu við Geirfinnus. Ég sá þá ræða við hann, þaðan sem ég sat í bifreiðinni, og er ég fullkomlega viss (100%) um að þar voru þeir að ræða við Geirfinn og það var hann sem komp í bifreiðina við hafnarviktina. Ég sá að Geirfinnur ætlaði að ganga í burtu frá þeim, til hliða við Sævar, en þá greip Guðjón í Geirfinn og einhver átök byrjuðu. Kristján Viðar, sem stóð til hliðar við þá, fór þá strax og hjálpaði Guðjóni, en Sævar gekk að bifreiðinni, þar sem ég var og sagði mér að fara heim á "puttanum", sem ég gerði. Ég held að Geirfinnur hafi verið kominn á hné, þegar Sævar gekk frá bifreiðinni. Ekki sá ég að neitt barefli hafi verið notað í átökunum.

Ég er 90% viss um að farið var á bílaleigubifreið til Keflavíkur. Ég er 100% viss um það að ég ók bifreiðinni á Vatnsstíg, þar sem Guðjón tók við stjórn hennar.

Sævar sagði mér ekki hver tilgangur ferðarinnar til Keflavíkur væri, hann sagði aðeins að við ætluðum að skreppa.

Erla var spurð nokkra spurninga og fara þær hér á eftir, ásamt svörum Erlu.

Var þér ljóst hvað átti að gera í Keflavík?

Svar: Ekki fyrr en á leiðinni til Keflavíkur, þegar ég heyrði samtalið í bifreiðinni á milli Sævars og Guðjóns.

Er þér kunnugt um að Geirfinnur vaa í Klúbbnum þann 17/11 1974 ?

Svar: Já, ég held að Sævar hafi sagt mér það.

Hefur þú heyrt það að Sævar hafi talað við Geirfinn í Klúbbnum ?

Svar: Sævar sagði mér, að hann hefði talað við Geirfinn í Klúbbnum, en ekki sagði hann neitt um það hvað þeir hefðu rætt.

Hversvegna heldur þú að Sævar hafi sagt þér að fara heim ?

Svar: Sævar vissi alveg hvað þarna átti að ské og vildi ekki láta mig sjá það. Hann vissi það fyrir fram hvað gera átti.

Hver heldur þú að ástæðan fyrir þessu hafi verið ?

Svar: Ég veit það ekki. Mér hefur komið til hugað að þarna hafi átt að smygla áfengi og að Geirfinnur hafi ætlað að taka þátt í því. Að þessu tímabili töluðu Sævar og Guðjón mikið um það að auðvelt væri að smygla eiturlyfjum til landsins og gæti ég trúð því, að þarna hafi verið um áfengissmygla að ræða og einnig eiturlyf, þá Afetamín, Ég held að Geirfinnur hafi komist að því að þarna átti að smygla eiturlyfjum með áfenginu og að hann hafi ekki viljað taka þátt í eiturlyfjasmygli og þá hafi þessi átök orðið, þar sem miklir fjármunir liggja í smygli á eiturlyfjum.



Sigurbj. V., Eggertss.  
lögreglum.

Í nóv. 1976 fór ég undirritaður á allar bifreiðaleigur borgarinnar og fékk að athuga þar í bókhaldi hverjir hefðu tekið bíla á leigu í nóv. 1974.

Þetta var gert til að kanna hvort nokkur að þeim sem komið hafa við sögu í "Geirfinnsmálínu" hefðu verið með bílaleigu-bíl á þeim tíma og sá bíll hefði verið ökutækið sem notað var af Sævari M. Ciesielski ofl. í ferðina til Keflavíkur 19. nóv.

Ekki komu framm í leigusamningum frá umræddum tíma neitt af þeim nöfnum sem bendlast hafa við umrætt mál.

6. des. 1976.

Jónas Bjarnason  
Ranns. Lögr. m.

18.11.1976. Í dag hafði Jón Oddsson hrl.samband við rannsóknarlögregluna og greindi frá því,að móðir Sævars M. Ciesielski hefði sagt honum,að vinkona hennar,hefði verið að skemmta sér í samkomuhúsinu Glæsibæ um,s.l.helgi og hefði hún þar hitt mann að nafni Tryggvi Þorbergsson,sem væri skipverji á b/v Hegranesi frá Sauðárkróki og myndi eiga heima þar í bæ. Með þessum Tryggva,hefði verið maður að nafni Sigurður,að hún taldi,rannsóknarlögreglumaður úr Keflavík.

Tryggvi hefði sagt konunni frá því,að hann hefði verið heimagangur á heimili Geirfinns,fyrir hvarf hans og skömmu fyrir hvarf Geirfinns,hefði frændi hans fjögurra ára,drukknað í Keflavík og hefði petta fengið mjög á Geirfinn.

Einnig hefði Tryggvi sagt,að hann hefði ekki orðið neitt undrandi er Geirfinnur hvarf og hann vissi,að Geirfinnur hefði ekki farið niður að höfninni í Keflavík,eins og talið væri,en enga skýringu hefði hann gefið á þessum ummælum.

Ivar Hannesson  
lögreglum.

22.11.1976. Í dag talaði ég í síma við Sigurð Kristinsson lögreglum. á Sauðárkróki, f. 21.12.1939, tilh. Suðurgötu 7, þar í bæ sími 95-5547. Nafnnr. 7882-0462.

Sigurður sagðist hafa verið í Glæsibæ með Tryggva Þorbergssyni og heyrta er hann var að ræða við konuna og sagðist Sigurður hafa álítið, að þetta væri sagt í gríni, en allir hefðu verið þarna ölvadír.

Sigurður sagðist ekki hafa lagt eyrun vel að því, sem Tryggvi var að segja konunni, en þó telja nær öruggt, að allt hafi það verið uppspuni, sem Tryggvi sagði konunni.

Hann sagðist þó vita, að Tryggvi væri eitthvað andlega þenkjandi og teldi sig fá vitranir og sagðist Sigurður hafa heyrta það á Tryggva, að hann væri kominn suður í þeim tilgangi, að finna lík Geirfinns, en það hefði Tryggvi sagt í fylliríí.

Tryggvi er fæddur 7.12.1942, tilh. Freyjugötu 30, Sauðárkróki.

Ivar Hannesson  
lögreglum.



## RANNSÓKNARNEFNDIN REYKJAVÍK.

3. des. 1976.

I dag skýrði Kristján Viðar mér frá því, að Baldur Skaftason leigubifreiðarstjóri á Bæjarleiðum, hafi verið í Dráttarbrautinni 19.11.74 og hann hafi verið maðurinn sem var við sendibifreiðina á Vatnsstíg, en ekki Guðjón Skarphéðinsson, eins hég hann hafi áður skýrt frá. Hafi Baldur einnig verið viðstaddir, er lík Geirfinns var flutt í kjallarann að Grettisgötu 82 og verið á "fundinum" í herbergi Kristjáns, þegar ráðgast var um hvað gera ætti við líkið. Hann sagði jafnframt, að Sævar C. hafi talað við Baldur þegar stoppað hafi verið við sendibifreiðina.

~~E~~nnig sagði Kristján, að Guðmundur Valdimarsson, fangavörður að Skólavörðustíg 9, hafi verið í Dráttarbrautinni. Hann hafi verið klæddur orange-litum sjóstakk og hafi hulið andlit sitt, þegar hann sá Kristján og ekki virzt vilja láta Kristján þekkja sig. Þarna hafi einnig verið Viggó Guðmundsson og kunningi hans, sem Kristján segist hafa séð áður, en ekki vita hvað heiti. Sé pessi kunningi Viggós u.p.b. 25 ára, krullhærður, dökkhærður, lágvaxinn og sagðist hann telja að hann ætti heima einhversstaðar á Miklubraut. Sagðist Kristján hafa séð Viggó fara inn í hús á Miklubrautinni, austan Lönguhlíðar og taldi hann, að þar ætti kunninginn heima. Hann sagðist hafa beðið Viggó um far í bæinn, er þeir voru í Dráttarbrautinni, en Viggó neitað, en hann hafi þá séð Guðmund liggja í aftursæti bifreiðarinnar, sem Viggó var með og sagðist hann vita, að neitunin hafi byggzt á því, að Guðmundur vildi ekki láta hann bera kennsl á sig. Ekki kvaðst Kristján vita hvort Viggó, eða kunningi hans var umráðamaður bifreiðarinnar, en þetta hafi verið ljós-grá, eða drapplituð bifreið, en tegund vissi hann ekki.

H. Arnason.

4.12.1976. Í dag ræddi ég við, Egir Ólafsson framkv.stj. f.10.3.1912, nafnnr. 9882-7226, tilh. Egilsgötu 14, Reykjavík, sími 13130 og v.s. 17373. Egir er fyrv.tengdafaðir Guðjóns Skarphéðinssonar.

Egir sagðist hafa átt Cortína fólksbifreið rauða að lit, smíðaaár 1974 og all oft lánað Guðjóni þá bifreið, en stuttan tíma þó í einu. Hann sagðist ekki geta fullyrt með neinni vissu, hvort hann hefði lánað Guðjóni bifreiðina í nóvember 1974 og alls ekki geta fullyrt hvort Guðjón hafi fengið bifreiðina 19. nóvember 1974.

Egir sagðist ávalt hafa lánað honum bifreiðina, gagn því, að henni yrði skilað aftur fyrir kl. 17,00, en það hefði þó sjaldnast staðist og hefði því svo farið, að hann hefði alveg tekið fyrir þessi lán á bifreiðinni.

Egir sagðist þó geta fullyrt með nokkuð öruggri vissu, að Guðjón hefði aldrei haft bifreiðina næturlangt.

Bifr.bar skrásetningarmerkíð R-1216.

Hjá Bifreiðaeftirliti Ríkisins fékk ég upplýst, að R-1216, hefði verið skráð fyrst, sem ný, þann 23.8.1974 og seld þann 10.3.1976. Bifr.Cortína fólksbifreið 4 dyra, rauð að lit, smíðaaár 1974.

Ivar Hannesson  
Löggreglum..  
*Ivar Hannesson.*

4.12.1976. Eg ræddi í dag við Guðnýju Sigurðardóttur f.19.12.1948, tilh. Hólabraut Keflavík, sími 92-3157, nafnnr. 3174-7279. Eg spurði Guðnýju hvort hún kannaðist við Tryggva Þorbergsson frá Sauðárkróki og hvort sá maður hefði komið á heimili pennar og Geirfinns.

Guðný sagðist aldrei hafa heyrt manns þessa getið fyrr en nú og örugglega hefði hann aldrei komið á heimili þeirra.

Bá sagðist hún ekki vita til þess, að ungur drengur, frændi Geirfinns, hefði drukknað, eða aldrei hafa heyrt um slíkt slys í sambandi við frændfólk, eða vinafólk þeirra í Keflavík, eða nágrenni. Heldur ekki að neinskonar slys á neinum nákomnum skyldmennum þeirra.

I dag talaði ég við John Hill rannsóknarlögreglumann í Keflavík, sem upplýsti, að drengur um 7 ára hefði drukknað í Njarðvíkurhöfn, snemma árs 1971 og hefði ekkert slikt slys skeð síðan.

*Ivar Hannesson  
lögreglum.*  
*Ivar Hannesson.*

6. 12. 1976. Athugasemdir varðandi Guðjón Skarphéðinsson, sem ekki hafa verið skráðar í skýrslu.

Pann 29. ll. '76 sagði Guðjón í skýrslu, að hann myndi eftir að hafa ekið Vw fólksbifreið til Keflavíkur og það gæti hafa verið að kvöldi þess 19. ll. 1974. Til að fastákvæða tímann var hann spurður hvort hann myndi eftir einhverju sérstöku, sem væri minnisstætt. Hann sagði þá að daginn eftir hafi hann verið á kaffihúsínu Mokka og verið að lesa í blaði frásögn af jarðarför Þórbergs Þórðarsonar. Nánaraðspurður um þetta efni og í hvaða blaði hann hefði verið að lesa sagði Guðjón, að þetta hefði verið neðarlega á inn síðu í Pjóðviljanum. Skriffað hafi verið um jarðarförina, sem hafi verið óvenjuleg. Pétur Pétursson, útvarpsþulur, hefði farið með eitt hvert efni. Sagt hafi verið frá áletrun, sem Þórbergur vildi hafa á legsteini sínum. Það hafi verið stutt ljóð á espirantu og lag við. Í ljóðinu væri þetta, "fæddur í heimskunnar landi - grafinn í heimskunnar landi."

Undirritaður fór á Landsbókasafnið og skoðaði Pjóðviljann frá 20. ll. 1974. Að forsiðu er mynd af Þórbergi og vitnað í greinargerð á þju síðu. Þar á efrihluta síðunnar er grein eftir Þorvald Þórarinson, þar sem hann vitnar í bókmenntaverk eftir Þórberg, en í því lýsir Þórbergur hvernig hann vilji láta haga útför sinni. Í lök greinarinnar eru ljóðlínur úr vögguvísu Brahms og tvær línlínur á espiranto. Í íslenskri þýðingu útleggjast þær: "Liggur hér Þórbergur. Lifði í fátæktarlandi. Dó í forheimskunnarlandinu. Dó í forheimskunnarlandinu.

Í skýrslu þann 30. ll. 1976 segir Guðjón frá, að þann 18. ll. 1974 hafi Sævar fengið að hringja að heiman frá sér. Hann kvaðst ekki vita hvert hringt var. Nánar aðspurður síðar, sagði hann, að eftir skýrslutökuna í vor, þá hefði hann farið að hugleiða þetta atriði. Þá séð að Geirfinnur var ekki skráður með símanúmer í símaskrá 1974. Sér fýndist því líklegt að hann hafi verið að hringja til að fá uppgefið símanúmer Geirfinns. Líklegast hafi hann hringt í vinnumeitanda Geirfinns. Guðjón sagði, að þetta væri aðeins sín hugmynd, en styddist ekki við raunveruleikann.

Guðjóni var bent á misræmi í framburði hans varðandi komu á Landsbókasafnið. Hann hafi í yfirheyrslu sagt, að hann hafi aðeins komið þar einu sinni og hafi það verið eftir yfirheyrsluna s.l. vor. Við athugun á gestabók Landsbókasafnis hafi komið í ljós að hann sé ekki skráður í hana á árinu 1976 heldur þann 16. 7. 1975. Guðjón viðurkenndi að þarna hafi hann sagt rangt til, en það hafi verið af vangá eða öllu heldur misskilningi. Hafi hann átt við að hann hafi aðeins einu sinni komið þangað í þeim tilgangi að skoða blöð vegna Geirfinnsmálsins. Það hafi verið rétt eftir yfirheyrsluna í vor, en þá hafi hann ekki ritað nafn sitt í gestabókina.

Guðjóni var bent á að saknæmt væri að bendla saklausum mönnum við rafsimál, sem peir ættu enga aðild að. Hann sagði að sér væri það ljóst og hann myndi ekki láta slíkt henda sig. Í framhaldi af því var hann spurður hvort hann vissi til að Sigurbjörn Eiríksson, Magnús Leopoldsson, Valdimar Olsen og Einar Bollason ættu einhverja aðild að Geirfinnsmálinu. Guðjón kvaðst ekki vita til þess og sagði að það hefði verið meiri vitleysan hjá krökkunum að bendla þeim við málid. Á eftir bætti Guðjón við, að ef tilgangur fararinnar til Keflavíkur hafi verið að Sævar ætlaði að stela spíra, þá kunni að vera, að það hafi verið spíraæð, sem rekja mætti til Klúbb-manna. Kvaðst hann allsekki hafa neina vísbendingu um þetta.

2. 12. 1976 talaði ég stutta stund við Guðjón í Fangelsinu við Síðumúla. Honum voru sýndar 12 myndir af jafnmögum mönnum, m.a. af Geirfinni, Baldri Skaftasyni og Þórhalli Leyfssyni. Hann kvaðst þekkja myndina af Geirfinni, en hana hefði hann séð í dagblöðum. Aðra menn kvaðst hann ekki kannast við.

Guðjón létt þess getið, að hann myndi nú eftir, að verið gæti að þann 19. 11. 1974 hafi hann verið með að láni Fíat-bifreið tengdamóður sinnar. Hann mynnist þess að hann hafi ekið bifreiðinni eitthvað í óleyfi. Verið geti að hann hafi (stolist) á henni til Keflavíkur þetta kvöld.

2. 12. 1976 talaði ég stutta stund við Guðjón í Síðumúla. Hann kvaðst hafa hugsað mikið um hvaða bifreið hann hafi ekið til Keflavíkur að kvöldi 19. 11. 1974. Hann kvaðst nú minnast þess, að sú bifreið hafi verið 4ra dyra og hafi það því ekki verið Vw né Fíat. Þá sagði hann að sig rámaði í að Sævar hafi á leiðinni

til Keflavíkur talað um tilgang gerðarinnar. Guðjón sagði, að þá hafi hann fundið að breyting var orðin á því sem Sævar hafi áður sagt sér um tilganginn, eða látið á sér skylja. Sig rámi fí að hann hafi á leiðinni talað um, að reyna að ná upplýsingum hjá manninum. Guðjón neitaði alveg að vita hvaða upplýsingar þetta voru.

Guðjón sagðist vera að skrifa hjá sér helstu punkta úr málinu og vera að reyna að rifja upp þau atriði, sem hann hefði til þessa ekki getað munað. Kvaðst stefna að að vera búinn að því fyrir jól.

*Gretar Sæmundsson*

löggregðum.

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

R. 7. des. 1976.

I dag kl. 13:30 er mætt til skýrslutöku í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, Erla Bolladóttir, núverandi gæslufangi, f. 19/7 1955 nafnnr. 2147-0929.

Mættu er kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar. Gætt er ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og áminnt um sannsöglu skýrir hún svo frá: Æg er þess nú fullkomlega viss að farið var á V.W. fólksbifreið, ljós blárri, til Keflavíkur þann 19. nóv. 1974. Ekki er ég alveg viss um það hvort þetta hefur verið bílaleigubifreið, en þó finnst mér það mjög sennilegt, þar sem ég tók oft bíla á leigu á bílaleigunni Geysi um haustið 1974. Þegar ég tók þar bifreið á leigu var alltaf gerður leigusamningur og vaax ég áður búin að breyta fæðingarári á ökuskírteini míni, til þess að gæti fengið leigða bifreið. Ég breytti fæðingarárinu úr 1955 í 1953.

Ekki man ég hvort ég tók bifreið á leigu í nóvember 1974, en mér finnst það þó hafa verið. Ég man að ég og Sævar fórum á ljós bláum V.W., fólksbifreið frá Grýtubakka, þann 19.nóv. 1974, ca. kl. 20:00 til 21:00 og ók ég bifreiðinni, en Sævar sat í framsæti hennar við hlið mér. Ég ók bifreiðinni að Lambhól við Starhaga, þar sem Sævar fór inn í húsið og kom aftur skömmu seinna og með honum Guðjón Skarphéðinsson. Þeir komu báðir inn í bifreiðina og ók ég þeim að Ásvallagötu, þar sem Guðjón bjó. Þar fóru Guðjón og Sævar inn, en ég beið í bifreiðinni fyrir utan húsið.

Sævar kom aftur út úr húsinu eftir ca. 20 mín og settist inn í bifreiðina og ók ég þá af stað. Ekki man ég fyrir víst hvert ég ók, en ég held að fyrirst hafi ég ekið eitthvað um borgina. Síðan ók ég vestur Laugaveg og beygði norður Vatnsstíg og stöðvaði bifreiðina gegnt húsi nr. 3 v/ Vatnsstíg. Þar fór Sævar út úr bifreiðinni og kom aftur eftir skamma stund og rétt á eftir honum kom Kristján Viðar gangandi frá Laugavegi og kom hann inn í bifreiðina vinstramegin. Ég ók þá af stað norður Vatnsstíg.

Þegar ég kom norðar á Vatnsthígginn, sá ég hvar sendibifreið stóð vestan við götuna, upp við vöruhús. Þetta var stórvær ljós sendibifreið með stórra framrúðu og tveimur stórum hliðar rúðum, en ekki tók ég eftir því hvort rúður eða gluggar voru

á farmhúsi bifreiðarinnar. Þegar ég kom akandi barna að sá ég hvar Guðjón Skarphéðinsson kom gangandi, skáhalt yfir götuna frá sendibreiðinni og staðnæmdist hann á gangstéttini austan við Vatnsstíginn, skammt fyrir sunnan Skúlagötu.

Þar stöðvaði ég bifreiðina, ~~og~~ Sævar og Kristján fóru út úr bifreiðinni og töluðu eitthvað við ~~Krix~~ Guðjón. Ekki tók ég eftir því hvort þeir gengu eitthvað frá fólksbifreiðinni.

Þegar þeir komu að bifreiðinni þá sagði Sævar við mig að Guðjón ætti að aka bifreiðinni. Færði ég mig þá undan stýri og settist í vinstra aftursæti bifreiðarinnar við hliðina á Kristjáni, en Sævar sat í hægra framsæti bifreiðarinnar.

Þá var ekið af stað og beygt austur Skúlagötu og minnir mig að komið hafi verið við á bensinstöð í Hafnarfirði og tekið þar bensin á leiðinni til Keflavíkur, en ég þori þó ekki að fullyrða neitt um það.

Aleiðinni til Keflavíkur heyrði ég samtal á milli Guðjóns og Sævars, þar sem þeir ræddu um einhvern mann sem væri erfiður. Þeir sögðu meðal annars: "Búið er að bjóða manninum peninga, en það pyddi ekkert, hann tæki ekki sönsum og því yrði að gera það sem ákveðið hefði verið." Ekki man ég til þess að Kristján Viðar hafi sagt eitt einasta orð í bifreiðinni, nema þegar hann bauð mér pillu.

Þegar við komum til Keflavíkur, þá minnir mig að bifreiðin hafi ~~verið~~ verið stöðvuð einhverstaðar og Sævar hafi sagt okkur að beygja okkur niður og láta ekki sjá okkur, en ekki get ég munað hvar það var í Keflavík. Síðan var ekið að Dráttarbrautinni, þar sem ég fór út ásamt Sævar og held ég að Kristján og Guðjón hafi einnig farið út úr bifreiðinni. Við gengum niður í Dráttarbrautina og var þá enginn staddir þar og fannst mér þá sem Sævar væri þar að kanna aðstæður. Bifreiðinni var þá lagt skammt frá Dráttarbrautinni og gengum við aftur að henni og var síðan ekið af stað og komið við í sjóppu, þar sem bílar geta keyrt að og fengið afgreiðslu, en ekki veit ég hvar þessi sjoppa er í Keflavík. Þar fór Sævar úr bifreiðinni og inn í sjoppuna, en ekki veit til hvers hann fór þar inn.

Sævar kom síðan eftir smá stund aftur og var þá ekið að Hafnarbúðinni. Þar var bifreiðin stöðvuð skammt frá hafnarviktinni og Kristján fór út og held ég að hann hafi farið inn í Hafnarbúðina, en ekki veit ég til hvers.

Kristján kom síðan aftur að bifreiðinni eftir ca. 15 til 20 mínútur og var þá annar maður með honum, sem ég þá ekki

bekkti. Kristján settist inn í bifreiðina við hliðina á mér, en maður þessi settist í aftursætið hægramegin. Eg vit nú að þessi maður var Geirfinnur Einarsson.

Ekið var þá af stað í Dráttarbrautina, þar sem bifreiðin var stöðvuð til hliðarvið bryggjuna (hægri). Þá stóð sendi-bifreið á bryggjunni næst landi og lítill bátur eða trilla var við bryggjuna.

Kristján og Guðjón fóru strax út úr bifreiðinni, en ég og Sævar sáum smá stund, en þá fór Sævar einnig út úr henni, og ég um svipað leiti. Eg sá þá hvar Sævar og Guðjón voru að ræða við Geirfinn og stóð Kristján til hliðar við þá, nær bryggjunni. Geirfinnur ætlaði að ganga í burtu til hliðar við Sævar, þ.e. milli Sævars og Kristjáns, en þá greip Guðjón í hann og einhverjar stimpingar byrjuðu og kom Kristján, Sævari og Guðjóni til Aðstoðar. Sævar gekk þá til mína þar sem ég stóð við bifreiðina og sagði mér að fara til Reykjavíkur á puttanum, sem ég gerði. Þá sá ég að Geirfinnur var kominn á haéin í átökunum við Kristján og ~~Sævar~~ Guðjón.

Eg hef áður lýst ferð minni til Reykjavíkur og sagði ég þar satt og rétt frá.

Eg vil taka það fram að ég vissi ekki um tilgang ferðarinnar til Keflavíkur fyrr en á leiðinni, þegar ég heyrði samtalið á milli Sævars og Guðjóns. Sævar sagði mér eftir þennan atburð að hann hefði talað við Geirfinn í Klúbbnum þann 17. nóv. 1974, en ekki nefndi hann neitt hvað þeir hefðu rætt samann. Eg er fullkomlega viss (100%) að Sævar ~~vissi~~ fyrirfram hvað átti að eiga sér stað í þessari Keflavíkur ferð og þegar hann sagði mér að fara til Reykjavíkur á puttanum, þá vildi hann ekki láta mig sjá hvað þarna átti að gerast.

Eg er alveg fullkomlega viss um það að 1 eða 2 dögum eftir þetta ók ég Sævar og Guðjóni á Land-róver jeppanum að Grettisgötu, þar sem þeir fóru inn og töluðu við Kristján. Sævar bað mig síðan að aka bifreiðinni aftur á bak inn um húsasund, sem er á bak við húsið að Grettisgötu 82, sem ég gerði. Þar komu þeir Kristján, Guðjón og Sævar út með 2 svarta plastpoka, sem þeir settu inn í bifreiðina að aftan og ók ég þeim öllum suður á Alftanes, þar sem þeir fóru út í hraunið, eins og ég hef áðurlýst og grófu pokana í jörð.

Það er möguleiki að ég og Sævar höfum farið fyrr frá Grýtubakka, þann 19. nóv. 1974, heldur en ég hef hér sagt og

er hugsanlegt að við höfum farið upp úr kl. 19:00, en ég man að við borðuðum kvöldmat áður en við fórum.

Ég fór til Kaupmannahafnar 5 eða 8 des. 1974 og nokkrum dögum áður þá <sup>hvern</sup> hevrdi ég Sævar tala í síma heima hjá móður sinni. Ekki veit ég við, hann var að tala, en hann sagði að það byrfti að flytja þetta, þar sem mikið væri leitað. Þetta símtal átti sér stað eftir flutninginn á plastpokunum suður á Alftanes.

Yfirheyrslu lauk kl. 17:40.

Vottur:

Ivar Hannesson.

Upplesið, staðfest,


Erla Bolladóttir

Erla Bolladóttir.

Sigurbj. V. Eggeríss.

lögreglum.

320



Miðvikudaginn 8. 12. 1976 kl. 22:25 er mættur til yfirheyrslu í Fangelsinu í Síðumúla, Guðjón Skarphéðinsson, gæslufangi, til heimilis að Rauðarárstígs 32, Reykjavík, fæddur 19. 6. 1943 að Marðarnúpi, A.-Hún.

Honum er kunnugt tilefni yrirheyrlunnar. Gætt er ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Eftir það áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá: "Eg ætla nú að skýra frá sannleikanum í máli þessu eftir því sem ég best man. Nokkur atriði pessa máls eru óljós í minni mínu, en kunna þó að rifjast upp fyrir mér síðar.

Það er fyrst að segja, að ég get fullyrt, að Einar Bollason, Magnús Leopoldsson, Valdimar Olsen og Sigurbjörn Eiríksson eru allir saklausir að dauða Geirfinns Einarssonar. Eg átti engan þátt í því að bendla þeim saklausum við þetta mál. Aðspurður segi ég, að verið geti, að eftir að Sævar kom til landsins aftur í mars 1975, þá hafi hann látið eitthvað að því liggja svo ég heyrði, að Klúbbmenn væru við málið riðnir. Það var þá almanna-rómur, en allsekki talað um að flækja málið með því að bendla þeim við það, ef við yrðum handteknir. Mér var fullljóst að pessir menn voru saklausir, er þeir varu settir í gæsluvarðhald, og hvíldi þetta mjög á samvisku minni, þótt ég hefði ekki kjark til að segja frá málinu þá.

Eg hef áður skýrt frá upphafi þessa máls, en það var að ég fór með Sævari og Erlu heim til míni úr vinnu þann 18. 11. 1974. Sævar talaði um að hann hefði hitt mann í Klúbbnum og að hann byrfti að skreppa til Keflavíkur til að athuga með einhvern bísnis í sambandi við spíra og jafnvel fleira. Óskaði hann eftir að ég færi með í þessa ferð til að ræða við manninn. Eg gaf ekki loforð um að fara þessa ferð, en hafði þau orð um að ég myndi athuga það. Eg minnist þess að hann hélt fast að mér að koma með.

Kvöldið eftir, þann 19. 11. 1974 eftir kvöldmat fór ég að heiman og til Rafns Guðmundssonar, kunningja míns að Lambhóli við Starhaga. Mig minnir að ég hafi farið á Fiatbifreið sem ég hafði

pá til umráða. Sævar kom svo þangað á bifreið og bað mig að koma með til Keflavíkur, ég var eitthvað tregur til en féllst þó á að fara. Með Sævari var Erla og maður, sem ég kannaðist ekki við. Ég man, að Sævar lét í ljós, að hann væri orðinn ~~full~~ seinn á stefnumót í Keflavík. Ekki man ég glögglega hvað svo gerðist áður en hægt var að leggja af stað til Keflavíkur. Mig rámar í, að ég hafi ekið bifreiðinni, sem ég hafði til umráða, á einhvern stað til að skilja hana eftir. Eitthvað hafi verið snúist um borgina og eitthvað rámar mig í sendibifreið í þessu sambandi. Þar kom að ég tók við akstri bifreiðarinnar, sem Sævar var með. Það var ljósblá Vw fólksbifreið. Ég held að hún hafi verið frá Bílaleigunni Geysi.

Við vorum fjögur á leiðinni til Keflavíkur og hef ég áður sagt frá þeirri ferð. Ég man að á leiðinni var talað um hvor sendibifreiðin væri, hvort til hennar ~~sæ~~ist. Þar var átt við sendibifreið sem var í einhverskonar samfloti með okkur. Einnig man ég að talað var um að sýna manninum, sem við vorum að hitta, fulla hörku, ef hann vildi ekki ganga til samninga. Mig minnir að ég hafi tekið fullan þátt í þessum umræðum, en þó gerði ég mér ekki fulla grein fyrir því sem til stóð.

Pegar við komum til Keflavíkur man ég eftir að margt fólk var í kring um bíóið við aðalgötua. Sævar sagði þá farþegunum að beygja sig niður, sem þeir gerðu. Annað tveggja mun hafa verið hlé í bíóinu eða því verið að ljúka. Fremur tel ég að þarna hafi verið hlé, þar sem fólkisíð var að mig minnir ~~áx~~<sup>áx</sup>engi staðbundið framan við bíóið, en ekki að streyma á brott eins og að sýningu lokinni. Ekki get ég fullyrt um þetta atriði. Ég ók í gegn um bænn að fyrirlagi Sævars, þeina leið að húsi merkt Pípugerð Áhaldahús, þar sem ég stöðvaði. Farþegarnir fóru út, nema ef til vill ekki Erla. Peir fóru í hvarf við húsið, en ég snéri bifreiðinni við og ók niður á hornið við aðalgötuna og beið þar. Farþegarnir komu aftur og var Sævar kominn þá kominn í æsing út af því að vera ekki búinn að hitta manninn. Hann talaði um að komast í síma til að hringja og var þá ekið aftur til baka eftir aðalgötunni að bensínstöð sem er sunnan aðalgötunnar.

Þar ætlaði Sævar að hringja, en það var ekki hægt, þar sem fullt var af fólk í sjóppunni. Þá var ekið áfram og í átt að höfninni og stöðvað nokkuð frá Hafnarbúðinni. Farþegi úr aftursætinu fór út til að hringja og rámar mig í að ég hafi parna verið spurður um miða, sem Sævar hafði áður látið mig fá og ég hef þegar skýrt frá í skýrslu. Farþeginn kom aftur og hafði þau orð um að maðurinn kæmi. Síðan var beðið þar til maðurinn kom og settist hann inn í bifreiðina og ók ég þá af stað og ók eitthvað um bæinn.

Ég heyrði nafn þessa manns ekki nefnt, en eftir því sem mér varð síðar ljóst þá var þetta Geirfinnur Einarsson. Sævar talaði við hann í bifreiðinni og heldt ég að aðrir hafi lítið blandast í þær umræður. Ég man að talað var um spíra og held ég að í stuttu máli megi segja, að þeir hafi hvor um sig verið að fiska eftir upplýsingum hjá hinum. Sævar var með peninga og bauð Geirfinni þá gegn því að fá spíra, eða upplýsingar um spíra. Geirfinnur gat ekki eða vildi ekki veita upplýsingar. Ég get ekki gert mér fulla grein fyrir hvar ég ók eftir að Geirfinnur kom upp í bifreiðina, en þó er lýklegt að valinn hafi verið staður fyrir þessi "ljósfælnu" viðskipti. Þegar þar kom, að ekki varð samkomulag með þeim Geirfinni og Sævari þá vorum við stödd í Dráttarbrautinni.

Ekki man ég hvers vegna ég stöðvaði bifreiðina, en við karlmennirnir fórum allir út úr bifreiðinni. Í stuttu máli sagt þá lentum við þrír í átökum við Geirfinn, er leiddu til dauða hans. Ég minnist þess, að Geirfinnur ætlaði brott, en ég tók í hann til að stoppa hann af. Ég man ekki til að hafa slegið ~~hann~~ með barefli né hnefum. Ekki man ég heldur til að hafa spakað í hann, en mig rámar í að hafa tekið hann hálstaki. Mér varð mjög mikið um það sem parna gerðist og get ég ekki sagt um hver hlutur hinna var í átökunum, né heldur get ég sagt um hvað leiddi Geirfinn til dauða. Ekki man ég eftir áverkum á honum og ég man að á eftir var ekkert blóð á mér. Ekki man ég til að barefli hafi verið notað.

Ég man ekki eftir er líkið var sett í bifreiðina, en á leiðinni til Reykjavíkur man ég eftir orðum Sævars, að ég væri samsekur um morð. Ég var mjög óttasleginn vegna þess sem gerst hafði og ég þorði ekki að líta aftur í bifreiðina, en um það er ekki að efast að líkið var í bifreiðinni. Erla fór úr bifreiðinni í Dráttarbrautinni, en ekki man ég með hvaða hætti það var. Hún mun hafa gleymt kápunni sinni í bifreiðinni. Ekki man ég þó sérstaklega eftir því, en í vor las ég framburð ökumanns, sem hún hafði fengið far með á leið til Reykjavíkur. Hann talaði um að hún hefði verið illa klædd og dró ég þá ályktun af því að hún hefði gleymt kápunni.

A leiðinni til Reykjavíkur töluðum við þrír um hvað ætti að gera við líkið, en ekki varð samkomulag. Mig minnir að ég hafi ekið út á Álfanesveg vestur fyrir Gálgahraun og þar til hægri. Mig minnir, að við höfum farið eitthvað upp í hraunkantinn til að athuga, en hætt við að setja líkið þar. Einnig minnir mig að ekið hafi verið upp að hitaveitustoknum hjá Korpu, þó kann það að vera rangt.

Ég minnist þess ekki að hafa verið með í að taka líkið úr bifreiðinni. Ekki minnist ég þess, að hafa ekið inn í sundið að bakgarðinum við Grettisgötu 82. Helst minnir mig, að ég hafi ekið heim til míν vestur á Ásvallagötu og skilið við þá hina þar. Einnig minnir mig að Sævar hafi þá og þar fengið lánaðar hjá mér skóflur. Þetta er ég ekki viss um.

Sá sem ég hef hér talað um sem fjórðamanninn í bifreiðinni á leiðinni suður í Keflavík mun vera Kristján Viðar Viðarsson, en ég pekkti hann ekki fyrir þennan tíma og tók lítið eftir honum í þessari ferð. Við samþrófun hefur Kristján Viðar sagt, að hann hafi verið í Dráttarbrautinni umrætt sinn og get ég ekki dregið það í efa, enda þótt ég komi honum ekki fyrir mig."

Vottar:

Kristján Viðarsson

Íngiundur Þórason

Staðfest rétt bókað,

Guðjón Skarphéðinsson

Guðjón Skarphéðinsson

Grétar Sæmundsson  
Grétar Sæmundsson lögþeglum.

Fimmtudaginn 9. 12. 1976 kl. 17:30 er mættur til yfirheyrslu í Fangelsinu við Síðumúla Sævar Mariní Ciesielski, gæslufangi, til heimilis að Grýtubakka 10, Reykjavík, fæddur 6. 7. 1955 í Reykjavík.

Honum er kunnugt tilefni yrirheyrslunnar. Gatt er ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Eftir það áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá:

"Það var í byrjun nóv. 1974 að ég heyrði nafnið "Geiri í Keflavík" nefnt í sambandi við spíra, áfengi eða þess háttar. Ekki man ég hvar ég heyrði þetta nefnt.

Í að var svo sunnudagskvöldið 17. 11. 1974 að ég fór í veitingahúsið Klúbbinn ásamt Kristjáni Viðari Viðarssyni og að ég held Páli Konráðssyni. Þar varð ég var við að Kristján Viðar var að ræða við mann í stiganum fyrir neðan diskotekið, að mig minnir. Maður þessi var nokkuð ölvæður og opinskár. Ég hafði grun um að Kristján ætlaði að reyna að ná veski mannsins. Ég blandaði mér inn í umræðurnar svo sem gert er í svona tilvikum. Vilti ég á mér heimildir og sagði við manninn hvort við hefðum ekki verið saman á togara. Hann neitaði því og spurði ég hann þá hvað hann héti. Hann kvaðst þá heita Geirfinnur. Í að var algengt að við notuðum svona viðræður til að komast að mönnum, sem við hugðumst ræna.

Þegar maðurinn kynnti sig þá sagðist hann vera úr Keflavík. Datt mér þá strax í hug, að parna myndi vera "Geiri úr Keflavík", sem að framan er getið. Ég spurði hann hvort hann hefði spíra og svaraði hann því játandi. Ég spurði hvort hann væri til í að koma í viðskipti. Hann svaraði því játandi. Kristján Viðar var nærstaddur og heyrði þetta samtal. Ég bauð Geirfinni peninga í þeim tilgangi, að gæfi mér í staðinn upplýsingar um hvar hann fengi spírann. Lét ég á mér skilja, að ætlun míni væri að komast í beint viðskiptasamband við þann aðila, sem Geirfinnur skipti við. Raunverulegur tilgangur

32.

hjá mér var að komast að hvar spírið var geymdur í því augnamiði að stela honum. Æg nefndi við hann 50 - 70 þús. kr. fyrir upplýsingarnar. Við töluðum saman um stund og tók hann pessu jákvætt. Hann gaf mér upp nafn sitt og heimilisfang, sem ég skirfaði niður, en ekki símanúmer. Æg sagðist mundi tala við hann eftir helgina. Ekki fór neitt frekar á milli okkar barna í Klúbbnum. Barna taldi ég mig vera kominn í samband við þennan "Geira í Keflavík" sem ég hafði heyrt nefndan í sambandi við spíra.

Daginn eftir sagði ég Erlu frá væntanlegum bísnis í Keflavík. Það kvöld fór ég heim til Guðjóns Skarphéðinssonar til að **þegja** honum frá væntanlegum viðskiptum. Við Erla fórum á Land Rovernum og beiði Erla í bifreiðinni meðan ég **talaði** við Guðjón. Æg man ekki fyrir víst hvort Guðrún kona Guðjóns var heima. Æg bauð Guðjóni að taka þátt í áformi mínu. Sagði ég honum, að ég hefði hitt mann í Klúbbnum sem verslaði með spíra. Æg hefði boðið honum peninga til að komast hvar spírið væri, en ég hafði skilið hjá Geirfinni, að hann ætti ekki spírann sjálfur. Æg orðaði **væð** Guðjón hvort hann **aðtti** peninga til að leggja í þetta, en það var óljóst og ætlaði hann að sjá til. Æg veit ekki hvort Guðjóni var þarna ljóst að hugmynd míni var að stela spíranum, ef til vill hefur hann litið á sem þetta væri væntanlegt gróðabréll. Guðjón ákvað að taka þátt í pessu og jafnvel að leggja fram einhverja peninga, ef hann hefði þá handbæra.

Æg hringdi úr íbúð Guðjóns til Kristjáns Viðar að Laugavegi 32. Sagði ég honum hvað til stæði, en Kristján spurði af fyrra **bragði** hvort ekki væri meininingin að ræna spíranum og játaði ég því. Kristján ákvað að taka þátt í pessu. Næst hringdi ég í einhvern sprúttsala, Sigurð Hákonarson að ég held. Erindið var að grenslæst fyrir um verð á spíra. Mig minnir að hann hafi sagt, að verðið á 3 ja pela flösku af 96% spíra blönduðum til helminga með vatni væri selt á kr. 2.000,-. Næst hringdi ég í Landsímann og fékk uppgefið símanúmer Geirfinns. Æg skrifaði símanúmerið á miða og létt Guðjón síðar hafa hann. Því næst hringdi ég heim til Geirfinns og spurði

eftir honum. Það var barn, sem svaraði í símann og sagði að Geirfinnur væri ekki heima. Eitthvað ræddi ég meira um ferðina við Guðjón. Ég man að ég sagði honum frá að rafkerfið í Land Rovernum væri ekki í lagi og talaði ég um að taka bíla-leigubifreið. Ákveðið var að fara til Keflavíkur kvöldið eftir og sagðist Guðjón annað hvort verða heima eða á Lambhóli.

Eftir hæðgi daginn eftir fórum við Erla á Bílaleiguna Geysi þar sem við tókum á leigu Vw fólksbifreið ljósbláa að lit. Ég greiddi afgreiðslumanninum kr. 5.000,oo og sagði honum að sleppa því að gera skriflegan samning, sem hann sampykkti, en ég hafði áður fengið bifreiðir hjá honum með þessu móti. Ekki veit ég hvað maður þessi heitir, en ég þekki hann vegna viðskiptanna. Erla ók síðan Volkswagenbifreiðinni inn á Hjallaveg

Ekki man ég eftir neinu sérstöku sem gerðist pennan eftirmið-dag en ég held að kl. hafi verið um hálf sjö er við Erla fórum á Land Rovernum upp í Grýtubakka lo þar sem við boðaðum kvöldmat. Ég hringdi í Geirfinn annað hvort áður en ég fór upp eftir eða frá Grýtubakkanum. Ég get alls ekki munað hvort heldur var eða hvað kl. var. Mig minnir að hann hafi sjálfur komið í síman. Ég sagði honum hver ég væri og nefndi viðskiptin sem ég hefði rétt við hann í Klúbbnum og spurði hvort hann vildi hritta mig við Hafnarbúðina í Keflavík kl. hálf tíu eða tíu. Ég man ekki hvort var. Hann sjátaði þessu. Ég sagði honum að eg yrði með peningana með mér, en nefndi ekki neina upphæð. Ég hafði ekki gefið honum upp mitt rétta nafn í Klúbbnum. Ég held að ég hafi notað nafnið Sæmundur Pálsson, en það notaði ég oft. Það nefndi ég einnig þarna í símanum.

Um kl. 20,oo fór ég ásamt Erlu og móðir minni í Land Rovernum á kvíkmyndasýningu á Kjarvalsstöðum, en áður hafði ég hringt niður á Laugaveg 32 og talað við Kristján Viðar og sagði honum að ákveðið væri að fara suður í Keflavík þá um kvöldið er ég kæmi af Kjarvalsstöðum.

Að lokinni sýningu á Kjarvalsstöðum ókum við móðir minni beint heim. Síðan fórum við niður á Hjallaveg og skiptum um bíl og ~~extaxek~~

Erla ók beint vestur á Ásvallagötu. Guðjón var ekki heima, ég man ekki hvort ég hitti Guðrúnu. Þá ókum við niður að Lambhól þar sem ég hitti Guðjón. Hrafn Guðmundsson var þar einnig, eitthvað fleira fólk var parna en ég man ekki hvað það var. Ég talaði eitthvað smávegis við Rafn. Ekki man ég hvað okkur fór á milli.

Mig minnir að Guðjón hafi verið með bíl parna og eftir því sem ég best man var það Fíat fólkabifreið. Ég tel nokkuð öruggt að ég hafi fært mig inn í bifreiðina til Guðjóns og síðan var ekið inn á Vatnsstíg neðan við Luagaveg. Beigkt var af Laugaveginum og niður á Vatnsstiginn þar sem Guðjón lagði bifreiðinni hægra megin, en Erla sem kom á V.W. bifreiðinni á eftir lagði vinstra megin við Dún og fiðurhreinsunina. Ég fór síðan upp á Laugaveg 32 til Kristjáns. Mig minnir að húsið hafi verið opioð og maður að ganga þar út. Ég fór inn, en Kristján beið þá tilbúin á ganginum. Parna sá ég einnig Pál Konráðsson, en hann hafði komið í símann er ég hringdi til Kristjáns frá Grýtubakkanum. Ég talaði ekki neitt við Pál þarna, en tel að hann hafi séð mig. Kristján sagðist hafa verið að bíða eftir mér. Hann var í leðurjakka svörtum með loðskinnshanska á höndunum. Við gengum beint niður á V.W.bifreiðinni og fórum inn í hann hægra megin. Þá sat Erla aftur. Guðjón sat undir stýri og ég held að Kristján hafi sást örugglega aftur í og ég framm í við hlið Guðjónsson.

Við ókum síðan niður á Hverfisgötu eða Skúlagötu, ég er ekki alveg viss um hvora götuna við fórum. Síðan það var örugglega engin sendiferðabifreið þarna á Vatnsstígnum, eins og við erum áður búin að segja. Ekið var síðan suður Snorrabraut og áfram áleiðis suður til Keflavíkur. Ekki man þeg til að neitt væri stoppað á þeirri leið enda vorum við orðið nokkuð sein. Ekki man ég þó hvað klukkan var orðin. Við ókum fyrir ofan Hafnarfjörð.

Á leiðinni vorum við Guðjón að tala um að við skyldum sýna Geirfinni fulla hörku ef hann væri með einhverja stæla, en mér hafði hann áhugalítill er ég talaði við hann í símann fyrr um kvöldið. Ekki var nein meining í þessu í þá átt að pína hann líkamlega, heldur að leggja fast að honum og pressa hann ef hann sýndist mjög neikvæður. Eitthvað var betta nefnt við Kristján þó hann jánkæði því. Ég var með kr. 70 þús. sem við vorum ~~þekk~~

tilbúnir að láta geirfinn fá ef hann léti upplýsingar á móti. Æg er ekki viss hvað kl. var er við komum til Keflavíkur, hún mun hafa verið nálægt tíu. Æg man að er við ókum eftir aðalgötunni þá sagði ég að við skyldum beygja okkur niður sem við gerðum, en mér datt í hug að löggreglan væri ~~ætthvað~~ í eftirliti og mundi jafnvel stoppa okkur af því þetta var klaleigubíll. Við beygðum niður að Hafnarbúðinni og Guðjón ók þar nokkuð frammhjá. Þar fórum við Kristján út og gengum inn í Hafnarbúðina. Þar gættum við að Geirfinni en sáum hann ekki. Eitthvað verslaði ég þarna inni. Æg mun hafa keypt einn pk. af Viceroy handa Erlu. Ekki man ég eftir manneskjunni sem afgreiddi mig. Mig minnir að afgreiðslustúlkurnar hafi verið í bláum sloppum.

Ekki hringdum við neitt þarna þar sem við héldum jafnvel að Geirfinnur væri einhverstaðar í nágrenninu og gengum út, þar sem við svipuðumst um eftir Geirfinni, en er við sáum hann ekki gengum við að V.W. bifreiðinni. Við ókum síðan eftir aðalgötunni áfram norður bæinn. Æg man að það var talsvert margt fólk á götunni, en ekki man ég sérstaklega eftir að það væri í sambandi við bíðið. Við ókum alveg norður í gegn um bæinn og norður að Dráttarbraut til að útsjá okkur rólegan stað til að ræða við Geirfinn á. Við stoppuðum á hæðinni ofan við Dráttarbrautina. Þar fórum við Kristján út og athugðum staðinn og leist vel á. Hann þar sem þarna var lítil mannaferð, en Guðjón snéri við á meðan.

Síðan var aftur sest inn í bifreiðina og ókum aðalgötuna aftur til baka. Þar sem ég fór inn í sjóppu til að hringja í Geirfinn en þar var margt fólk svo ég hætti við að hreingja. Síðan var ekið niður að Hafnarbúð. Þar létt ég ég Kristján hafa miðann með símanúmeiri og nafni Geirfinns og bað hann að fara inn og hringja í hann. Æg sagði honum að segja eitthvað, en get ekki munað hvað það var. Sannleikurinn er að ég hafði sagt Geirfinni að ég héti Magnús Leopoldsson, en ekki Sæmundur Pálsson og hann mun hafa haldið að ég væri Magnús í Klúbbnum. Þegar Kristján kom út hafði hann orð á því að geirfinnur hefði spurt hvort Maggi væri þarna og síðan sagt að hann mundi koma. Æg var búin að segja Geirfinni erég talaði við hann að við mundum vera á ljósbláum Volkswagen bíl. Æg man að ég sagði þá einnig við Geirfinn að koma gangandi að Hafnarbúðinni og ég sagði Kristjáni einnig að segja honum það er hann hringdi.

Pegar Kristján kom út frá því að hringja settist hann í aftursæti Vw bifreiðarinnar, sem stóð skammt frá Hafnarbúðinni. Að lítilli stundu liðinni var Geirfinnur kominn að bifreiðinni. Æg heilsaði honum, stég út úr bifreiðinni og hleypti honum inn í aftursætið. Hann settist í aftursætið til hægri. Kristján sat í miðju og Erla aftan við Guðjón. Ekið var strax af stað og áleiðis Vestur í Dráttarbraut, en ég hafði orð á því við Geirfinn að fara á kyrrlátan stað til að ræða saman. Þá stóð ekki til að til átaka eða ofbeldis kæmi í sambandi við málid.

Á leiðinni vestur í Dráttarbraut fór ég að tala við Geirfinn um viðskiptin sem við ræddum í Klúbbnum, en hann virtist ekki gera sér grein fyrir hvað ég var að tala um. Það var einna líkast sem hann myndi ekkert eftir fyrri viðræðum okkar. Mér datt helst í hug að hann hafi verið það fullur í Klúbbnum, að hann myndi ekki eftir því sem við höfðum rætt. Æg sagði honum að ég hefði kr. 70.000,oo og sýndi honum peningana. Það ég hann að segja mér hvar spírinn væri geymdur. Hann virtist ekki gera sér neina grein fyrir hvað ég meinti. Æg rétti honum peningana og tók hann við þeim, en rétt um þetta leyti vorum við að koma í Dráttarbrautina. Æg spurði hann frekar hvar spírinn væri geymdur og hver atti hann. Hann snéri út úr því og gaf í skýn að hann hefði viljað kaupa spíra af okkur, að mér skyldist. Æg sagði, að ég gæti greitt honum meiri peninga, ef hann vildi og sýndi honum frám á að þetta væru viðskipti. Hann fór þá að vera með hávaða og henti peningunum á gólfíð í bifreiðinni og vildi komast út úr bifreiðinni. Guðjón stoppaði bifreiðina. Æg fór út, Guðjón samtímis, Geirfinnur og svo Kristján á eftir honum. Geirfinnur ætlaði að fara brott. Guðjón tók þá í öxlina á Geirfinni og spurði hvort ekki atti að ræða málín frekar. Geirfinnur sagði eitt-hvað á þá leið, "ég bekki Sigurbjörn og ykkur hina í Klúbbnum". Kristján og ég höfðum gengið fram fyrir, eða í veg fyrir Geirfinn. Kristján sagði við hann, "þvoruð þið ekki búnir að ræða þetta í Klúbbnum", en Geirfinnur hrinti þá Kristjáni frá sér. Kristján sló Geirfinn til baka, en ekki er ég viss

Hvar höggið kom. Æg sló Geirfinn í andlitið, en hann hratt mér frá sér ~~aftur~~ oh ég féll aftur fyrir mig. Æg spratt á fætur og réðst á hann aftur, en hann stjakaði mér frá. Kristján hafði slegið hann í milltíðinni nokkur högg og ég sá að sum þeirra lenu í maga hans. Guðjón blandaði sér einnig í slagsmálin og ég sá hann slá til Geirfinns. Kristján tók hann hausttaki aftan frá þannig að hann tók með hægri handlegg framm fyrir hálsin á honum. Æg greið spítu ca 70 cm. langa, sem þarna lá og barði Geirfinn með henni eitt högg ~~g~~ framan á fæturnar, en fleygði spítunni síðan frá ~~egxförxtikkelyxsemþæxstóxfyrirkutanbíkinn~~. Þá var ég orðin hræddur og hætt að lítast á pettað. Æg sá þá að Kristján var búin að skipta um hálstak og taka Geirfinn hliðarháls eða hausttak með hægri hendi. Ær hér var komið sá ég að Guðjón var komin með spítuna í hendurnar. Æg sá hann slá Geirfinn nokkur högg með henni fyrist í fæturnar ~~ogjáðarhæð~~, Geirfinnur var með annari hendinni eitthvað að reyna að rífa í Kristján. Þá tók ég í hendina á honum og hélt henni frá Kristjáni sem sagði eitthvað á þá leið "Vertu rólegur maður"

I þessu fór ég til Erlu sem stóð fyrir utan bílinn. Hún var orðin "Nervös" út af þessu. Æg fékk henni fimm þúsund krónur og sagði henni að fara, það bíddi ekki að róa manninn niður hann væri alveg óður. Hún fór síðan í burtu og ég sagði henni að taka leigubifreið til Reykjavíkur.

Er ég snéri mér aftur að mönnunum lá Geirfinnur á ~~annari~~ hvorri ~~hliðinni~~. ~~eða~~ á bakinu ~~eg er okki viss~~. Guðjón stóð yfir honum, þá var hann búin að kasta spítunni. ~~Um~~ Kristján var að bogra niður að manninum og þukla á honum. Æg fór einnig að athuga henn, en þá stóð Kristján upp og sagði að maðurinn væri dauður. Æg þuklaði einnig á manninum og leitaði eftir púlsinum en fann að hann mundi vera dauður. Ekki getið átt að mig á hvað varð Geirfinni að bana, hvort það orsakaðist af höggunum eða haustakinu. Æg sá hann ekki barin með spítunni í höfuðið eða andlitið. Æg sá blóð eða skrámur á vinstra ½agnlauga og kjálka Geirfinns. Annað sá ég ekki á honum.

Guðjón segir síðan "Náðu í Erlu" Æg fór af stað og kallaði, en fékk ekki svar og sá hana ekki og snéri aftur ~~bil~~ baka "Finndu hana" sagði þá Guðjón en ég fór ekki aftur. "Hvað eigm við að gera" sagði þá Kristján. Við ræddum um hvort við ættum að skilja hann eftir. Æg taldi að hætta væri á að fingraför finndust

og þeir samþykktu það. Við athuguðum hann þá betur og fullvissuðum okkur að hann væri dáinn. Þá var rætt um hvað gera skyldi og var ákveðið að setja hann inn í bifreiðina að aftan. Eg var þá búinn að taka upp peningana, sem Geirfinnur fleygði á bílgólfíð. Spýtuna sem við börðum Geirfinn með skildum við eftir á staðnum. Ekki treysti ég mér til að lýsa henni nákvæmlega, en þetta var frekar mjóf fjöl.

Við settum Geirfinn í sitjandi stellingu í aftursætið vinstra megin og hallaðist hann út á hlið. Kristján Viðar sat í aftursæti til hægri, ég í framæsti en Guðjón ók. Við ókum til hægri er við komum úr Dráttarbrautinni, og leituðum nokkuð að Erlu, þar sem hún hafði gleymt kápunni sinni í bifreiðinni og óttuðumst við að henni yrði kalt og ef til vill myndi hún lenda í höndum lögreglunnar.

Eftir að hafa ekið smávegis um til að leita að Erlu, þá ókum við út úr Keflavík áleiðis til Reykjavíkur. Á leiðinni töluðum við allir um hvað væri best að gera við líkið. Það var rætt um ýmsa staði til að setja líkið á, en ekki varð neitt samkomulag hvað gera skyldi. Eitthvað kom til tals að setja hann út á Álfanes og ég man að hitaveitustokkur var nefndur og talað um að hættulegt væri að fara með líkið í gegn um Kópavog. Endirinn varð sá að ekið var beina leið til Reykjavíkur og inn í sundið bak við heimili Kristjáns. Við Kristján bárum líkið inn í kjallarann og kom Guðjón með okkur inn. Við settum líkið inn í geymslu, sem tilheyrði Kristjáni. Þar ofan á fatahrúgu og minnir mig að gólf-dregill eða eitthvað þess háttar hafi verið sett ofan á líkið. Við fórum svo allir þrír upp í íbúð Kristjáns þar sem rætt var saman skamma stund. Kristján talaði um að ekki væri hægt að hafa líkið þarna lengi. Ákveðið var að ræða saman daginn eftir og fór Guðjón fljótlega á brott og bað Kristján hann um að loka kjallaranum á eftir sér. Hann mun hafa farið á bifreiðinni heim til sín. Þessa nótt svaf ég í íbúðinni hjá Kristjáni.

Morguninn eftir tók ég leigubifreið heim á Hjallaveg og var Erla þá komin heim. Síðar sama dag hitti ég Guðjón niður á Mokka á Skólavörðustíg. Þá ræddum við um hvað gera skildi við líkið. Hann nefndi ýmsa möguleika. t.d. að breðna það, sökkva því í vatn, undan það eða grafa í óbyggðum hár sem það fynndist ekki.

Við Guðjón vorum tveir einir er við ræddum þetta, en mig minnir að Bragi Bergsteinsson hafi verið þarna nálægur. Pennan sema dag skiliðum við Erla Volkawagninum. Þá var komið kvöld svo við skildum bílinn eftir við bílaleiguna.

Fimmtudaginn 21. nóv. fórum við Erla niður á Grettisgötu á Land Rover bifreiðinni. Fyrst höfðum við farið á Bergþórugötu 27 og fengið Bjarna Þór til að stilla bensíngjöfina á bílnum. Þá var ég í kápu Erlu. Æg tók hana utan af Geirfinni er við vorum búrir að bera hann inn. Æg sá að einhverjur svartir blettir voru á kápunni. Það munu hafa verið blóðblettir. Æg gleymdi kápunni inni hjá Bjarna. Nokkrum dögum seinna sótti ég hana og hendi henni í sorptunnu.

Erla hafði ekið Land Rover bifreiðinni inn í sundið bak við Grettisgötu 82. Þá var Kristján heima, enda vorum við búrir að ákveða tíman sem við ætluðum að hittast þarna. Þetta mun milli kl. 15 og 16,00. Erla fór upp í íbúð Kristján og beið par meðan við færðum lík Geirfinns yfir í þvottahúsið beint á móti geymslunni. Par vöfðum við einhverju taui sem við fundum þarna utan um hann og bundum síðan snæri utan um. Ekki veit ég hver konar tau þatta var. Við bárum síðan líkið út í Land Roverinn og settum það inn í hann að aftan. Þá voru tvær skóðullar í bílnum sem Guðjón var búin að lána okkur. Við ókum síðan beint upp í Reyðhóla. A leiðinni tókum við hensín á plastbrúsa sem við vorum með. Hann mun hafa tekið um fimm lítra. Við ókum nokkurn spöl inn í Rauðhólana og grófum síðan holu ofan í rauðamöl ekki stærri en það að líkið komst ofan í hana en nokkuð djúpa. Síðan heltum við bensíninu yfir það og ég kveiki á eldspítu og hendi henni á og þetta varð alt eitt eldhaf um leið. Erla stóð þarna rétt hjá og horfði á. Guðjón kom ekki nærrí þessum slutningi. Þetta brann illa og eldurinn dofnaði fljóttlega. Mjög vond lykt kom og þá fórum við að moka yfir og sléttuðum alveg yfir.

Um sumarið 1975 líklegast í júlílok fórum við Erla aftur þarna upp eftir til að vita hvort við fynnum stsðinn og töldum okkur fynna hann. Þarna voru strákar að skjóta í mark svo við leituðum ekki sérstaklega að þessu.

Pegar ég hringdi til Kristjáns þann 18. 11. 1974 að heiman frá Guðjóni, þá töluðum við um að Kristján sægi um að útvega sendibifreið, sem nota átti til að flytja spírann frá Kefla-

vík til Reykjavíkur. Kristján á frænda, sem heitir Óttar Sigurðsson. Talaði ég um það við Kristján að hann reyndi að fá Óttar til að aka þessa ferð, en ég vissi að hann hafði ekið sendibifreið sumarið 1974. Kristján féllst á að sjá um þá hlið málsins.

Þegar ég var á leiðinni að Vw bifreiðinni á Vatnsstígnum ásamt Kristjáni áður en lagt var af stað til Keflavíkur. Þá kom Óttar á sendibifreiðinni, og stöðvaði hann nokkru neðar á Vatnsstígnum. Ég talaði við hann og sagði honum hvar hann ætti að bíða í Keflavík. Ég vísaði honum veginn í Dráttarbrautina og sagði honum að aka í gegn um Keflavík og aka ofan við húsin og svo niður með þeim að vestan. Hann fór svo á undan okkur til Keflavíkur. Sendibifreiðin sem hann ók var gul M-Benz og eigandi hennar var strákur sem bjó neðarlega á Rauðalæk og minnir mig að hann hafi átt þrjá sendibíla.

Þegar við komum til Keflavíkur og fórum í Dráttarbrautina í fyrra sinnið, þá fórum við Kristján út úr bifreiðinni sem fyrr er frá greint. Erindið var að svipast um eftir Óttari. Við fundum hann, þar sem hann beið neðarlega í Dráttarbrautinni. Kristján talaði við hann og sagði honum að bíða. Þegar við komum í Dráttarbrautina í síðara sinnið og átökin urðu við Geirfinn, þá stöðvuðum nokkuð frá sendibifreiðinni. Ég get ekki sagt um hvort Óttar sá átökin, en það kann að vera. Ég er viss um að hann átti engan þátt í átökunum og kom þar ekki nærri. Þegar Geirfinnur var látninn, þá fór Kristján til Óttars og sagði honum að fara til baka og þegja yfir ferðinni. Ég held að Óttar hafi verið einn í bifreiðinni.

Nokkrum dögum eftir þessa atburði og örugglega áður en ég fór til Danmerkur, þá talaði ég við Guðjón. Ég sagði honum sem var að ég hefði sagt heita Magnús Leopoldsson, er ég talaði við Geirfinn. Ekki vissum við hvað Geirfinnur hefði sagt öðrum frá þessu máli. Vegna þessa stakk ég upp á, að ef við yrðum handteknir þá yrði Klúbbmönnunum blandað í málíð.

Guðjóni leist vel á þetta og ég nefndi þetta einnig við þau Kristján og Erlu.

Í Júlí 1975 komum við öll fjögur saman á Grettisgötunni hjá Kriwtján: Viðar. Þá ræddum við þetta og vorum sammála um að ef við yrðum handtekin vegna máls þessa þá skyldum við flækja málid með því að bera að Klúbbmenn og sprútsalar í Reykjavík hefðu verið þarna að verki. Erla stakk upp á Einari bróðir sínum og einnig Valdimar Olsen og Jóni RAgnarssyni því hún vissi að þeir tengdust Klúbbmönnum og þetta mundi því falla saman er farið yrði að rannsaka feril þessara manna.

Eftir þennan atburð sem gerðist 19. nóv. 1974 fylggust við öll sem þarna áttum hlut í mál með rannsókn málssins. Við vissum altaf nákvæmlega hvernig það stóð þar sem stöðugt voru mjög miklar fréttir af rannsókninni í blöðum, sjónvarpi og útvarpi. Eg fór aldrei til Keflavíkur til að fylgjast með rannsókninni!

Það skal tekið fram að missögnin sem kemur fram í skýrslunni varðandi sendiferðabílinn er vegna þess að Sævar Marinó atlæði að halda honum og ökumanni hans utan við mál þessa.

Yfirheyrslu lauk kl. 23,30.

Vottur:

Grétar Sæmundsson

Upplesið staðfest.

Sævar Marinó Ciesielski.

Jónas Bjarnson

ranns.lögreglum.

Athugasemdir var þandi Guðjón Skarphéðinsson, gæslufanga, en þann 10. 12. 1976 ræddi ég undirritaður við hann ásamt Eggerti N. Bjarnasyni, lögreglumanni.

Hann kvaðst ekki hafa séð er Sævar fékk að hringja í íbúð hans þann 18. 11. 1974. Hann muni hafa verið inni á baði, eða Kló-setti. Segir að Sævar muni hafa ~~kringt~~ meira en eitt símtal. Sævar hafi mjög oft þurft að hringja og yfirleitt ekki látið uppi við aðra hvert erindið var.

Segir að sig minni, að hann hafi verið á bifreið á Lambhóli þann 19. 11. 1974. Þar komi aðeins til greina Fiat fólksbifreið tengdamóður hans, en hún hafi um þetta leyti verið sjúklingur og hafi hann á hverjum degi ekið henni til læknis á bifreið hennar. Læknirinn muni hafa verið Kristján Hannesson og sé hægt að sjá hjá honum hvort tengdamóðir sín Lára Gunnarsdóttir hafi komið til hans í sprautur dag hvern á þessum tíma.

Hann telur að Sævar hafi verið með honum í bifreiðinni er ekið var frá Lambhóli, en man óljóst hvert hann ók bifreiðinni til að skilja hana eftir.

Á leiðinni til Keflavíkur hafi verið talað um að búast mætti við að sýna þyrfti manninum fulla hörku. Þá kunni að vera, að á leiðinni suðureftir hafi Sævar boðið honum að leggja fram peninga. Kveðst muna að Geirfinnur tók við peningum úr hendi Sævars, en svo hafi hann fleygt þeim á gólfíð í bifreiðinni.

Segir að ekið hafi verið í gegn um bæinn (Keflavík) og stöðvað við Pípugerð Áhaldahús. Hann hafi í það skipti séð í bát uppi á landi. 2 hafi farið úr bifreiðinni, en Erla örugglega verið eftir í bifreiðinni. Kveðst ekki muna eftir samræðum við hana. Hinir hafi farið til að tala við mann, eftir því sem honum skildist á Sævari á eftir. Minnir að Sævar hafi þá talað um að hringja þyrfti aftur, en getur ekki fullyrt að orðin hringja aftur hafi verið notuð.

Hann kvaðst ekki vita hver var í sendibifreiðinni. Hann muni ekki eftir henni fyrir víst í Reykjavík áður en ekið var af stað, en örugglega hafi verið talað um hana á leiðinni suðureftir.

Man heldur ekki eftir henni í Keflavík. Hann kveðst telja öruggt, að þarna hafi verið um gula M-Bens sendibifreið að ræða og byggi hann það á því að hann hafi séð ~~þessaxhixxixxi~~ pannig bifreið í Skunkinum sumarið eftir, er hann kom þar ásamt Sævari, og Sævar þá allsekki viljað láta hann sjá ökumann þeirrar bifreiðar. Það muni einnig vera þessi sama bifreið sem ók dóti fyrir Erlu frá Lambhóli er hún kom til landsins 1975. Hann geti ekki fullyrt þetta, en frétt hjá Rafni Guðmundssyni, að bifreið með þessa lýsingu hafi flutt dótið. Hann segir, að aðrir aðilar í málínun hafi lagt áhreslu á, að hann kæmist ekki að því hvaða sendibifreið og ökumann þarna var um að ræða.

Guðjón sagði að hann hefði ótrúlega gott minni, en hann byrfti að fá að hugsa um málid í rólegheimum. Þegar hann væri yfirheyrður ætti hann erfitt með að ákveða hvað væri rétt og satt og hvað ekki. Hann kvaðst mundu setjast við og skrifa niður gang málsins, en þannig ætti hann auðveldast með að rifja upp.

*Gretar Sæmundsson*  
Gretar Sæmundsson  
Lögreglum.

Pann 6. 12. 1976 fékk ég þær upplýsingar frá John Hill, rannsóknarlögreglumanni í Keflavík, að þann 19. 11. 1974 hefði Nýja-Bíó í Keflavík sýnt kvíkmyndina FRENCH CONNECTION. Sýning hefði hafist kl. 21:00 og lokið kl. 23:00 til 23:05. Hlé hefði verið kl. 22:00 eða 22:02 og staðið í um lo míni.

Nýja-Bíó er við sömu götu og lögreglustöðin. Þegar ekið er í gegn um Keflavík er bíðið á hægri hönd rétt áður en komið er að lögreglustöðinni.

Til skýringar er rétt að geta þess að þegar ekið er frá Hafnarbúðinni skemmstu leið í Dráttarbrautina, þá er ekið fram hjá bíóinu.

*Grétar Sæmundsson*  
Grétar Sæmundsson  
Lögreglum.

## Rannsóknarnefndin Reykjavík.

Reykjavík 12 des. 1976.

I dag kl. 14:40 er mætt í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar til yfirheyrsli, Erla Bolladóttir, núverandi gæslufangi, fædd 19/7 1955, nafn nr. 2147-0929.

Mættu er kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar. Gætt er ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og áminnt um sannsögli skýrir hún svo frá:

Eg vil nú byrja á því að skyra frá aðdragandanum á því að ég og Sævar tókum bíl á leigu hjá bílaleigunni Geysi. Það var vegna þess að Land-róver bifreiðin, sem við áttum var í ólagi, b.e. benzingjöf bifreiðarinnar var biluð svo og hemlakerfi bifreiðarinnar.

Það var þann 19. nóv. 1974 að ég fór með Sævari í bílaleiguna Geysi við Laugaveg til þess að taka okkur þar bíl á leigu. Þegar við komum þar inn hittum við þar mann, sem sá um rekstur bílaleigunnar og heitir hann Guðmundur Magnússon. Sævar þekkti Guðmund og kynntist ég Guðmundum konum fyrir milli göngu Sævars. Þegar við hittum Guðmund þarna á bílaleigunni, þá bað hann mig um að taka til fyrir sig íbúð sinni að Laugarnesvegi 64. Ég ákvað að gera það og létt Guðmundur mig þá hafa lykla af ljós bláum V.W. fólksbifreið, sem ég ók frá Laugavegi og inn á Laugarnesveg og var Sævar í bifreiðinni með mér. Guðmundur ók í annari bifreið á undan okkur og opnaði íbúðina til þess að við gætum tekið þar til, en fór síðan. Þetta var eftir hádegi sem við fórum á bílaleiguna.

Guðmundur kom síðan heim, eftir að hann hafði lokað bílaleigunni og var ég þá búinn að taka til í íbúðinni fyrir hann. Hann rétti mér þá eittþúsund króna seðil, sem greiðslu fyrir tiltektina.

Því næst bað Guðmundur okkur að aka á eftir sér út að Hótel Loftleiðum, þar sem hann þyrfti að fara með bílaleigu bifreið þangað og áttum við síðan að aka honum aftur á Laugarnes-veg. Ég ók síðan á eftir Guðmundi að Loftleiðum, en þar bauðst sá sem hafði tekið bifreiðina á leigu, sem Guðmundur var með, til þess að aka honum heim og fórum við Sævar þá á bíla leigubifreiðinni heim til míni á Hjállaveg. Þar fórum við inn skammastund, en fórum síðan á Land-róver bifreiðinni að Grýtu-

bakka, þar sem við fórum inn til móður Sævars og borðuðum.

Skömmu fyrir kl. 20:00 fórum við frá Grýtubakka og var þá móðir Sævars með okkur. Fórum við að Kjarvalssstöðum, þar sem við sáum kvíkmyndasýningu, þar sem sýnd var Heimaeyjarmyndin. Strax eftir að sýningu lauk, þá ókum við móður Sævars að Grýtubakka og fórum síðan á Hjallaveg, þar sem við skiptum um bifreið og skildum þar Land-róver bifreiðina eftir.

Ég ók þá V.W. fólksbifreiðinni frá Hjallavegi og var Sævar með mér. Við fórum að Ásvallagötu, þar sem Guðjón Skarphéðinsson átti heima og fór Sævar þar inn, en kom strax aftur og sagði ðað Guðjón væri ekki heima.

Sævar sagði mér þá að aka að Lambhól við Starhaga, sem ég gerði. Þegar við komum þangað fór Sævar þar inn og kom aftur út eftir skammastund og var þá Guðjón með honum. Sævar kom þá til míni og sagði mér að aka á Ásvallagötu, en hann fór sjálfur með Guðjóni, sem var parna á annari bifreið, sem ég ekki man hvernig var. Ég ók á Ásvallagötuna og komu Sævar og Guðjón þangað rétt á eftir mér. Þar fóru Sævar og Guðjón inn í íbúð Guðjóns og kom Sævar síðan einn út aftur eftir skammastund og settist inn í bifreiðina hjá mér.

Ég ók þá eitthvað um borgina, en síðan ók ég niður á Vatnsstíg, þar sem ég stöðvaði bifreiðina gegnt húsi nr. 3. Þar fór Sævar út úr bifreiðinni, en kom fljótt aftur og rétt á eftir honum kom Kristján Viðar gangandi frá Laugavegi að bifreiðinni og kom inn í bifreiðina vinstramegin, þar sem ég sat. Ég ók þá afram norður Vatnsstíginn og þegar ég var rétt ókominn að Skúlagötu sá ég stóra sendibifreið ljósa að lit með stórra framrúðu og tveimur hliðarrúðum sitthvoru megin. Sendibifreiðin stóð vinstramegin á götunni, á öfugum vegarhelmingi miðað við aksturstefni, þar sem framendi bifreiðarinnar sneri að Skúlagötu. Þegar ég kom parna að sá ég Guðjón koma gangandi frá sendibifreiðinni, skáhalt yfir Vatnsstíginn og staðnamast á gangstéttinni austan við götun. Þar sem Guðjón stóð stöðvaði ég bifreiðina og fóru Sævar og Kristján þar út úr bifreiðinni og töluðu við Guðjón, en ekki heyrði ég kvað þeim fór á milli.

Sævar kom síðan til míni og sagði að Guðjón átti að aka bifreiðinni og settist ég þá í aftursæti bifreiðarinnar vinstra megin. Kristján settist inn í bifreiðina í hægra aftursætið og Sævar í framsæti bifreiðarinnar við hlið Guðjóns. Þá var ekið af stað og farið austur Skúlagötu sem leið liggur áleiðis til

Keflavíkur. Æg held að komið hafi verið við á benzinafgreiðslu í Hafnarfirði, þ.e. hjá BSH við Reykjavíkurveg. Æg er þó ekki alveg viss um þetta atrið og vil því ekki fyllyrða neitt um það.

Síðan var ekið til Keflavíkur og á leiðinni ræddu Guðjón og Sævar mikið saman um einhvern mann, sem væri erfiður, eins og ég hef áður skýrt frá. Þegar við komum til Keflavíkur var stoppað við Aðalstöðina, þar sem Sævar fór út úr bifreiðinni og ætlaði að hringja, en kom aftur æg sagðist ekki hafa fengið aðgang að síma. Þá var ekið að Hafnarbúðinni, þar sem Sævar og Kristján fóru báðir inn. Þar keypti Sævar fyrir mig Viceroy sigarettupakka og eitthvað annð, sem ég man ekki hvað var. Frá Hafnarbúðinni var ekið í Dráttarbrautina og vorum við þá fjögur í bifreiðinni, þ.e. ég, Kristján, Sævar og Guðjón.

Þegar við vorum á leiðinni í Dráttarbrautina, man ég að Sævar sagði ~~márxæð~~ okkur að beygja okkur niður og láta ekki sjá okkur og man ég að það var eitthvað af fólki, þar sem við ókum um.

Þegar við komum að Dráttarbrautinni, var bifreiðin stöðvuð þar skammt frá og fórum ég, Sævar og Kristján þar út úr bifreiðinr og gengum niður í Dráttarbrautina, þar sem við skoðuðum okkur um. Ekki sá ég neinn þar þá og fórum við síðan aftur að bifreiðinni, en Guðjón hafðim ~~xx~~ þá fært bifreiðina úr stað og snúið henni við. Við settumst öll inn í bifreiðina og var þá ekið að sjoppu, þar sem ökumenn geta ekið á bifreiðum að og fengið afgreiðslu um söluop. Þar fór Sævar inn til þess að hringja og sá ég hann þer sem hann stóð við afgreiðsluborðið og talaði í símann. Ekki veit ég við hvern hann var að tala. Þegar Sævar kom aftur í bifreiðina var ekið að Hafnarbúðinni og bifreiðin stöðvuð, skammt frá við gult skilti, þar sem einhver áletrun var um vigt og man ég eftir því að ég var að reyna að lesa, hvæð á skilti þessu stóð.

Kristján fór einn út úr bifreiðinni og fór hann inn í Hafnarbúðina. Þegar Kristján kom aftur var einhver maður með honum, sem ég ekki þekkti. Sævar fór þá út úr bifreiðinni og þá settist ~~xx~~ ókunni maður, sem var Geirfinnur Einarsson, inn í bifreiðina og settist hann inn við hliðina á mér og Kristján settist í aftursætið hægramegin. Æg er ekki alveg viss um það hvort Geirfinnur sat við hliðina á mér eða Kristján Viðar.

Frá Hafnarbúðinni var ekið aftur að Dráttarbrautinni og ræddu Guðjón, Kristján og Sævar allir við Geirfinn á leiðinni. Þeir ræddu um spíra og hvar hann væri, en Geirfinnur sagði þeim

ekki hvar hann væri og man ég ekki hvort hann sagði að hann vissi það ekki. Þeir rifust í bifreiðinni á leiðinni og man ég að Sævar bauð Geirfinni peninga, ef hann vildi aðstoða þá við að finna spíra og sagðist Geirfinnur ekki vilja það. Þegar bifreiðin var stððvuð í Dráttarbrautinni tók Sævar upp peninga bunkt, sem í voru fimmbúsundkrónuseðlar og rétti Geirfinni þá. Geirfinnur tók við peningunum, en kastaði þeim síðan á gólf bifreiðarinnar, á milli framsætanna.

Þá fórum Sævar, Kristján, Guðjón og Geirfinnur út úr bifreiðinni og byrjuð þá slagsmál á milli Geirfinns annarsvegar og Sævars, Guðjón og Kristjáns hinsvegar. Þau byrjuð þannig að Sævar, Guðjón og Kristján voru að tala við Geirfinn og sá ég þegar Geirfinnur ætlaði að ganga í burtu, milli Sævars og Kristjáns, en þá greip Guðjón í hann. Kristján og Sævar byrjuðu þá strax að slást við Geirfinn. Þegar þetta gerðist var ég komin út úr bifreiðinni og kom þá Sævar til míni og sagði mér að fara heim og rétti mér einhvern pening. Ég fór þá burtu af staðnum og faldi mig í mannlusu húnsi þar skammt frá, eins og ég hef áður skýrt frá og er sannleikanum samkvæmt.

Þegar ég fór úr Dráttarbrautinni þá sá ég að Geirfinnur var kominn á hné í átökunum við Sævar, Kristján og ~~Sævar~~<sup>Guðjón</sup>. Þegar við komum í Dráttarbrautina var það fyrir sendibifreiðin, sem var á Vatnsstíg og einnig man ég eftir því að hafa séð lítin bát eða trillu við bryggjuna. Ekki sá ég þó neinar mennaferðir hvorki við bátinn eða sendibifreiðina. Þessi sendibifreið er mjög svipuð þeirri bifreið, sem frændi Kristjáns var á, þegar hann flutti fyrir mig húsgögn frá Álfheimum á Hjallaveg í ágúst 1974. Ekki veit ég þó hvort þetta var sama bifreiðin.

Ég kom heim til míni á Hjallaveg að morgni 20/11 1974 og kom Sævar á Hjallaveg um kl. 12:00. Ég fór ásamt Sævar þennan sama dag á Ásvallagötu og sóttum við þangað V.W. fólksbifreiðina og preyf ég bifreiðina og skilaði ekki á bílaleiguna. Ekki tók ég eftir neinu sérstöku þegar ég preyf bifreiðina.

Ég man að ég fór með Land-róver bifreiðina að Bergþórugötu 27, til Bjarna, ~~þær~~ sem hann gerði við benzingjöfina. Þetta var annað hvort á fimmstudegi eða föstudagi eftir ferðina til Keflavíkur. Ég man að þá var Sævar í kápu minni, sem ég hafði gleymt í bifreiðinni í Keflavík. Ég spurði Sævar um kápuna, nokkru eftir þetta og sagði hann þá að hann hefði gleymt henni heima hjá Bjarna.

Erla var nú spurð að því, hver hefði verið ástæðan fyrir því að hún sagðist hafa skotið Geirfinn í Dráttarbrautinni.

Svar: Eg kvaldist af samviskubiti, þar sem ég hafði lágið upp sök á two menn, sem sátu í gæsluvarðhaldi vegna máls þessa og taka því sökina á mig og þar með losa um mennina.

Yfirheyrslu lauk kl. 19:40.

Upplesið, staðfest,

Érla Bolladóttir

Érla Bolladóttir.

Vottur:

H. Arnason  
Haraldur Arnason.

Sigurbj. V. Eggertsson  
Sigurbj. V. Eggertsson  
lögreglu.

Fimmtudaginn 9. des. 1976 greindi Sævar M. Ciesielski frá aðild sinni (við yfirheyrslu) að hvarfi Gerifinns Einarsonar 19. nóv 1974 og þá jafnframt að hann hafði ásamt Kristjáni V. Viðarssyni og Erlu Bolladóttir flutt lík hans upp í Rauðhóla 21. sama mánuð. og grafið það par.

Föstudaginn 10. des. fór undirr. ofl. með Sævar upp í Rauðhóla og hann beðin að benda á staðinn þar sem líkið var grafið. Hann kvaðst ekki vera viss á staðnum þar sem ferðin hefði verið farin í myrkri, en benti á nokkra uppmoksturshóla þarna á svæðinu og kvðast telja þá líkasta staðnum sem grafið var á. Þarna var mikið vatn á svæðinu, en hann hvað þaðekki hafa verið umrætt nóvemberkvöld.

Fengin var vélgrafa til að grafa í hóla þessa, en mikið frost var í þeim og vann hún ekki á því.

Haugardaginn 11. des. var farið með Erlu Bolladóttir upp í Rauðhóla. Hún benti á stað skammt frá þeim sem Sævar hafði bent á (um 50 metr. frá) kvaðstahalda það vera staðinn sem grafið var á. Þarna var rauðamölin frekar laus í sér og var því hægt að grafa upp með vélgröfu, en ekki bar það árangur.

Sunndudaginn 12. des. var fengin jarðýta með "Ripper" sem reif upp klakan í umræddum hólum og síðan var vélgrafa látin grafa þá upp, en án árangurs.

Mánudaginn 13. des var svæði þetta sem Sævar hafði bent á gjörkannað með jarðýtu en það bar ekki árangur.

Föstudaginn 18. des. 1976 talaði ég við Reynir Steinsson Ellida-vatni (umsjónarmann m/ Heiðmörk) f: 3/7. 1916 M nr. 7331-9641. Um hann er mjög kunnugur í Rauðhólum. Ég fór með hann í Rauðhólana og bar undir hann hvort mikið vatn hafi verið þar undan farin ár. Hann upplýsti að vegna riginninganna sumurin '75 og '76 hafi safnast óvenjulega mikið vatn í lægðir í hólunum. Sumarið og haustið 1974 hafi verið mikið minna vatn þarna og sennilegt að svæði það sem við vorum að sýna honum og vatns stóð á hafi verið

þurrt haustið 1974. Mikið vatn er á svæðinu norðan við hólana og þaðan sígur vatnið inn í þá þannig að ekki kemur að gagni að dæla vatninu burtu.

Eg ~~galaði~~ einnig við Karl Norðahl Hólmí v/ Suðurlandsveg, en hann er með veðurathuganir. (Karl er f: 8/4. 1898, N.nr. 5505-3340) Hann upplýsti að frá 1. til 21. nóv. 1974 hafi flestar nætur verið frost við jörð en yfirleitt frostlaust á daginn. Taldi hann að líklegast hefði eitthvað frost verið komið í jörð á umræddum tíma en þó ekki mikið.

Laugardaginn 19. des. var svæði það sem Erla hafði bent á og síðan hafði Sævar talið það mjög líklegt, grafið upp en án árangurs. Þar var mikið vatn á og það djúpt að rétt var á mörkum að hægt væri að grafa.

Mánudaginn 2. des. benti Kristján Viðar á stað í um 30 metr. fjarði. frá stað þeim sem Sævar hafið bent á í upphafi. Þar fyllt yrti hann að Geirfinnur hefði verið grafin. Vélgrafa var látin kanna þetta og staðurinn og næsta nágrenni vandlega grafið upp en án árangurs.

Skuggamyndir og ljósmyndir (loftmyndir) voru fengnar hjá landmælingum Íslands bæði frá árinu 1974 og '75 til að gera samanburð og reyna að fynna út hvort jarðraks eða tilfærsla á grjóti hefði átt sér stað á umgreindu svæði í Rauðhólunum á þessum tíma, en svæði þetta er friðlýst og þarna á ekkest rask að fara framm. Ekkert vatn er á svæðinu í sept 1974.

Jónas Bjarnason  
  
 Fanns. legi. m.

30. des. 1976.

11.12.1976. Eftir að upplýsingar fengust um bifreiðina, sem komið hafði í grjótnámið við Sandgerði, fór ég undirritaður til forstöðumanns Bifreiðaeftirlitsins í Hafnarfirði og fékk hjá honum skrá yfir allar leigubifteiðar, sem báru G-númer á árinu 1974.

Hjá bifreiðadeild Bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði fékk ég síðan upplýsingar um allar bifreiðar af Chevrolet gerð, sem skráðar voru í leiguakstur árið 1974.

Fylgjá hér með ljósrit frá Bifreiðaeftirlitinu og frá Bæjarfógetaembættinu.

Magnús Kristinsson f.18.2.1917, nafnnr.6271-2554, tilh. Arnarhrauni 14, Hafnarfirði sími 50374, skráður eigandi bifr. G-1010, Chevrolet Nova, smíðaár 1974, græn að lit.

Magnús sagði mér, að hann hefði stöðvarleyfi á Bifreiðastöð Hafnarfjarðar, en hefði ekki stundað leiguakstur núna í mörg ár, enda væri hann í vinnu á nóttinni og væri vinna hans í því fólgin, að sjá um blaðdreifingu á vegum Morgunblaðsins. Magnús sagðist ekki hafa komið í Sandgerði í nokkur ár og ekki vita hvar grjótnámið þar er.

Sigurður Stefánsson f.6.5.1949, nafnnr.7904-4261, tilh. Stekkjarflöt 2, Garðabæ, sími 42640, skráður eigandi bifr. G-1809, Chevrolet Nova, smíðaár 1972, rauð að lit.

<sup>Sigurður</sup> ~~Magnús~~ sagðist hafa haft stöðvarleyfi á Nýjubílastöðinni í Hafnarfirði árið 1974, en aka nú á Bílfreiðastöð Hafnarfjarðar.

Sigurður sagðist ekki minnast þess, að hafa komið í Sandgerði í nóvember 1974 og ekki vita hvar grjótnámið þar er.

Karl Sigurður Njálsson f.17.3.1956, nafnnr.5505-1577, tilh. Garðabraut 88, Gerðum Garði sími 92-7053, skráður eigandi bifr. G-69, Chevrolet Nova, smíðaár 1972, græn að lit.

Karl sagðist hafa stöðvarleyfi á Aðalstöðinni í Keflavík, en ekki notað það leyfi í 14 ár, enda staðið fyrir útgerð síðan þá. Hann sagðist ekki vera með bifreið sína merkta með L, eins og leigubifreiðar og ekki vera með gjaldmæli.

Karl sagðist vita um umrædda grjótnámu við Sandgerði, en ekki hafa komið þar á bifreiðinni G-69.

Birgir Sigurðsson f.9.4.1939, nafnnr.1130-2319, tilh.  
 Sunnuhlíð Mosfellssveit sími 66137, skráður eigandi bifr.  
G-842, Chevrolet Nova, smíðaaár 1974, litur Gold.

Birgir sagðist hafa ekið umræddri bifreið árið 1974 frá því í mars, en þá hefði bifreiðin komið til landsins.

Birgir sagðist ekki minnast þess, að hafa komið í Sandgerði í nóvember 1974 og ekki vita hvar grjótnámið þar er.

Ingi J.Jóhannsson f.19.5.1925, nafnnr.4802-7202, tilh.  
 Hringbraut 34, Hafnarfirði sími 50884, skráður eigandi bifr.  
G-190, Chevrolet Nova, smíðaaár 1969, litur Beige.

Ingi sagðist hafa stöðvarleyfi á Bifreiðastöð Hafnarfjarðar og einnig stunda kennslu á bifreið sinni.

Ingi sagðist ekki muna eftir því, að hafa komið í Sandgerði í nóvember 1974 og ekki vita hvar grjótnámið þar er.

Sævar Hannesson f.21.9.1937, nafnnr.8837-6838, tilh.  
 Goðatúni 9, Garðabæ, sími 52312, skráður eigandi að bifr.  
G-1032, Chevrolet Nova, smíðaaár 1969, litur Orange.

Sævar sagðist hafa stöðvarleyfi á Nýjubílastöðinni í Hafnarfirði. Sævar sagðist ekki muna eftir ferð til Sandgerðis í nóvember 1974 og ekki vita hvar grjótnámið þar er.

Kristinn J.Magnússon f.28.6.1940, nafnnr.5822-8036, tilh.  
 Nönnustíg 1.Hafnarfirði sími 52709, skráður eigandi bifr.  
G-9430, Chevrolet Nova, smíðaaár 1974, litar grænn.

Kristinn sagðist hafa stöðvarleyfi á Bifreiðastöð Hafnarfjarðar og hafa ekið þar fyrripart ársins 1974, en síðan ekki. Hann sagðist hafa tekið við sorphreinsun á vegum Hafnarfjarðarbæjar í júní 1974 og vinna við það enn.

Kristinn sagði, að komið hefði fyrir að hann hefði ekið á næturnar og um helgar, fyrst eftir að hann byrjaði í hreinsuninni, en síðan alveg hatt því. Hann sagðist ekki minnast þess, að hafa farið túr til Sandgerðis og ekki vita hvar grjótnámið þar er.


Kristján S.Kristjónsson f.3.8.1928, nafnnr.5869-8873, tilh.  
 Melabraut 43, Seltjarnarn. sími 24735, skráður eigandi bifr.  
G-9841, Chevrolet Chewell, smíðaaár 1967, litar blágrænn.

Kristján sagðist hafa haft stöðvarleyfi, en lítið hafa ekið.

Kristján sagðist hafa unnið hjá Reykjavíkurborg, s.l. 3 ár, og lítið hafa ekið í leiguakstrinum, enda bifreið hans þá orðin léleg. Hann sagðist hafa selt bifr. og lagt inn leyfið í júní 1975. Kristján sagðist ekki minnast þess, að hafa komið til Sandgerðis í nóvember 1974 og ekki vita hvar grjót-námið þar er.

Auk manna þeirra, sem um getur, hefi ég talað við marga leigubílstjóra, bæði á bílastöðvunum í Hafnarfirði og eins í Reykjavík, en án árangurs.

Ivar Hannesson  
Löggreglum.

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Ivar Hannesson". Above the signature, there is printed text identifying the person.


## Bifreiðastjórar hjá Bílastöð Hafnarfjarðar 1/1 1975.

910184

Ágúst Stefánsson.....	Stettahrauni 32.....	G-1391
Eiríkur Guðlaugsson.....	Hagaflót 3.....	G-622
Garðar Gislason.....	Mávahruani 19.....	G-1695 ✓
Gíslim Jónsson.....	Svöluhrauni 12.....	G-4151 ✓
Gunnar Ísliefsson.....		G-2704 ✓
Hólmgei Júlíusson.....	Alfaskeiði 52.....	G-1540 ✓
Ingvi Jóhamnson.....	Hringbraut 34.....	G-190 ✓
Jóel Hreiðar Georgsson.....	Mávahrauni 17.....	G-2146 ✓
Jón Gestsson.....	Smyrlahrauni 20.....	G-136 ✓
Jón Kristinnsin.....	Smyrlahrauni 50....	G-1480 ✓
Kristinn Magnússon.....	Nönnustigl.....	G-8790 9430 ✓
Kristinn Þorsteinsson.....	Öldugötu 37.....	G-22 ✓
Kristjörn Sveinsson.....	Grænukinn 12.....	G-1490 ✓
Magnús Kristinsson.....	Arnarhrauni 14.....	G-1010 ✓
Óli Haraldsson.....	Heiðarlund 21.....	G-4123 ✓
Óskar H. Auðumsson.....	Heiðvangur .....	G-470 ✓
Omar Egilsson .....	Alfaskeiði 42.....	G-8750 ✓
Reynir Bjarnasson.....	Hjallabraut 15.....	G-4331 ✓
Theóðór Einarsson.....	Brökkugötu 20 .....	G-2755 ✓
Kjartan Andresson.....	Asparfell 8.....	G-6425
Valgarð Sigmarsson.....	Flókagötu 7.....	G-1405 ✓
Þórir Ólafsson.....	Tunguveg 6 .....	G-7744 ✓

Hafnarfirði 11/3 1975.

F. h. Bílastöð Hafnarfjarðar.



Garðar Gislason.

R-2179 9430

Til bifreiðaeftirlitsins f Hafnarfirði.

Eftirtalin númer voru skráð á atvinnubíla hjá Nýjubílstöðinni um áramótin 1974-75:

✓ G-1641

✓ G- 386

✓ G- 251

✓ G- 505

✓ G- 250

✓ G-6789

✓ G- 245

✓ G-1228

✓ G-1102

✓ G-1505 r

✓ G- 75

✓ G-1310

✓ G-1809

✓ G- 10

✓ G-3505

✓ G-1032

*186*  
Virðingarfyllst

f. h. Leigubíla h/f

*Hljóðspássjónarpríðarinn*

1975

Reykjavík.

Leiðubif. f. -

8-153-255-842 √ 816-948-1724-1529  
 2924-2943-3061-3801-4614-6150-6677-  
 6950-6997-774-3761-9019-9216. 9841  
 533-2228.

Kennslubif. f.

578-835-995-1017-1377-1725  
 186-312-2814-701-124-525-1612  
 5740-6165

Vimur Adalstaðir Keflav. -383-979.

69-

ÁÐUR MERKT

NÝR

BIFR. FYRST SKRÁÐ

/ 19

G 1010

NÚ MERKT

Skrásetningardagur og ár

23 18 1974

Nafn eiganda, staða og heimili

Tegund *Chevrolet Nova '74**Magnús Heistinsson 6271-  
Arnarhólastræti 14 Hafn. 2554*Fólksb.  
Vörub. Verksm.nr.

1X69D4W152103

Vélarnr.

Hestorkutala vélar 100 SPK

Breidd bifreiðar m 1.86

Litur

*Grønn legrab.*

Eigin þyngd bifreiðar kg 1474

Frhj.st. E78x14 Afthj.st. do

Frás kg Aftás kg Hlass kg

Heildarþyngd bifr. með hlassi kg

Innl. Útt. Innl. Útt.

Tala farþega 5:2

Vátr.upphæð kr. 6000 þús.

Vátryggingafélag 45/Samv. fr.

8-73-2X10000 PH

ÁÐUR MERKT

Nýr / USA

BIFR. FYRST SKRÁÐ

/ 19

G 1809

NÚ MERKT

Skrásetningardagur og ár

22 / 2 19 74

Nafn eiganda, staða og heimili

Tegund 110/7

Chevrolet Nova 1974

Sigurður Stefánsson

7404-4261

Fólksb.  
Vörub. Verksm.nr.

1X69D4W152103

Vesturbraut 22 Hafnarfirði

Vélarnr.

Hestorkutala vélar 100

Breidd bifreiðar m 1.86 *legrabifr.*

Litur Rauður

Eigin þyngd bifreiðar kg 1478

Frhj.st. E78x14 Afthj.st. sama

Frás kg Aftás kg Hlass kg

Heildarþyngd bifr. með hlassi kg

Innl. Útt. Innl. Útt.

Tala farþega 4:1

Vátr.upphæð kr. 3000 þús.

Vátryggingafélag 45/Samv. fr. 1878

8-73-2X10000 PH

17.76

ÁÐUR MERKT

Nýr

BIFR. FYRST SKRÁÐ

/ 19

351

G 69

68

NÚ MERKT

Ø-4021

Skrásetningardagur og ár 5 / 9 19 72

Tegund: 110/ Chevrolet Chevy Nova #72

Fólkssb.  
Vörub. Verksm.nr. 1X69D2W389639

Vélarnr.:

do

Hestorkutala vélar:

110

Breidd bifreiðar m:

184

Litur:

Grænn

Eigin þyngd bifreiðar kg: 1370

Frhj.st. /78x14

Afthj.st.

do

Frás kg

Aftás kg

Hlass kg

Heimildarþyngd bifr. með hlassi: kg

Innl.

Útt.

Innl.

Útt.

Tala farþega:

5n

Vátr.upphæð kr.

þús.

Vátryggingafélag:

Samvinnutr 1186434/vp

ÁÐUR MERKT Nýr USA

BIFR. FYRST SKRÁÐ

/ 19

G 842

NÚ MERKT

7/4.75

R-48271

Skrásetningardagur og ár

18 /3 19 74

Nafn eiganda, staða og heimili

Tegund 110/7 Chevrolet Nova 1XX69 1974

Birgir Sigurbjörn

1130-2319

Fólkssb.  
Vörub. Verksm.nr. 1X69D4W152300

Sunnuhlíð,

Vélarnr.

Mosfellssveit

Hestorkutala vélar 100

Breidd bifreiðar m

1.86

leigjublir  
ab 2/3 75

Litur Gold

Eigin þyngd bifreiðar kg 1478

Frhj.st. E78x14

Afthj.st. sama

Frás kg

Aftás kg

Hlass kg

Heildarþyngd bifr. með hlassi kg

Innl.

Útt.

Innl.

Útt.

Tala farþega 5:2

Vátr.upphæð kr.

3.000 þús.

Vátryggingafélag 35/Hagtr. BA-24229

ÁÐUR MERKT	nýr		355	17/16
BIFR. FYRST SKRÁÐ	/ 19	G - 190	NÚ MERKT	1 - 4720
Skrásetningardagur og ár	17/1 1974		Nafn eiganda, staða og heimili	
11o Tegund CM Chevrolet Nova 1xx69		Ingvi Jóhannesson	4802-7202	
Fólkst. Vörub. 7 Verksm.nr. 1x69D4W152404		Hringbraut 34, Hafnarfirði.		
Vélarnr. do.				
Hestorkutala vélar 100				
Breidd bifreiðar m 1.86	<i>kennslu bíl eigub.</i>			
Litur Beige				
Eigin þyngd bifreiðar kg 1478				
Frhj.st. E78x14 Afthj.st. do.				
Frás kg Aftás kg Hlass kg				
Heildarþyngd bifr. með hlassi kg		Innl.	Útt.	Innl.
Tala farþega 5:2				Útt.
Vátr.upphæð kr. 3 þús.				
Vátryggingafélag 15/Alm.tr. U-Uo7052				
9-73-2X10000 PH				

ÁÐUR MERKT	Nýr			
BIFR. FYRST SKRÁÐ	22 / 6 19 73	G 1032	NÚ MERKT	1 - 9576 27
Skrásetningardagur og ár	22/ 6 19 73		Nafn eiganda, staða og heimili	<i>Hagin</i>
11o Tegund GM Chevrolet Nova 1xx69 "73		Sævar Hannesson	(8837- 6838)	
Fólkst. Vörub. Verksm.nr. 1X69D3W250901		Hraunprýði, Garðahreppi		
Vélarnr.: do				
Hestorkutala vélar: 100 SAE	<i>100 SAE</i>			
Breidd bifreiðar m: 1.84				
Litur: Orange				
Eigin þyngd bifreiðar kg: 1408				
Frhj.st. E78x14 Afthj.st. do				
Frás kg Aftás kg Hlass kg				
Heimildarþyngd bifr. með hlassi: kg		Innl.	Útt.	Innl.
Tala farþega: 5:2				Útt.
Vátr.upphæð kr. 3 millj þús.				
Vátryggingafélag: 35/Hag.tr. 11484.				
5-72-2X5000 PH				

ÁÐUR MERKT

R-34625

BIFR. FYRST SKRÁÐ

06 / 04 1967

956

G 9841

NÚ MERKT X- 786

Skrásetningardagur og ár

28 / 10 1974

Nafn eiganda, staða og heimili

110  
Tegund

Chevrolet Cheweeel 67

Kristján kristjánsson 5869-8873

Fólkst.  
Verksm.nr.

135697K 111984

Melabréðtur 43

Vélarnr.

sama

Hestorkutala vélar

140

Breidd bifreiðar m

1.90

leigubifr

Litur

blægmenn

Eigin þyngd bifreiðar kg

1.360

Frhj.st.

Afthj.st.

Frás kg Aftás kg Hlass kg

Innl. Útt. Innl. Útt.

Heildarþyngd bifr. með hlassi kg

Tala farþega

5.?

Vátr.upphæð kr.

6000 þús.

Vátryggingafélag

50/S 102729

9-73-2X10000 PH

ÁÐUR MERKT

Nýr

356

G 9430

NÚ MERKT

R-5725

BIFR. FYRST SKRÁÐ

/ 19

Skrásetningardagur og ár

30 / 7 19 74

Nafn eiganda, staða og heimili

110  
Tegund Chevrolet Nova

'74

Kristinn Magnússon 5822-8036

Fólkst.  
Verksm.nr.

1X69D4W264352

Nönnustíg 1 Hafnarfirði

Vélarnr.

sama

Hestorkutala vélar

400 SAE

Breidd bifreiðar m

1.86

Litur

Grænn

Eigin þyngd bifreiðar kg

1474

unika bifr. f. 11.71

Frhj.st.

E78x14 Afthj.st.

d

Frás kg

Aftás kg

Hlass kg

Innl. Útt. Innl. Útt.

Heildarþyngd bifr. með hlassi kg

Tala farþega

4:1

Vátr.upphæð kr.

6000 þús. 1020021

Vátryggingafélag

45/Samvtr.

9-73-2X10000 PH

31/12/96

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

Reykjavík 13. des. 1976.

I dag kl. 12:30 er mætt til yfirheyrslu í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, Erla Bolladóttir, núverandi gæslufangi, fædd 19/7 1955, nafnnr. ~~242~~ 2147-0929.

Mættu er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar. Gætt er ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og áminnt um sannsögli skýrir hún svo frá: Æg vil nú skýra frá því þegar ég ók Sævari og Kristján með lík Geirfinns frá Grettisgötu og austur í Rauðhóla.

Aðdragandinn að þessu ferða lagi var sá að ég ók á Land-róver jeppanum að Bergþórugötu, þar sem Bjarni Þór gerði við benzingjöf bifreiðarinnar og man ég að þá var Sævar í kápunni, sem ég hafði gleymt í V.W. fólksbifreiðinni í Keflavík að kvöldi þess 19. nóv. 1974. Æg held að Sævar hafi skilið kápuna eftir heima hjá Bjarna, þegar við vorum þar, en það var eftir kvöldmat, sem við vorum og held ég að það hafi verið á fimmtudagskvöldi freka en á föstudagskvöldi, en í sömu viku og við fórum til Keflavíkur.

Frá Bjarna fórum við að heimili Kristján Viðars að Grettisgötu 82, en þar sagði Sævar mér að aka bifreiðinni aftur á bak inn í húsasund og kom með bifreiðina að kjallaradyrum sem þar eru. Eftir að ég var búinn að aka bifreiðinni að dyrunum eða garðhliðunu þá fórum við Sævar inn í húsið um kjallaradyrna og fórum upp í íbúð Kristjáns, þar sem hann var. Sævar og Kristján fóru þá saman út úr íbúðinni og sögðu mér að bíða, sem ég gerði og var ég þá ein í íbúðinni.

Eftir nokkra stund kom Sævar aftur í íbúðina og sagði mér að koma og fórum við þá út í bifreiðina og var Kristján þá í aftursæti hennar. Æg settist undir stýrir bifreiðarinnar en Sævar í hægra framsæti hennar.

Æg tók þá eftir því að mjög vond lýkt var í bifreiðinni, eins og af úldnu kjöti og spurði ég þá Sævar að því af hverju þessi lykt væri. Hann svaraði því ekki á annan hátt, heldur en þann að hann snéri út úr fyrir mér.

Því næst var ekið af stað og sagði Sævar mér að aka eitthvað austur og aka varlega. Þegar ég kom inn í bifreiðina þá sá ég að eitthvað lá á gólfí bifreiðarinnar aftur í og líktist það mannslíkama og var innpakkað í tau. Komið var við á benzin

að ég held ESSO í Artúnshöfða, þar sem ég stöðvaði bifreiðina á planinu skammt frá benzinafgreiðslunni. Sævar fró þar út út bifreiðinni og tók brúsa, sem var aftur í bifreiðinni og fór með hann og keypti benzin á hann. Þetta var brúsi með haldi og tappa þar við hliðina og held ég að hann taki ca. 5 lítra. Brúsi þessi var úr blikki og með einhverri áletrun, sem ég man ekki hver var.

Frá benzinstöðinni ók ég sem leið lá austur og þegar ég koma að afleggjaranum, sem liggar að Rauðhólum, þá sagði Sævar mér að aka inn á afleggjarann. Ég ók síðan samkvæt fyrirsögn Sævars inn í Rauðhóla og held ég að ég hafi farið fyrsta afleggjar til hægri inn í Rauðhólanna. Ég ók yfir einhverjar ójöfnur og stöðvaði síðan bifreiðina, þar sem Sævar sagði mér að stoppa.

Þar fóru Sævar og Kristján út úr bifreiðinni og tóku með sér eina skóflu og eitthvað annað verkfæri, sem ég man ekki hvað var. Þeir byrjuðu þá að garfa gryfju eða gröf, sem var ca. 2 m að lengd og hné djúp. ~~Eftir~~ Eg sat fyrirst í bifreiðinr en þorði því svo ekki og fór út og stóð hjá ~~þeim~~<sup>bifri</sup>, þegar þeir grófu gröfina. Ég þorði ekki að vara í bifreiðinni, þar sem ég var þá alveg viss um að það var lík af manni í bifreiðinni, og fór því út.

Eftir að þeir voru búrir að grafa gröfina, þá fóru þeir að burðast með líkið úr bifreiðinni og settu það ofan í gröfina. Þá sótti Sævar benzínbrúsann í bifreiðina og fór með hann að gröfinni og helti benzíninu yfir líkið. Síðan kveikti hann í eldspítu og ~~kastaði~~ henni ofan í gröfina. Mikill eldur kveiknaði þá strax og stóðu eldtundur upp í loftið. Gífurleg ólykt kom frá gröfinni og var hún eins og af úldnu kjöti sem brennt er og var mikil sviðalykt frá henni. Þegar þeir burðuðust með líkið í gröfina virtist mér það vara í eðlilegri stærð, en eftir að búið var að kveikja í þá herptist það saman.

Eldurinn logaði í gröfinni nokkra stund, en eftir að hann var sloknaður fóru Kristján og Sævar að moka ~~ni~~ ofan í gröfina, það sem þeir höfðu áður mokað upp og var það möl. Ég fór þá in í bifreiðina á meðan þeir mokuðu og þá sá ég Kristján og Sævar, þar sem þeir voru að felta stórum steinum ofan á gröfina.

Sævar og Kristján komu síðan í bifreiðina og þá sagði Sævar að nú værin þeir lausir við þetta og átti hann þar við líkið og málid allt saman og tók Kristján undir það. Ég ók smáðan af stað til, Reykjavíkur og þá sögðu bæðir Sævar og Kristjá að ég

mætti ekki segja frá þessu, alveg sama hver spyrði mig.  
Aður en við fórum frá Rauðhólum þá hafði Sævar sett benzín-brúsan í bifreiðina.

Eg ók að Grettisgötu 82, þar sem Kristján fór úr bifreiðinni en síðan fórum við á Hjállaveg og var þá klukkan ca. 01:00 eða 02:00. Eftir að við komum á Hjallaveg þá ítrekaði Sævar það við mig að ég mætti ekki segja frá þessu og ef einhver spyrði mig þá ætti ég að segja að Klúbbmenninnir væru við þetta riðnir, og einnig Einar bróður minn, en Sævari var mjög illa við Einar og var ég einnig reið út í ~~hann~~. Þessi líkflutningur átti sér stað þann 21. nóv. 1974 eftir kvöldmat og var þá mikil myrkur, en þurrt veður.

Nokkrum dögum eftir þetta, að ég held eftir næstu helgi, þá vorum við stödd að Grýtubakka. Sævar lagði þá enn áherslu á það við mig að égmætti ekki að segja frá ~~þessu~~ því sem gerst hefði og átti þar við atburðinn í Keflavík og í Rauðhólum. Hann tók það fram að það væri alveg sama hver spyrði mig um það ég ætti altau að segja að það væru Klúbbmenninnir, sem stæðu á bak við þetta. Sævar sagði einnig að þetta hefði allt faraið út um þúfur, þar sem ~~þessu~~<sup>hann</sup> hefðim tekið vitlaus mann. Það mundi ég eftir því að Sævar hafði aður en við fórum til Keflavíkur talað um einhvern Geira og er ég viss um að það var í sambandi við þennan ~~ma~~ atburð í Keflavík. Eftir að Sævar sagði að allt hefði farið út um þúfur og hann hefði tekið vitlaus mann, þá var ég viss um að Geiri, sem Sævar hafði talað um var einhver annar en Geirfinnur.

Pennan sama dag fór ég ásamt Sævar heim til Kristjáns að Grettisgötu og var þá farið að skyggja. Þar voru þá fyrir Kristján Viðar og Guðjón. Þar sögðu Sævar og Kristján, Guðjóni frá því að þeir hefðu brennt líkið, en ekki man ég hvort þeir töluðu um að það væri í Rauðhólunum. Mér virtist Guðjón taka því sem sjálfsögðum hlut. Þá komu Kristján, Sævar og Guðjón sér saman um það að ef þeir skyldu verða spurðir um Geirfinnsmálið, þá skyldu þeir segja eða nefna í því sambandi Klúbbmennina. Sævar spurði mig þá að því hverjur væri með í þessari Klúbbklíku og sagði ég honum þá að það væru Jón Ragnarss. Valdimar Ólsen, Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson, Ásgeirr Hannse Eiríksson, Einar Bollason, en ég hefði ~~séð alla þessu~~ heima hjá Valdima Ólsen á þeim tíma sem ég var með Huldu, systir Valdimars.

Sævar bætti þá við nöfnum Guðlaugur Bergmann, Jósafat Arngrímsson og Rolf Jóhannsson.

Guðjón, Sævar og Kristján voru allir hræddir um að ég myndir segja frá þessu og það gerði mig smeika við þá og reyndi ég að sannfæra þá um það að ég myndi ekki segja frá þessu.

Pegar að ég kom heim frá Kaupmannahöfn, þá ók ég Sævari í Rauðhóla og var ég þá á Rambler fólksbifreið, sem ég átti. Þetta var um vorið 1975 og tel ég víst að hann hafi verið að kanna hvort nokkur ummerki sœust eftir verknað þeirra Kristjáns og hans. Ég hef nú skýrt lögreglunni frá því hvert ég ók þá í Rauðhóla og er það satt og rétt og tel ég að við höfum ekið sömu leiðina þá og þegar við fórum með líkið og það var brennt, en ég treisi mér ekki til að benda nákvæmlega þá pann stað, þar sem það var myrkur. ~~Þar~~ sem gröfin var grafin, var í kantinum á stórum hól og voru stórir steinar þar nálægt fleirri heldur en þeir veltu yfir gröfina.

Varðandi sendibifreiðina, sem kemur við sögu í þessu máli vil ég geta þess að hún var mjög svipuð bifreið þeirri, sem ~~Sigurður~~ Ottar Hreinsson, frændi Kristjáns Viðars, var á þegar hann flutti fyrir mig húsgögnin frá Álfheimum á Hjallaveg í ágúst 1974. Ekki sá ég ~~ég~~ ökumann sendibifreiðarinnar á Vatnsstíg eða í Dráttarbrautinni og get því ekki sagt til um það hvort það var Sigurður Ottar eða einhver annar. Ég vil geta þess að Sigurður Ottar var mikið með Sævari og Kristjáni á þessu tímabili, allavæga í októbermánuði. Bifreiðin sem Sigurður var á var af Tegundinni M. Benz sendibifreið ljós að lit og ók hann bifreiðinni frá einhverfi sendibifreiðarstöð í Borgartúni.

Erla var ítrekað spurð hvort hugsanlegt væri að hún hefði aðfaranótt 20/11 1974 dvalið ~~á~~ einhverju heimili í Keflavík. Erla ~~sæpar~~ því afdráttarlaust neitandi.

Erla segist fullkomlega viss um það að sendibifreið hafi verið í Dráttarbrautinni og lítill bátur eða trilla hafi verið þar við bryggjuna.

Erla var sérstaklega spurð um það, hvort hún hefði heyrt það að Geirfinni hefði verið boðnir peningar til þess að þegja yfir einhverju, talsvert áður en Keflavíkurferðin var farin.

Erla heyrði ekki ~~tí~~ talað um að honum hafi verið boðnir peningar, fyrr en í bifreiðinni á leiðinni til Keflavíkur.

Það sem ég hef nú sagt er sannleikanum samkvæmt og  
hef ég nú skýrt frá öllu því, sem ég man eftir í máli þessu  
í skýrslu dags. 12/12 1976 ~~og~~ svo og í þessari skýrslu.

Yfirheyrslu lauk kl. 16:56.

Upplesið, staðfest.

Erla Bolladóttir

Erla Bolladóttir.

Vottur:

Pétur Eggerz.

Sigurbj. V. Eggerz.

lögreglum.

13. des. 1976.

Þá er á mættur í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar í Rvk, Sigurður Óttar Hreinsson iðnnemi, til heimilis að Kleppsvegi 4 hér í borg, fæddur 25. 3. 1956 í Rvk., nnr., 7871-7602.

Sigurður Óttar er að læra bifreiðasmíði í Bílasmiðjunni Kyndli að Súðarvogi 36 hér í borg.

Hann er mættur hér sem vitni og eftir að honum hefur verið gerð ljós vitnaskyldan og tilefni yfirheyrslunnar, en það eru athafnir hans síðari hluta árs 1974, þá skýrir hann frá eftirfarandi: Um sumarið 1974 starfaði ég við akstur sendibifreiðar, af Sendibílastöðinni h/f hér í borginni. Eigandi bifreiðarinnar var Jón P. Waltersson til heimilis að Hjarðarhaga 17 hér í borg. Þetta var sendibifreið af tegundinni Mercedes-Benz, típa 608, að mig minnir árgerð 1971, gul að lit og frambyggð. Ekki man ég fyrir víst hversu lengi ég ók þessari bifreið, en ég held ég hafi verið við akstur hennar í júnímánuði og júlímaðuði 1974.

Frá því, að ég hætti akstri sendibifreiðarinnar og fram undir jól, starfaði ég ekkert, í það minnsta ekki svo ég muni. Um tíma á þessu tímabili var ég lasinn og lá rúmfastur og var undir læknishendi.

Ekki man ég fyrir víst hvenær það var, en ég held það hafi verið í ágústmánuði 1974, sem ég flutti heim til frænda míns ~~þegarinnar~~ Kristjáns Viðars Viðarssonar og ömmu okkar að Grettisgötu 82. Þar hélt ég svo til, að mig minnir fram undir eða fram yfir jól.

I ágúst fór ég nokkrum sinnum með beim Kristjáni Viðari og Sævari Ciesielski að veiða fisk í ~~Elliðavatni~~ hér í nágrenni borgarinnar. Meðan ég dvaldi parna á Grettisgötunni, þá var töluverð óregla á Kristjáni Viðari og allskonar ~~lang~~ lausungalyður umgekkst hann. Um tíma á þessu tímabili var Kristján Viðar að ~~nestu~~ að Laugavegi 32; ég held hann hafi verið þar einhverskonar húsvörður. Hann kom þó oftast heim á Grettisgötuna á nóttinni.

Síðari hluta árs 1974 fór ég í skemmtiferð til Mallorka. Ég held ég hafi farið 26. eða 27. september eða október og tók ferðin 3 vikur. Ég vann þessa ferð í happadrætti, sem íþróttafélagið Grótta efndi til. I þessari ferð kynntist ég

manni að nafni Guðmundur Magnússon, sem hafði með að gera bílaleiguna Geysi, sem er í eigu sömu aðila og tískufataverslunarinnar Karnabæjar. Ekki man ég fyrir vist hvenær ég kom úr Mallorka-ferðinni, en það var ~~xix~~ annaðhvort um miðjan október eða um miðjan ~~xx~~ nóvember. Eftir það fór ég að umgangast Guðmund tölувert mikið. Ég hjálpaði honum við eitt og annað í bílaleigunni og fekk í staðinn lánaða bifreið hjá honum í staðinn endurgjaldslaust. Ég heimsótti Guðmund einnig nokkuð oft. Skömmu fyrir jólin fór ég svo að vinna við afgreiðslustörf í Karnabæ og var við þau í ca. <sup>1-2</sup> ~~xx~~ vikur.

Ég hef ~~ég~~ hér verið spurður um athafnir mínar þann 19. 11. 1974 og aðfararnótt þess 20. Ekki man ég sérstaklega eftir þessum degi eða nóttninni, en eitt er ég alveg ~~væk~~ viss um, að ekki fór ég þá til Keflavíkur. Ég hef nokkrum sinnum, sennilega um 10 sinnum komið til Keflavíkur, en aldrei í Dráttarbrautina þar, enda aldrei átt þangað erindi. Ég minnist þess ekki, að ég hafi nokkurn tímann ekið einu eða öðru í sendibifreið fyrir Kristján Viðar, Sævar eða Erlu Bolladóttur. Mig rámar í, þegar ég hef verið mynntur á það, að ég flutti einhvern tímann eitthvað dót fyrir Erlu í hús við Hjallaveg, Ég held hún hafi verið að flytja búferlum, en ekki var búslóðin mikil. Hvort ég framkvæmdi þetta á sendibifreið, eða á Ford-Mustang fólksbifreið, sem ég átti, það man ég ekki. Ég tel þó sennilegara, að það hafi verið Mustanginn. Ég fekk að vísu oftar en einu sinni lánaða sendibifreið hjá Jóni eftir að ég hætti að aka fyrir hann, en ég minnist þess aldrei að hafa ~~æ~~ notjað slíka bifreið eitthvað í þágu þessa fólks.

Mér hefur hér verið bent á, að Sævar haldi því fram í skriflegri skýrslu, að ég hafi verið með sendibifreið í Dráttarbrautinn í Keflavík seint um kvöldið 19. 11. 1974, eða aðfararnótt þess 20. Þetta eru helber ósannindi, því eins og fram er komið, þá hef ég aldrei í Dráttarbraut Keflavíkur komið og aldrei ekið einu eða neinu í sendibifreið fyrir þá Kristján Viðar og Sævar, eða annanhvorn þeirra.

Ég vil leiðréttu það, ~~xxx~~ að ég hafi farið til Mallorka í september eða október, ég fór í september og kom heim aftur um miðjan október.

Yfirheyrla höfst kl. 17:20 og endaði kl. 22:30.

Vottur:

Ivar Hannesson

Upplesið, staðfest:

Sigurður Óttar Hreinsson

E. N. Þjóðus. Logr.m.

# Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

## Skýrsla

Priðjudaginn daginn 14.12. 1976'

Leikin af:

Kl. 11:00 er mættur í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar til yfirheyrsli Sigurður Óttar Hreinsson, fæddur ~~xxxx~~ 25. 3.56, Nafn nr. 7871-7602, til heimilis Asparteigur 2, Mosfellssveit. Þálarstaður Kleppsvegur 4, R.

Mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar Gætt er ákvæða l. mgr. 40.gr. laga um meðferð opinberra mála, áminntur um sannsögli skýrir mætti svo frá:

Eftir langan formala Eftir langar samræður

ætla ég nú að segja sannleikann. Ég man eftir því að ég vissu að símtal hafði átt sér stað í nóvember 1974 milli Kristjáns Viðars Viðarssonar og einhvers manns á kaffihúsínu Mokka. Ég veit ekki um hvað samtalið fjallaði. Ég man ekki dagsetninguna nákvæmlega, en það gæti hafa verið í kringum 19.11. Um kvöldið spurði Kristján V. Viðarsson mig, hvort ég gæti ekið sendiferðabifreið fyrir hann til Keflavíkur. Ég vissi ekki nákvæmlega erindið þangað hann ~~spurði~~ sagði að eins að ég ætti að sækja eitthvað þangað. Pennan dag havði' ég verið að stilla kúplinguna á gula Mercedes Benz sendiferðabílnum, sem Jón Þorvaldur ~~W~~alterson á. Kristján taldi míg á að fara þessa ferð og ég féllst á það. Nokkru eftir kl. 21:00 ók ég bifreiðinni' á Vatnsstíg og lagði honum vinstra megin (í átt að sjónum). Skömmu síðar kom Kristján Viðar Viðarsson að bifreiðinni og talaði við mig.

Grunaðir:

Settur í varðhald:

nEg var einn í bifreiðinni. Sævar var ekki viðstaddir þegar Kristján talaði við mig. Kristján sagði mér að ég ætti að aka til Keflavíkur og bíða fyrir utan bæinn (fyrir suðvestan). Ég ók af stað og stöðvaði hvergi á leiðinni. Ég sá enga aðra bifreið, sem ók beint á undan eða eftir mér. Þegar komið var út fyrir bæinn Keflavík beið ég í ca. 20 mínútur. Þá kom Kristján að bílnum og sagði að ég skyldi aka neðar. Þá ók ég bifreiðinni inn í Dráttarbrautina og ~~Xagði bílnum í~~  
lo-12 m fjarlægð frá bryggjunni (sneri við) og beið. Ég drap á vélinni og ljósunum. Eftir ca. hálftíma kom Kristján aftur að bifreiðinni og sagði: "Petta er allt í lagi það verður ekkert úr þessu, ~~þú~~ þú getur farið, þú veist ekkert um málið." Svar við

Spurningu Eg sá engan í Dráttarbrautinni nema Kristján.  
en ég heyrði mannamál því að rifa var á glugganum. Ég tók ekki eftir því hvort átök áttu sér stað ofar í Dráttarbrautinni.  
Ég tek skýrt fram að ég tók ekki þátt í neinum átökum.

Síðan ók ég bifreiðinni burt frá Dráttarbrautinni í átt til Reykjavíkur. Ég varð heldur ekki var við mannaferðir þegar ég ók í gegnum Dráttarbrautina, þó að ég hefði ljósin á. Ég sá heldur engan ~~þa~~ bíl. Ég nam aldrei staðar á leiðinni til baka og kom til Reykjavíkur um kl. 24:00. Ég ók heim til míni að Grettisgötu 82 og lagði bílnum hinum megin við götuna. Ég fór strax inn í húsið og fór að sofa. Ég held að það hafi verið komið undir morgunþegar ég vaknaði við það að Kristján kom inn í herbergið sem ég svaf í, hann sagði: "Halló", Þegar ég spurði hvað hefði skeð sagði hann, ekkert hefði skeð, að það væri hans mál og ég ætti ekki að skipta mér af því. Ég tek fram að á þessum tíma svaf ég oftast í sama herbergi og Kristján. Ég heyrði ekki hljóð í bíl um nóttina, ég tók ekki eftir að neitt væri flutt inn í kjallarann og Kristján sagði mér heldur ekkert frá því síðar.

Ég fór einn ferðina með sendiferðabílinn. Ég get svarið að engir aðrir menn voru með og ekki heldur Guðmundur Valdimarsson, fangavörður í Hegningahúsinu við Skólavörðustíg.

Svar við spurningu:

= Ég get ekki sagt með vissu nú, hvort ég fór til Keflavíkur 19.11.74, en ég er viss að það var um það leyti. Að þetta kvoð ~~Hugsaði~~ hefðu átt sér stað atburðir í sambandi við Geirfinn ~~xxxxxx~~ ~~xxxxxx~~ fyrir en síðar þegar búið var að taka Kristján fastan og blöðin skrifuðu um málið.

Eg tek skyrt fram, að mér var k ekki kunnugt um neitt áfengissmygl né að Geirfinnur átti hlut að máli áður en ég fór þessa ferð. Eg vissi ekki um neitt mér var aðeins sagt að fara. Eg gerði það ekki vegna peninga heldur eingöngu í vináttuskyni við Kristján.

Svar við spurningu:

Að eitthvað hafi verið falið í kjallara hússins nr. 82 við Grettisgötu um tíma tók ég ekki eftir og ég veit heldur ekki til þess að nokkrum dögum síðar hafi eitthvað verið flutt úr kjallara hússins. Mér er ekki kunnugt um að Sævar hafi sofið í íbúð Kristjáns um nóttina. A.m.k. ekki í mínu herbergi., hugsanlega gæti hann hafa verið í öðru herbergi.

Eg hef sagt allan sannleikann.


Upplesið staðfest

  
Sigurður Óttar Hreinsson

(  
Sigurbjörn Viðir Eggertsson

Pétur Eggerz, ambassador

Túlkup   
Auður Gestsdóttir

  
K. Schütz APr.a.D.

966 A

Kristjan byður mig inn að fá sendiferdabil  
til þess að flýta fyrir sig en hvern klut  
sem hann rennði ekki hvor væri.  
Eg spundit hvad það ~~muni~~ ver, hann  
svorði að eg skildi sjá það þegar að  
þriði komi. Hann nefndi ~~oppki~~ hvert þetta  
skildi flýast næð ~~veri~~ fyrir ~~síg eina~~  
~~ekki~~ eða eilfðver kunningja.

Eg byð jón um að láma með bilinum  
þegar veri ekki, notkun, dagin eftir.  
Hann svor ~~þrigjóskandi~~ svo frána lega  
hann sé ekki í motkum.  
Dagin eftir sáum það bil kl. 8-830  
á honum á grettinsgötu og skóleivöndustig  
og matadi líkiliðun og hafði sjálfsar  
eg ek síða miðun grettinsgötu miður  
fraktaстig og miður engan veg miður því  
Lauð 32. begi miðun ~~vass~~ gíg standa bilin, v. megin  
rett fyrir open 100N ~~það kann~~ Kristjan og Sigríð  
Mér að eg skuli fari til ~~þekktarhver~~ ~~þekktarhver~~

Eg spir hvað eg egi að gera þengur og hvort  
 eg egi fóra í kreflavíkinga. Hann sváar  
 að eg sái það vegar og kæmi þengur,  
 hann sagði einig að eg olli að keira  
<sup>(þar bið eg í sík, 10-20 minn)</sup>  
 krik ut á enda. Það kemur kristjan  
 og segir að eg egi að keira níetur undi  
 briggju eða bátalón og sunna bílmun undan  
 sín og drepa manntor og ljosum ~~þeim~~ <sup>og egerjóðum</sup> bílmundum  
 bil 30 minn. Það kemur kristjan og segir  
 að það verði ekbert í þessum  
 og eg aðeins bára farið. Þegun með þeim  
 fór eg.

Eg kom í boin um það bil 12 óð midnætti  
 til Reykjavíkur mig minni orð eg hafi  
 tekið alir á umferðarmiststöfum er  
 eg kemi boin.

~~Eg skrif hér ógrettins göttus~~  
~~Síði um morgunum innan~~

Eg fer síðan hein og fer að

Safa. Eg vaktu við að kristjan kemur  
 inn í hemborg. Eg spir hann afkvegu  
 að það hafi ekbert orðið súr þessum  
 flutningi þá svart; hann að það skipti  
 ekki náli og það var i hans mál.  
 Eg fór með bilin á sema stað kl. 8 um morguin

Miðvikudaginn 14. des. 1976 kl. 13,15 var lögregluskýrsla tekim í hegningarhúsínu v/ Skólavörðustig af gæslufanganum Kristjáni Viðari Viðarssyni f: 21/4. 1955 í Reykjavík.

Mætta er kynnt 1. málsgré. 40. gr. laga um meðf. opinberra mál.

Hann skýrir svo frá ámyntur um sannsögli: "Eg held að það hafi ~~xxx~~ 18/11. 1974 sem Sævar Ciesielski hringdi til míni og bað mig að útvega sendiferðabifreið til að fara suður í Keflavík daginn eftir til að ná í Spíra þangað suður eftir."

Kvöldið 19/11. hringdi ég í Sigurð Ottar Hreinsson að bað hann að koma þá um kvöldið suður í Keflavík og hitta mig í Drattarbrautinni þar. Hann ~~sagði~~ tekki vita hvar hún væri, en ég sagði að hann hlyti að finna hana. Ær við fórum svo frá Vatnsstignum þarna seinna um kvöldið þá var Sigurður Ottar komin ~~xx~~ á Mercedes Benz bílnum sem hann hafði áður ekið og fékk sundum lánað hjá eigandanum. Eg talaði eitthvað við hann og sagði honum hvert hann ætti að fara. Ekki man ég hvort Sævar talaði við hann.

Ekki man ég hvort ég sá mannþarna framm í bílnum þarna hjá honum en þarna var einnig annar sendiferðabíll á Vatnsstignum blár að lit. Hann stóð neðar í götunni.

Sigurður Ottar kvaðst ekki alveg viss um að hann kæmist til Keflavíkur þar sem hann þyrfti að gera eitthvað fyrst. Eg wissi síðan ekki neitt um hann fyrr en ég sá hann koma í Dráttabrautina í Keflavík eftir að atburðirnir sem þar gerðust voru um garð gengnir svo það er útilokað að hann hafi vitað hvað skeði þar.

Eg fór strax til hans er ég sá hann koma og sagði honum að þarna væri ekki neitt fyrir hann að gera. Þá var x eitthver strákur með honum í bílum. Eg veit ekki hvað hann heitir, en kannast við hann. Blái bíllinn sem ég hafði séð á Klapparstignum var fyrir í Dráttabrautinni er við komum þar, en hann fór í burtu og kom síðan aftur að ég tel, en ekki veit ég frekari deili á þeim bíl. Mercedes Benz sendiferðabíllinn er gulur að lit, gluggaháus á hliðum. Ekki man ég eftir að ég segði Sigurði Ottari hvað hann ætti að gera til Keflavíkur "nema að taka þar flutning".

Vottur: Yfirh. lauk 13,35.

Upplæið staðfest.

Jónas Bjarnason

J. Bjarnason  
Haf. Árnason  
Ranns.l.m.

Kristján Viðar Viðarsson

Kristján V. Viðarsson

14. des. 1976.

Kl. 16:20 er mættur í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Guðmundur Valdimarsson fangavörður til heimilis að Skólavörðustíg 9 hér í borg, fæddur 26. 10. 1945 í Rvk., nnr. 3114-1745.

Gætt er l. málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar.

Aðspurður og áminntur um sannsögli skýrir mætti frá eftirfarandi: Mér er kunnugt ~~m~~, að tilefni þessarar yfirheyrslu er það, að rannsóknarlöggreglan hefur grun um, að sendibifreið, sem ég ók síðast á árinu 1974 kunni að hafa verið í Keflavík kvöldið, sem Geirfinnur Einarsson hvarf.

Pví er til að svara, að ég ók sendibifreiðinni R-40045 (stöðvarnúmer 104) á Sendibílastöðinni h/f frá því um mótt máxseptember og október 1974 og fram um næstu áramót. Bifreið þessi var af gerðinni Mercedes-Benz, að mig minnir árgerð 1968 eða 1969, gul að lit og frambyggð. Öll var hún gulmáluð. Eigandi bifreiðarinnar var Jón P. Waltersson.

Þegar ég tók við bifreiðinni, þá sagði ég Jóni það, að ég myndi ekki viltja að aðrir ækju bifreiðinni meðan ég væri með hana og veit ég ekki til þess, að slíkt hafi komið fyrir. Á kyöldið og nóttinn og öðrum þeim tíma, sem ég var ekki við akstur bifreiðarinnar, þá lagði ég henni fyrir framan húsið heima, eða tengt því. Aldrei man ég eftir því, að nokkur hafa farið fram á það við míg að fá lánaða bifreiðina, utan það, að eigandinn ætlaði einu sinni að skipta við mig á bifreið, en því þverneitaði ég. Hitt er mögulegt, að bifreiðinni hafi verið stolið fyrir utan heima og þá skilað þangað aftur án þess ég tæki eftir slíku. Ekki var hægt að læsa dyrum bifreiðarinnar.

Jón átti tvær aðrar bifreiðar og hann annarri þeirra bifreiða yfirleitt sjálfur. Þetta voru einnig Mercedes-Benz sendibifreiðar, en með gluggum á hliðum. Önnur var hvít og rauð að lit, en hin gul og brún. Bifreiðin, sem ég ók, hafði aðeins framrúður og glugga í hliðardyrum.

Mjög lítið var um það, að bifreiðin bilaði þann tíma, sem ég ók henni. Þó man ég eftir því, að eitt sinn bilaði vatnsdæla og í annað sinn var gert eitthvað við rafkerfi bifreiðarinnar og ~~hekk~~ hemlar stilltir. Þetta hvorutveggja var framkævmt á bif-

eiðaverkstæðum. ~~Aðra~~ Annarra viðgerða þurfti ekki við á bifreiðinni meðan ég annaðist akstur hennar. Aldrei þurfti neitt að gera við eða stilla kúpainguna.

Ekki þekki ég þá ökumenn, sem óku þessari bifreið á undan mér í þjónustu Jóns, nema ég kannast við þann, sem var næstur á undan. Sá er kallaður Palli og var rótari hjá hljómsveit. Sigurð Óttar Hreinsson kannast ég ekkert við.

Ég hef hér verið spurður sérstaklega um það hvort ég kunni að hafa verið í eða á bifreiðinni í Keflavík að kvöldi þess 19. 11. 1974 eða nóttina á eftir. Því neita ég afdráttarlaust og mér er heldur ekki kunnugt um, að <sup>bar</sup> hafi bifreiðin getað verið á ferð á nefndum tíma án þess ég væri með í förinni.. Hafi bifreiðin til Keflavíkur komið ~~þess~~ fyrrnefnt kvöld eða nótt, þá hefur hún hreinlega verið tekin í heimildarlaysi og algjörlega án minnar vitundar. Að slíkt hafi skeð, tel ég afar ólíklegt.

Yfirheyrslu lauk kl. 18:15.

  
E. N. Bjarnason  
lögreglum.

Upplesið, staðfest:

  
Guðmundur Valdimarsson

Reykjavík 14. 12. 1976.

## Rannsóknarnefndin Reykjavík.

I dag hafði ég undirritaður tal við Jón Þorvald Waltersson til heimilis að Hjarðarhaga 17 hér í borg. Jón Þorvaldur er nú starfsmaður verslunarinnar Húsmunir við Hverfisgötu. Ívar Hannesson rannsóknarlöggreglumaður talaði einnig við Jón Þorvald.

Jón Þorvaldur staðfesti, að Sigurður Ottar Hreinsson hefði á sumrinu 1974 ekið sendibifreiðinni R-40045. Bifreið þessi er af tegundinni Mercedes Benz, árgerð 1971, gul (mjög ljós) að lit. Á þeim tíma var Jón Þorvaldur eigandi bifreiðarinnar og var henni ekið af Sendibílastöðinni h/f. Við akstri bifreiðarinnar af Sigurði Óttari, tók svo Guðmundur Valdimarsson, Skólavörðustíg 9 og var hann ökumaður hennar allan nóvember 1974.

Jón Þorvaldur tjáði okkur, að hann hefði oftar en einu sinni lánað Sigurði Óttari sendigifreið eftir að Sigurður Óttar hætti akstri hjá honum. Aðallega kvaðst Jón Þorvaldur hafa gert þetta vegna þess, að Sigurður Óttar vann ýmislegt fyrir hann í sambandi við viðhald sendibifreiða hans. Ekki gat Jón Þorvaldur með nokkrum móti sagt til um hversu oft hann hefði lánað Sigurði Óttari bifreiðina, eða hvenær. Hann sagði, að það hefði aitt eins getað hafa verið 19. nóv. 1974, eins og á öðrum tíma.

Að sögn Jóns Þorvalds, þá höfðu aldrei verið til lyklar að dyrum bifreiðarinnar meðan hún var í hans eigu og hægt hefði verið að gangsetja hana með ýmsum öðru, en lykli. Dyrum bifreiðarinnar hefði verið læst innanfrá, en síðan opnaðar með því að teygja hendi inn um hiðarglugga.

Af þessu mætti ætla, að Sigurður Óttar hefði getað tekið sendibifreiðina og skilað henni aftur á sama stað, án þess að sá, sem verið hefði ökumaður hennar á hverjum tíma, hefði orðið þess var.



E. N. Bjarnason  
lögreglum.

14. des. 1976.

Kl. 22:55 er mættur hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. í fangelsinu við Síðumúla, Sigurður Óttar Hreinsson þar fangi.

Gætt er l. málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mál og mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar, en hann kveðst nú vilja bæta við framburð sinn í málí þessu frá fyrr í dag og nokkru í honum breyta.

Aminnatur um sannsögli skýrir matti frá eftirfarandi: Eg hef áður skýrt eins náið frá ~~þírri~~ dagsetningunni, þegar Kristján Viðar ~~kem~~ bað mig að útvega sendibifreið til farar til Keflavíkur<sup>og ég get.</sup>, Hitt man ég nú, að ég og Kristján Viðar vorum ~~vorum~~ báðir staddir að Laugavegi 32, er hann bar þetta í tal við mig. Á þessum tíma, það er fyrrihluta vetrar 1974, þá kom ég nokkrum sinnum á Laugaveg 32, þar sem Kristján Viðar hélt að mestu til.

Um tilgang fararinna, eða um hvaða leiti kvöldisins ég kom á sendibifreiðinni á Vatnsstíginn, hef ég engu að breyta. Hitt er ekki rétt, að ég hafi verið að stilla kúplinguna í bifreiðinni. Í raun var það þannig, að ég kór til Jóns L. Walterssonar ~~með~~ í verslunina Húsmuni á horni Vitastígs og Hverfisgötu. Eg bað Jón um að lána mér bifreiðina og játti hann því svo framarlega, sem hún væri ekki í notkun og held ég, að ég hafi komið að málí við Jón daginn áður en ég purfti á henni að halda.

Ekki var um aðra bifreið að ræða, en þá, sem ég hafði þá sumarið áður ekið fyrir Jón. Mér var nú kunnugt um, að fangavörður myndi aka bifreiðinni og tjáði Jón mér, að bifreiðin myndi stada einhversstaðar í grend við Hegningahúsið ~~xíðxskékkartíðunni~~. Eg kór svo þangað kvöldið eftir samtalíð við Jón og reyndist bifreiðin standa í götunni milli Hegningahússins og þess Sparisjóðs Reykjavíkur og Nágrennis. Ekki purfti ég að hafa samband við ökumanninn, því sjálfur hafði ég lykil til þess að gangsetja bifreiðina, en dyr voru ólæstar, enda vissi ég, að þeim var ekki hægt að læsa. Af þessum stað ok ég svo bifreiðinni beinustu leið á Vatnsstíginn.

Á Vatnsstígnum kom Kristján Viðar til míð og talaði við mig. Æg man, að eitthvert fólk var þar í grenndinni, en hvort ég þekkti það eða ekki, það man ég ekki. Ekki man ég eftir neinum sérstökum bíl þarna. Kristján gaf mér fyrirmælin um að aka til Keflavíkur, eins og áður er fram komið. Þegar Kristján Viðar kom til míð í Keflavík, þá sagði hann mér að aka niður í Þráttarbrautina, niður undir bryggjuna, snúa afturenda bifreiðarinnar að bryggjunni, slökkvað ljósin, stöðva vélina og bíða. Æg gerði eins og hann lagði fyrir mig.

Ekki man ég nætt sérstaklega hvernig þarna var umhorfs, nema ég man eftir litlum trébát á landi. Hvort fleiri bátar voru, það man ég ekki og ekki tók ég eftir neinum bát á sjó.

Tarna sat ég í bifreiðinni og beið í ca. 30 mínútur. Þá kom Kristján Viðar til míð og virtist mér hann vera eitthvað miður sín og móður eins og hann hafi verið að koma af hlautum. Hann sagði mér, að ekkert 'yrði úr neinu og ég gæti farið heim. Ekki nefndi hann neitt hvað þetta neitt væri. Ekki sá ég neinar mannaferðir í Þráttarbrautinni, en aftur á mæti heyrði ég óljóst mannamál eins og nokkrir menn væru eitthvað að tala. Ekki heyrði ég orðaskil, því svo virtist, sem margir töluðu í einu. Annan hávaða man ég ekki eftir að hafa heyrt.

Æg ók hingað til borgarinnar beinustu leið og manð ég ekki betur, en ég hafi þá komið við hér hjá Umferðarmiðstöðinni og sett eitthvað af hráoliú á bifreiðina. Síðan ók ég að Grettisgötu 82 og lagði bifreiðinni gengt húsinu. Undir morgunn vaknaði ég við að Kristján Viðar var kominn og spurði ég hann þá hversvegna ekki hefði orðið neitt úr pessu í Keflavík og sagði hann þá, að ég skyldi ekki skipta mér af því, það væri hans mál. Rétt fyrir kl. 08:00 fór ég svo með bifreiðina á sama stað og ég hafði tekið hana.

